



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

Laugavegur blóði drifinn

Maður um þrítugt liggur þungt haldinn á gjörgæslu eftir líkamsárás á Laugavegi á laugardagsmorgun. Eigendur fyrirtækja við Laugaveg segja gangstéttir útataðar í blóði eftir helgarskemmtanir.

LÖGREGLA „Ég var að loka hjá mér þegar ég sá sjúkraflutningamenn taka manninn upp úr götunni á laugardagsmorgun. Svo þegar ég var á leiðinni heim á sunnudagsmorgun fór ég fram hjá því líkum blóðpollum skáhallt á móti veitingastaðnum Asíu að það var líkt og einhverjum hefði verið slátrað þarna,“ segir Gunnar Már Þránínsson, einn af eigendum Kaffi Oliver.

Þessi rúmlega þrítugi maður, sem Gunnar Már sá, slasaðist alvarlega um klukkan sjö á laugardagsmorgun eftir að hann var ráðist rétt fyrir utan gistiíbúðir á Laugavegi 18. Var hann fluttur þaðan á Landspítalann þar sem liggur á gjörgæslu. Manninum var enn haldið sofandi í öndunarvél



AF VETTVAÐI Gistiúsaeigandi segir Laugavegin verða að frumskógi um helgar þar sem menn eru barðir til óbóta.

þegar Fréttablaðið fór í prentun. Talið er að hann hafi slasast þegar hann skall með höfuðið í jörðina eftir árás.

Maður um þrítugt hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald fram

á miðvikudag. Að sögn lögreglunnar hefur árásarmaðurinn ekki áður komið við sögu vegna ofbeldismála. Nú er verið að rannsaka tildrög deilnanna og hafa þegar allnokkur vitni verið yfirheyrð.

Lögregla og sjúkraliðsmenn voru komnir á vettvang skömmu eftir að maðurinn slasaðist en að sögn lögreglu virtust menn ekki átta sig á því í fyrstu hve illa maðurinn var slasaður.

„Hér eru allar gangstéttir útataðar í blóði á morgnana þannig að maður veit að einhvern tímann hlýtur einhver að slasast illa í þessum djöfulgangi,“ segir Árni Einarsson, eigandi gistiíbúðanna.

„Eftir að myndavélarnar voru settar upp í miðbænum færast

þessi ólæti bara upp Laugavegin og nú er þetta orðið að frumskógi þar sem menn eru barðir til óbóta um hverja helgi og öskrin og lætin eru eftir því. Auk þess er tjón af þessu látum hreint skelfilegt. Bara um þessa helgi voru brotnar hér rúður fyrir 600 þúsund krónur,“ segir hann.

Árni segir dugleysi yfirvalda um að kenna að íbúar og fyrirtæki þurfi að búa við slíkt ástand og vill að veitingastaðir sem laða að sér svona ástand verði sviptir starfsleyfi. „Ef einhver kvartar yfir lýsilykt eða tillitslausum nágranna þá er strax brugðist við en ef um er að ræða veitingastaði þar sem borgarstjórnir drekka kaffið sitt þá fæst ekki rönd við reist.“ -jse

Jólin koma í Árbæjarsafn

Á jólasýningu safnsins geta ungir og aldnir rölt milli húsa og fylgst með undirbúningi jóla eins og hann var í gamla daga.

TILVERA 16

Söfnun fyrir vatni

Sá og sú sem kropsið hefur við læk í íslensku sveit og bergt af honum hefur fundið bragðið af sjálfri jörðinni eins og hún er óspillt og okkur gefin til varðveislu og nytja.

SKOÐUN 22

Leitin að paradís

Yfirgefin býli eru ofarlega í huga Tolla sem sést á nýopnaðri myndlistarsýningu hans.


MENNING 32

Magdeburg lá á heimavelli

Alfreðs Gíslasonar og lærisveina hans í þýska handboltaliðinu Magdeburg bíður erfitt verkefni í síðari leiknum gegn Barcelona eftir tveggja marka tap á heimavelli í gær.

ÍPRÓTTIR 40

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI SUNNAN TIL

en skýjað og stöku skúrir eða el á Vestfjörðum og fyrir norðan og austan. Hiti 0-5 stig með ströndum, hlýjast á Suðausturlandi.



OSLÓARTRÉÐ TENDRAD Lúðrasveit Reykjavíkur og Dómkórinn spiluðu og söngu við hátíðlega athöfn er kveikt var á jólátrénu á Austurvelli í gær. Hatt í fimm þúsund manns skemmtu sér ágætlega í góðu veðri.

FRÉTTABLAÐIÐ/CVA

Bókaútgáfan Edda:

Rangt handrit fór í prentun

BÓKAÚTGÁFA „Ég vísa þessum samsæriskeningum til föðurhúsanna sem hafðar hafa verið uppi um ástæðu þess að við förguðum þessum eintökum,“ segir Páll Bragi Kristjánsson, forstjóri Eddu.

Fjöl mörgum eintökum af bók Guðmundar Magnússonar um Thorsarana var fargað. Greint hefur verið frá því að það hafi verið gert þar sem í henni var kafli sem fjallaði um hjónaband núverandi eiginkonu Björgólfs Guðmundssonar og stofnanda Nasistaflokksins í Bandaríkjunum.

„Ástæðan fyrir því að við förguðum þeim er einfaldlega sú að þetta var ekki hið endanlega handrit höfundar þar sem rangt tölvuskjal hafði farið í prentun,“ segir Páll Bragi.

„Ég veit ekkert hversu mörg eintök þetta voru eða hvað þetta kostar fyrr en ég fæ reikninginn,“ bætir hann við. Gallinn kom í ljós áður en bókin fór úr prentsmiðju. -jse

Íraska leyniþjónustan kemur í veg fyrir stórfellt hryðjuverk:

Hugðust sprengja réttarsalinn

BAGDAD, AP Írösk yfirvöld skýrðu frá því í gær að þau hefðu flett ofan af samsæri uppreisnarmanna um að skjóta eldflaugum að dómssalnum þar sem réttad verður yfir Saddam Hussein í dag.

Í yfirlýsingu Mouwaffak al-Rubaie, þjóðaröryggisráðgjafa landsins, kemur fram að samtök sem kallast Herdeildir byltingarinnar 1920 hafi áformað árásirnar en leyniþjónustan hafi komist á snoðir um það. Ekkert kom fram um hversu margir hefðu verið handteknir.

Þá var ráðist að Iyad Allawi, forsætisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar sem var við völd þar til í janúar á þessu ári, þar sem hann var við bænir í hinni ginnheilögu Ali-mosku í Najaf. Sex



tylftir manna köstuðu að honum grjóti og skóm en slíkt þykir mikil óvirðing í Mið-Austurlöndum.

Allawi sagði eftir atburðinn í gær að augljóslega hefði átt að ráða hann af dögum eins og Abdul-Majid al-Khoei, hófsaman klerk sem myrtur var af æstum múg á sama stað í apríl 2003. Talið er að eldklerkurinn Muqtada al-Sadr hafi staðið fyrir þeirri árás en litlir kærleikar eru á milli þeirra Allawi eftir að sá síðarnefndi lét berja niður uppreisn al-Sadr í Najaf í ágúst í fyrra. -shg

İYAD ALLAWI Hann átti fótum fjör að launa þegar lýður lét skóm og grjóti rigna yfir hann í Najaf í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

JÓLALEST COCA-COLA KEMUR EFTIR

5 DAGA

Miðvikudagur Kópavogur / Ísland

591 3000



SPURNING DAGSINS

Stefán, voruð þið Roger að „bonda“?

„Roger Moore hefur einstakt lag á að ná til fólks og hann náði mjög sterkt til mín eins og fjölda annarra.“

Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, tók á móti Sir Roger Moore þegar hann kom til landsins en hann er velgjörðasendiherra UNICEF.



Á GRUNDARFIRÐI Nýjasta skip Guðmundar Runólfssonar tók niðri á Eyrarsundi.

Hringur í hremmingum:

Strandaði á Eyrarsundi

STRAND Skipið Hring SH 535 frá Grundarfirði tók niðri þegar það var á siglingu á Eyrarsundi á laugardag. Skipið var að heimleið eftir að hafa verið í slipp í Póllandi, að sögn Guðmundar Smára Guðmundsson, framkvæmdastjóra útgerðarinnar.

Skipið er það nýjasta í flota Guðmundar Runólfssonar hf. á Grundarfirði. „Við lentum á grynnningum úti fyrir Kaupmannahöfn. Þetta var bara minniháttar,“ segir Hinrik Reynisson, skipstjóri á Hring, og bætir við að áhöfnin hafi haldið ró sinni. Hann segir engar teljandi skemmdir hafi orðið og þeir sigli nú aftur heim á leið. Því hafi betur farið en á horfðist í þessum hrakförum. ■

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Bausmálsins eins og það hefði kosjó að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munn aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Dagur B. Eggertsson hugsanlega til liðs við Samfylkingu:

Íhugar alvarlega framboð

BORGARMÁL Dagur B. Eggertsson, óflokksbundinn borgarfulltrúi R-listans, íhugar alvarlega að bjóða sig fram fyrir Samfylkinguna í komandi borgarstjórnarkosningum. „Það var býsna fjarri mér að fara í framboð þegar Reykjavíkurlistinn ákvað að bjóða ekki fram aftur og sagði strax þá að ég gerði ekki ráð fyrir því að fara fram,“ segir Dagur en hefur áhyggjur af stöðunni eins og hún er í dag. „Það á frekar illa við mig að sitja með hendur í skauti og horfa upp á Sjálfstæðisflokkinn vinna óverðskuldaðan stórsigur,“ segir Dagur sem ætlar að gera upp hug sinn fyrir jól. Ef af verður ætlar Dagur að ganga til liðs við

Samfylkinguna þrátt fyrir að flokkurinn gangist fyrir opnu prófkjöri í vor þar sem óflokksbundnir geta tekið þátt.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar, fagnar þeim möguleika að Dagur gangi til liðs við flokkinn. „Við erum auðvitað mjög ánægð með að Samfylkingin dragi að sér atorkumikið og hæfileikaríkt ungt fólk,“ segir Ingibjörg og kveðst sjálf hafa hvatt Dag til að ganga til liðs við flokkinn. -sgj

EKKI LENGUR ÓFLOKKSUNDINN Ef Dagur tekur þá ákvörðun að bjóða sig fram til borgarstjórnarkosninga í vor, ætlar hann að ganga til liðs við Samfylkinguna.



CIA notar breska og þýska flugvelli

Flugvélar á vegum CIA virðast margoft hafa farið um breska og þýska flugvelli á ferðum sínum með grunaða hermdarverkamenn. Málið verður eflaust ofarlega á baugi í Evrópufer utaríkisráðherra Bandaríkjanna sem hefst í dag.

FANGAFLUG Þýskir og breskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að flugvélar bandarísku leyniþjónustunnar CIA hefðu ítrekað haft viðkomu á þarlendum flugvöllum. Condoleezza Rice heimsækir fjögur Evrópulönd í vikunni og má gera ráð fyrir að hún verði krafín svara um fangaflug og leynifangelsi í henni.

Í nýjasta tölublaði þýska vikuritsins Der Spiegel, sem út kemur í dag, er sagt frá því að flugvélar sem sagðar eru á vegum CIA hafi farið í 437 skipti um þýska lofthelgi og lent á flugvöllum í Berlín, Frankfurt og í bandarísku herstöðinni í Ramstein á árunum 2002 og 2003. Upplýsingarnar koma frá þýsku ríkisstjórninni eftir að Vinstriflokkurinn fór fram á að þær yrðu teknar saman. Ekkert kemur fram um erindi vélaanna eða hverjir voru um borð.

Þá er því haldið fram í breska blaðinu Mail on Sunday í gær að CIA hafi fengið ótakmarkað leyfi til lendinga á breskum flugvöllum. Máli sínu til stuðnings birtir blaðið myndir af þremur flugvéllum sem bendlaðar hafa verið við flutninga á grunuðum hryðjuverkamönnum, en myndirnar tóku flugáflugamenn á flugvöllum í Skotlandi í ár og í fyrra. Ein þessara véla er undir smásjá Evrópuráðsins vegna ásákana um að hún hafi verið notuð til slíkra flutninga. Önnur vélin hefur einnig verið ljósmynduð á alþjóðaflugvöllum í Kabúl í Afganistan. Blaðið segir breska varnarmálaráðuneytið engar skýringar hafa



RAMSTEIN Þýska vikuritið Der Spiegel heldur því fram að flugvélar á snærum CIA hafi í 437 skipti farið um þýska lofthelgi og lent á þarlendum flugvöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

gefið á ferðum vélaanna.

Evrópufer Condoleezza Rice, utaríkisráðherra Bandaríkjanna, hefst í Þýskalandi í dag en þá munu þær Angela Merkel kanslari hittast. Búið er við að ásakanir um fangaflug og leynileg fangelsi sem CIA á að starfrækja í Evrópu muni verða ofarlega á baugi en fram til þessa hafa bandarísk stjórnvöld ekkert tjáð sig efnislega um málið.

Stephen Hadley, þjóðaröryggisráðgjafi Bandaríkjaforsæta, sagði í viðtali á Fox-sjónvarpsstöðinni í gær að Rice myndi segja bandamönnum sínum að ríkisstjórn Bandaríkjanna standi ekki í flutningum á grunuðum hryðjuverkamönnum til landa þar sem þeir eru

pyntaðir. Í viðtali við CNN vildi Hadley ekki svara hvort CIA ræki leynifangelsi í Evrópu, aðeins að Bandaríkjameiri virtu fullveldi þeirra ríkja sem þeir ættu í samskiptum við.

Dagblaðið International Herald Tribune segir í grein á vefsíðu sinni í gær að stóra spurningin í öllum þessum umræðum hljóti að vera hversu mikla vitneskju stjórnvöld í umræddum ríkjum hafi haft um fangaflutninga og leynifangelsin. Því sé ekki víst að leiðtogar Evrópuríkjanna vilji þjarma of mikið að Bandaríkjamönnum því þá gæti um leið komið í ljós að þáttur þeirra í málinu sé meiri en þeir hafa hingað til haldið fram. sveinng@frettabladid.is

Skálmöld í Bangladesh:

Götubörn fundu sprengju

DAKKA, AP Tvö heimilislaus börn í leit að mat fundu tifandi tímasprengju undir einni rútunni á umferðarmiðstöð í Dakka, höfuðborg Bangladesh. Þau létu lögreglu vita sem lét aftengja sprengjuna.

Í borginni Mirzapore töldu menn sig hafa fundið sprengju í barnaskóla en í ljós kom að aðeins var um hvelhettur og tímastilli að ræða.

Ófremdarástand hefur ríkt í nokkrum borgum Bangladesh undanfarna viku en þrettán manna hafa látist í sprengjutilræðum sem talin eru vera á ábyrgð öfgasinnaðra íslamista. ■



Á LÍKBÖRUNUM Ættingjar Abduls Wasit, eins fimmenninnanna, virtu lík hans fyrir sér í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Háttsettur al-Káidaliði:

Ágreiningur um lát Rabia

WASHINGTON, AP Stephen Hadley, þjóðaröryggisráðgjafi George W. Bush Bandaríkjaforsæta, vildi ekki staðfesta að einn þeirra fimm manna sem féllu í árásum pakistanskrá hermannanna á fimmtudaginn sé Hamza Rabia, yfirmaður al-Káida í Pakistan.


Pakistanskir ráðamenn fullyrty í fyrradag að óbyggjandi sannanir væru fyrir því að Rabia hefði fallið í árásinni. „Á þessari stundu getum við ekki staðfest hvort hann sé dáinn. En sé það rétt eru það góð tíðindi í stríðinu gegn hryðjuverkum. Rabia er einn af vondu gaurunum,“ sagði Hadley í viðtali við Fox-sjónvarpsstöðina í gær. ■

LÖGREGLUFRETTIR

Slagsmál á Herðubreið Einn þurfti að gista fangageymslur lögreglunnar á Egilsstöðum eftir að óláti brutust út á dansleik í félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði. Rúða var brotin í íbúðarhúsi og ryssingar voru í bænum sem taldar eru tengast dansleiknum. Einn var tekinn grunaður um ölvunarakstur eftir dansleikinn. Minniháttar meiðslu urðu á fólk.

Órói í miðbæ Reykjanessbæjar Lögreglan í Reykjanessbæ þurfti að hafa nokkur afskipti af mönnum vegna ölvunar og slagsmála í miðbænum á aðfaranótt laugardags. Nokkrir hlutu skrámur og beinbrot. Lögregla handtók engan vegna slagsmálanna en tveir voru látnir sofa úr sér í fangageymslum.

SNILLDARTAKTAR!



Nýjasta bók Ians Rankin um lögreglumanninn John Rebus.

Enn einn snilldar-kriminn frá Ian Rankin!

Besta bók Rankins til þessa og það segir þó nokkuð!

- Observer

SKRUDDA

Eyjarslóð 9 - 101 Reykjavík
s. 552 8866 - www.skrudda.is

Farþegaþota kanadísks flugfélags nauðlendir í Keflavík:

Mikill viðbúnaður á vellinum

ÖRYGGISGÆSLA Milli 200 og 300 manns voru í viðbragðsstöðu í gær þegar Airbus 330 þota í eigu Air Canada nauðlenti á Keflavíkurlugvelli vegna bilunar í öðrum hreyfli vélarinnar.

Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurlugvelli, segir allan undirbúning hafa gengið snurðulaust fyrir sig en þegar tilkynnt var um bilunina klukkan þrjú í gær var allt sett á viðbúnaðarstig. Þá felur í sér að samhæfingarstöðin í Skógarhlíð mönnuð svo og aðgerðastjórnstöðin á Keflavíkurlugvelli og vettvangsstjórnstöðin auk þess sem björgunarsveitir og sjúkrahús eru sett í viðbragðsstöðu. Þrátt fyrir þetta var hættan á óhappi talin lítil.

Þotan var á leið frá Frankfurt í Þýskalandi til Toronto í Kanada.



ALLT GEKK VEL Þrátt fyrir skerta flughæfni þotunnar var ekki talin mikil hætta á ferðum við lendingu.

Lögreglan á Keflavíkurlugvelli taldi að hinir tæplega 300 farþegar og áhöfn þotunnar myndu bíða í flugstöðinni eftir að flugfélagið sendi þeim aðra vél til að flytja þá áfram til Toronto. -sgj



MIKILL VIÐBÚNAÐUR Lögregla og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var í viðbragðsstöðu í Straumsvík. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Toyota styrkir Mæðrastyrksnefnd

Ánægjan er okkar, þín og þeirra



© 2014 TOYOTA MOTOR CORP.

Lykill að gleðilegum jólum

Toyota vill veita öðrum hlutdeild í velgengni fyrirtækisins á árinu. Þess vegna liðsinnum við Mæðrastyrksnefnd með sérstökum hætti.

Með hverjum nýjum bíl sem við afhendum kaupanda á tímabilinu 21. nóvember til 20. desember gefum við þrjár jólagjafir til Mæðrastyrksnefndar: Matarkörfu, gjöf fyrir stúlku og gjöf fyrir dreng.

Að sama skapi hvetjum við önnur fyrirtæki og einstaklinga sem velgengni hafa átt að fagna á árinu að láta gott af sér leiða um jólin.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 2.12.2005

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur USD	63,51	63,81
	Sterlingspund GBP	109,76	110,3
	Eвра EUR	74,33	74,75
	Dönsk króna DKK	9,973	10,031
	Norsk króna NOK	9,38	9,436
	Sænsk króna SEK	7,883	7,929
	Japanskt jen JPY	0,5258	0,5288
	SDR XDR	90,12	90,66

Gengisvísitala krónunnar
105,105

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Heilbrigðisráðherra um 26 þúsund eingreiðslu til aldrara og öryrkja:

Sama reglan gildir um alla

INGREIÐSLA „Þetta er skattlagt eftir þeim reglum sem gilda um alla,“ segir Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra um frétt Fréttablaðsins í gær þar sem fram kemur að fjöldi aldraðra og öryrkja fái lítið sem ekkert til ráðstöfunar af þeim 26 þúsund krónum sem stjórnvöld höfðu heitið í samræmi við samninga á almenna vinnumarkaðnum. Ástæðan er sú að greiðslan er bæði skattlögð og skert vegna tekna og annarra skerðingarákvæða.

Jón segir sömu reglur gilda um alla sem fái þessa eingreiðslu og breyta hefði þurft skattalögum ef útkoman ætti að vera önnur. Hann



EITT GENGI YFIR ALLA Heilbrigðisráðherra segir að breyta hefði þurft skattalögum til að uppbót til aldraðra og öryrkja skilaði sér betur. Hins vegar heyrir það ekki undir hans ráðuneyti að breyta lögum.

vildi ekki tjá sig um þann útreikning Péturs Guðmundssonar, verkfræðings og fulltrúa í starfshópi sem fjallað hefur um kjör aldraðra, að ríkið fái 650 milljónir í skatta af eingreiðslunni.

„Ég hef ekki fengið þessar tölur upp á borðið og þarf að láta athuga það betur,“ segir Jón. Hann segir að það heyrir ekki undir hans ráðuneyti að breyta lögum um skatta. Hann segir samt sem áður nauðsynlegt að skoða málið betur enda sé framundan fundur samráðsnefndar ríkisstjórnarinnar og aldraðra þar sem þessi mál verði meðal annars rædd.

Hetja í sænsku ráðuneyti:

Vænd um móðursýki

SVIÐJÓÐ Embættismaðurinn, sem var á vakt í sænska utanríkisráðuneytinu þegar fréttirnar um flóðbylgjuna í Indlandshafi bárust á annan dag jóla í fyrra, hefur fengið uppreisn æru.

Á fréttavef Expressen kom fram í gær að Kerstin Melén var sú fyrsta til að fá fréttirnar. Hún lét yfirmann sinn strax vita og fékk þau svör að hún ætti ekki að vera svona móðursjúk.

Í úttekkt sem gerð var á slæglegum viðbrögðum sænsku ríkisstjórnarinnar og stjórnsýslunnar fær Kerstin mikið hrós en ríkisstjórnin er gagnrýnd harðlega fyrir söfandahátt og sein viðbrögð.



LEITAÐ AÐ LÆGSTA FARGJALDINU Vef Dohop er að finna á síðinni www.dohop.is.

CNN fjallar um Dohop:

Íslenskur vefur vekur athygli

UPPLÝSINGATÆKNI Á fréttavef CNN er að finna umfjöllun um íslenska fyrirtækið Dohop, sem rekur leitarnétt yfir lággjaldaflugfélög á netinu.

Á vef Dohop er hægt að leita að ferðum hjá fjölda flugfélaga í einu, en stofnandi fyrirtækisins, Frosti Sigurjónsson, hóf að þróa leitarnéttina þegar hann komst að því að fara þyrfti inn á vef hvers flugfélags í leit að fargjöldum. „Og áður en maður veit af eru liðin klukkutímur við skjáinn og kannski engin laus fundin,“ segir Frosti á vef Dohop.

Í umfjöllun CNN kemur fram að lággjaldaflugfélög starfi síður með stærri endurseljendum flugferða og því séu áætlanir þeirra síður að finna í stærri farmidavefjum.

Á vef Dohop eru nú upplýsingar frá 80 lággjaldaflugfélögum í Evrópu, auk upplýsinga um hótél og bílaleigubíla. Notkun er ókeypis en fyrirtækið hefur tekjur af auglýsingasölu.

Tveir af þremur borum óstarfshæfir

Misgengi í jarðlögum hefur tafið borun jarðganga Kárahnjúkavirkjunar. Verkið er rúmum tveimur mánuðum á eftir áætlun. Landsvirkjun segir hægt að vinna upp tafirnar, en gangsetja á fyrstu vél virkjunarinnar í apríl 2007.

IDNADUR Borverk Kárahnjúkavirkjunar er nú rúmum tveimur mánuðum á eftir áætlun, að mati Sigurðar Arnalds, upplýsingafulltrúa virkjunarinnar hjá Landsvirkjun. Hann segir tvær leiðir helstar í stöðunni til að vinna upp glataðan tíma.

„Staðan er þannig að bor eitt hæggði á sér tímabundið, hann er að fara í gegnum misgengi sem er nú ekkert mjög alvarlegt, en liggur skáhallt á göngin,“ segir hann en bætir við að framundan sé hagstæðara berg. „Í sjálfa sér er ekkert erfitt að bora, en það þarf að styrkja jafnóðum fyrir aftan borinn og það tefur. En þetta er nú bara eðlileg töf.“ Sigurður segir mjög erfitt að kortleggja misgengi sem þessi. „Borarnir eru þarna á 150 til 250 metra dýpi.“

Sigurður bendir á að bor númer tvö sé kominn í ágætisberg og herði skriðið, en á þriðjudag fór hann 40 metra á einum degi. „Sem er mikið meira en meðalafköst sem eru 25 metrar og er í ágætisbergi. Bor þrjú er svo í samsetningu inni í fjallinu, búið að snúa honum við og reiknað með að hann fari í gang eftir svona tvær vikur.“

Sigurður segir ýmsar leiðir færar til að vinna upp töfina, en



EKIÐ INN Í GÖNGU Borverk Kárahnjúkavirkjunar hefur tafið nokkuð vegna misgengja í jarðlögum, en ofanjarðar ræður árstími og tíðarfarar för. Á vef virkjunarinnar kemur fram að í síðustu viku hafi náðst að bæta ögn við fyllingarefni í Kárahnjúkastíflu og steypa auk þess tæplega 1.500 fermetra af vatnskápu stíflunnar.

helst sé horft til tveggja. „Einfaldast er bara að bora hraðar, en hin er að vinna að fráganginum samhliða borun. Það er verið að skoða leiðir til þess og er í rauninni að einhverju leyti byrjað.“ Hann segir að Landsvirkjun hafi ekki viljað spá nákvæmlega fyrir um lok verksins, fyrr en málin skýrist að álíðnum vetri. „En þetta snýst fyrst og fremst um gangsetningu á virkjuninni, fyrstu vél, í apríl 2007, en svo er náttúrlega hin merkilega dagsetningin þegar öll virkjunin er komin í gagnnið, en þar er stefnt á október 2007.“

Sigurður segir viðræður Landsvirkjunar við Impregilo vegna

mögulegra viðbótargreiðslna til verktakans enn á byrjunarstigi, en fyrirtækið kann að eiga á þeim rétt vegna tafa sem orðið hafa af vatnsaga í göngum og misgengjanna. Viðbótargreiðsla gæti numið milljórum.

Þá óskaði Landsvirkjun nú um mánaðamótin eftir tilbodum í fjóra verkþætti Hraunaveitu og Ufsarstíflu Kárahnjúkavirkjunar, sem öllum á að ljúka á árinu 2008. Þar er um að ræða lokubúnað og stálfóðringu fyrir Hraunaveitu og Ufsarstíflu og svo vegna gerðar Ufsarstíflu og stíflu, ganga og skurða vegna Hraunaveitu.

olikr@frettabladid.is



BIÐLAÐ TIL MANNRÆNINGJANNA Kember talaði á ensku en lesið var yfir mál hennar á arabísku.

Eiginkona bresks gísls:

Bað eigimanni sínum gríða

BAGDAD, AP Pat Kember, eiginkona Normans Kember, 74 ára, sem haldið er í gíslingu í Írak ásamt þremur félögum sínum, biðlaði til mannræningjanna á arabísku sjónvarpsstöðinni al-Jazeera í gær. Hún sagði að maður sinn hefði einungis verið í Írak til að aðstoða bágstadda og því yrðu þeir að þyrma lífi hans.

Fjórðungi hans var rætt í síðustu viku í Bagdad þar sem þeir voru við störf á vegum kristinna hjálparaðila. Mannræningjarnir segjast taka gíslana af lífi verði íraskir fangar ekki látnir lausir úr haldi fyrir 8. desember.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Prí í gæsluvarðhaldi Tvö nokkuð stór en aðskilin fiknefnamál komu upp á Akureyri fyrir helgi. Í öðru málinu náði lögreglan einu klíði af marjúána. Tveir voru handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald fram á miðvikudag. Öðrum var þó sleppt um miðjan dag í gær. Þriðji maðurinn var síðan úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á föstudag. Rannsókn málsins er á frumstigi.

Ölvunarakstur á Akureyri Tveir voru teknir í miðbæ Akureyrar grun aðir um ölvunarakstur á aðfaranótt laugardags. Reyndust báðir lítilla yfir áfengismörkunum. Aðrir tveir voru teknir réttindalausir á bíl. Annar hafði gleymt að endurnýja skirteinið en hinn hafði hvorki réttindi né aldur til þess að aka bíl.

NÍGER

Frakki myrtur Franskur ferðamaður var skotinn til bana í Afríkukríku Níger á föstudag. Frönsk yfirvöld staðfestu þetta á laugardag. Ekki er vitað hvort ræningjarnir sem sitja um ferðalangana til sveita víða í Níger beru ábyrgð á ódæðinu, og frönsk stjórnvöld gáfu engar frekari skýringar.

Arninnir
Gæðingurinn í röðum hnakka
NÓVEMBER TILBOÐ
Tilboðsverð 149.900 - Nýtt tilboðsverð 119.900
þú sparar 30.000

Söluáætlun: Hestar og Menn Reykjavík

Fakasport Akureyri Baldvin og Þorvaldur Selfossi

www.hnakkar.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

» **um hádegi** »

» **á morgun**

Hæglettsveður og hlýnar hægt og rólega.

» **miðvikudagur**


Allhvöss suðaustan átt sunnan og vestan til.

Kaupmannahöfn	4°C skúrir	Paris	10°C léttskýjað	Alicante	19°C hálfskyjað
Oslo	1°C alskýjað	Berlin	7°C hálfskyjað	Milano	10°C léttskýjað
Stokkhólmur	4°C alskýjað	Frankfurt	8°C skyjað	New York	4°C alskýjað
Helsinki	-1°C alskýjað	Madrid	12°C léttskýjað	San Francisco	15°C heiðskírt
London	10°C léttskýjað	Barcelona	15°C hálfskyjað	Orlando/Florida	26°C rigning

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skygð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Ekki missa af endurgreiðslu!

Með því að skrá fjölskylduna fyrir áramót gætirðu tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs!



Fjölskyldan

Fjölskyldan hjá SPRON er sérstök þjónustuleið ætluð fjölskyldum af öllum stærðum og gerðum, jafnt sem einstaklingum.

Fjölskylduþjónustan er án endurgjalds og stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar sem heildar, bæði í formi endurgreiðslu og fríðinda. Þeir sem eru skráðir í fjölskylduþjónustu SPRON geta bætt kjör sín enn frekar.

Ávinningur fjölskyldunnar getur orðið umtalsverður:

- 50% endurgreiðsla af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar.
- Endurgreiðsla á hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðalána, yfirdráttar eða víxla til skilvísra viðskiptavina.
- 5% endurgreiðsla á öllum tryggingaiðgjöldum árlega. Komi til tjóns skerðir það ekki endurgreiðslufríðindin.*
- Fyrir 80.000 króna sjálfþyngd á kaskótryggingu bifreiða, þarf aðeins að greiða 45.000 krónur komi til tjóns.
- Tómstundastyrkir, vegleg gjöf við skráningu og fleira.

* M.v. að iðgjöld vátryggingartaka séu í skilum.

 **spron**
– fyrir allt sem þú ert



KJÖRKASSINN

Á að veita ungmennum undir tvítugu lán?

Já	23,8%
Nei	76,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga stjórnvöld að taka skatt af desemberuppþót aldraðra?

Segðu skoðun þína á Vísni



Forsetakosningar í Gabon: Omar Bongo endurkjörinn

LIBREVILLE, AP Landskjörstjórn Gabon skýrði frá því í vikunni að Omar Bongo hefði enn einu sinni verið endurkjörinn forseti landsins en kosningar fóru þar fram á dögunum. Hann fékk 79 prósent atkvæða. Bongo hefur verið forseti Gabon síðan landið fékk sjálfstæði frá Frökkum árið 1967. Fidel Castro, starfsbróðir hans á Kúbu, er sá eini sem hefur verið við völd lengur í heiminum.



BONGO Á GÓÐRI STUND Margir þakka Omar Bongo þá hagsæld sem ríkir í Gabon.

Samanbörð við önnur Vestur-Afríkuríki ríkir friður og velsæld í Gabon, en landið er ríkt af olíu. Þjóðartekjur á mann eru sexfalt hærrí í Gabon en í öðrum ríkjum álfunnar. ■

Prófessor í lífvísindum:

Einkaleyfi selt fyrir einn dal

SVÍPJÓÐ Sænskur prófessor seldi einkaleyfi á estrógenviðtaka til líftæknifyrirtækisins Karo Bio fyrir einn dollara. Prófessorinn er stofnandi, stjórnarmaður og hluthafi í fyrirtækinu. Vísindamaðurinn sem fann estrógenviðtakann í líkamnum hefur ekki fengið neitt fyrir sinn snúð.

Á vefsíðu Dagens Nyheter kemur fram að fundurinn auðveldi þróun á lyfjum sem gætu læknað sjúkdóma og vandamál í sambandi við estrógenviðtakann í líkamnum. ■

Endurbætur á varðskipinu Ægi í Póllandi:

Ráðherra skorti kjark og vilja

IDNADUR „Hvorki dómsmálaráðherra né fjármálaráðherra höfðu vilja, kjark né skilning á því að láta vinna verkið hér innanlands og því fór sem fór,“ segir Hákon Hákonarson, formaður Félags málmíðnaðarmanna á Akureyri og ritari Samiðnar.

Fram kom í svari Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra í síðustu viku að kostnaður við endurbætur á varðskipinu Ægi hefði verið 11 milljónum minni hjá pólsku slippstöðinni Morska en tilboð Slippstöðvar Akureyrar hljóðaði upp á. Þá vantar í útreikninga dómsmálaráðherra kostnað vegna aukaverka og eftirlits. Sigurjón Þórðarson,

þingmaður Frjálslynda flokksins, sem lagði fyrirspurnina fram, segir að séu þeir þættir teknir með í reikninginn og þar að auki hagræðingin af því að halda verkunáttunni innanlands hefði verið mun hagkvæmara að láta gera endurbæturnar hér á landi. „Þar að auki hefði skattþeningur vegna þessa þá komið aftur í ríkiskassan,“ segir Sigurjón. Hann segir einnig að ekki hefði þurft að bjóða verkið út erlendis þar sem það var undir 500 milljónum króna.

Hákon segir að tilboðin hafi verið sambærileg, að minnsta kosti hafi tilboði frá Slippstöðinni ekki verið dýrara.



VARÐSKIPIÐ ÆGIR Þótt gróin séu tímans sár á varðskipinu er enn ekki gróið um heilt vegna þess hvernig að endurbótunum var staðið.

Noregur og ESB:

Fiskveiðikvótar aldrei minni

SJÁVARÚTVEGUR Norðmenn hafa komist að samkomulagi við Evrópusambandið um fiskveiði í Norðursjó árið 2006. Veiðin verður sú minnsta nokkru sinni.

Norska ríkisútvarpið segir að þorskqvótinn í Norðursjó minnki úr 27.300 tonnnum í 23.205 tonn á næsta ári og það sé minnsti kvóti sem nokkru sinni hafi verið veiddur.

Kvótinn á norðursjávarsíld hefur einnig verið minnkaður. Á næsta ári verður heimilt að veiða tæp 450 þúsund tonn sem er 15 prósentum minna en í ár. ■

Nazarbayev gersigraði í forsetakosningunum

Útgönguspár benda til að Nursultan Nazarbayev hafi verið endurkjörinn með 75 prósent atkvæða í forsetakosningunum í Kasakstan sem fram fóru í gær. Þær virðast að mestu hafa farið fram á sanngjarnan og heiðarlegan hátt.

KASAKSTAN, AP Nursultan Nazarbayev, forseti Kasakstan, fékk í það minnsta 75 prósent atkvæða í forsetakosningunum í landinu í gær. Kjörfundurinn virðist hafa gengið að mestu hnökralaust fyrir sig en Öryggissamvinnustofnun Evrópu ÖSE mun kveða upp sinn dóm í dag.

Fimmtán milljónir manna búa í Kasakstan og er talið að 75 prósent atkvæðisbærra manna hafi nýtt sér kosningarétt sinn. Almennt var búist við að Nazarbayev yrði endurkjörinn til næstu sjö ára en hann hefur verið forseti landsins síðan árið 1989, á meðan Kasakstan var ennþá hluti Sovétríkjanna.

Fjórar útgönguspár sem birtar voru á miðnætti að staðartíma sýndu að Nazarbayev fékk allt frá 75 prósentum atkvæða upp í ríflega áttatíu prósent. Helsti andstæðingur hans, Zharmakhan Tuyakbai, virðist hins vegar aðeins hafa fengið tju prósent.

Í aðdraganda kosninganna kvörtuðu mótframbjóðendur forsetans yfir því að bæklingum og auglýsingum þeirra hefði verið stolið og dagblöðum þeim hliðholl hefði verið lokað. Onalsyn Zhumbekov, formaður landskjörstjórnar, lýsti því hins vegar yfir strax að loknum kjörfundi í gær að öll skilyrði hefðu verið uppfyllt við fram-



SIGURVISS Nursultan Nazarbayev var sagður svo öruggur um sigur að fyrir helgi boðaði hann til sigurnáttíðar með stuðningsmönnum sínum sem haldin verður í dag, rétt eftir að opinber úrslit verða kunngjörð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

kvæmd kosninganna. Kosningaef-
irlitsmenn Samveldis sjálfstæðra ríkja, sem í eru flest lýðveldi fyrri-
um Sovétríkjanna, tóku í svipaðan streng og sögðu að svo virtist sem kosningarnar hefðu farið heiðarlega fram. Skýrsla kosningaefirlitsmanna ÖSE um kjörfundinn og aðdraganda hans verður birt í dag. Kasakstan er talið hafa vegnað

best af þeim fyrrverandi lýðveldum Sovétríkjanna sem eru í Mið-Asíu en landið er auðugt af olíu. Nazarbayev hefur í valdatíð sinni haldið uppi vingjarnlegum samskiptum við stjórnvöld í Moskvu, Washington og Peking og starfar til dæmis lítil kasöksk herdeild með fjölþjóðlega herliðinu í Írak.

svainng@frettabladid.is

Listaverk sem skemmdust á kristnihátíð á Þingvöllum:

Ríkinu gert að greiða skemmdirnar

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest dóma Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í sumar um að ríkið borgi lista-fólkinu Rúrí (Þuríði Fannberg) og Bjarna Sigurbjörnsyni skemmdir sem urðu á verkum þeirra á sýningu á vegum Kristnihátíðarnefndar á Þingvöllum sumarið 2000.

Rúrí fær greiddar rúmlega 1,3 milljónir króna og Bjarni tæplega 1,3 milljónir.

Dómkvaddir voru matsmenn til að meta verkin, en þau skemmdust í hvassviðri. Sýningin var sett upp í Stekkjargjá á Þingvöllum og átti að standa frá 1. júlí til 1. september árið

2000, en Kristnihátíðarnefnd framlengdi sýningartímann án samþyk-
kis listafólksins um hálfan mánuð. Á þeim tíma skemmdust verkin. Málskostnaður ríkisins nemur 700 þúsund krónum.

Hrafni Bragason hæstaréttardómari greiddi sératkvæði, en var þó sammála því að ríkið væri bótaskyld. Hann taldi þó að atriði hefðu átt að leiða til bótalækkunar og vildi vísa málunum aftur heim í hérað.

Auk Hrafns dæmdu hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Jón Steinar Gunnlaugsson í málunum tveimur.

- óká



RÚRÍ AÐ STÖRFUM Hæstiréttur hefur staðfest fyrri dóma Héraðsdóms Reykjavíkur um að bæta beri listaverk sem skemmdust í ríki á Þingvöllum í sumarlok 2000. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



ÓSÁTT VIÐ SKÝRSLU UM BYGGÐASTOFNUN Herdís Sæmundardóttir, stjórnarformaður Byggðastofnunar.

Stjórn Byggðastofnunar:

Skýrslan er meingölluð


SKÝRSLA Stjórn Byggðastofnunar segir skýrslu, sem unnin var um stofnunina í maí að beiðni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, meingallaða.

Í úttekt stofnunarinnar á skýrslu ráðuneytisins eru gerðar alvarlegar athugasemdir við hana og ýmis atriði um útlán og afskriftarrei-
kinga útlána tilgreind sem ekki fá staðist. Til dæmis hafi þar verið haldið fram að stofnunin hafi tapað að meðaltali um 23 prósentum af útlánunum á tímabilinu 1995 til 2004 en samkvæmt upplýsingum frá stjórninni var tapið 3,6 prósent.

Herdís Sæmundardóttir, stjórnarformaður Byggðastofnunar, segir að stjórnin hafi gert margar athugasemdir við skýrsluna á vinnslustigi hennar sem ekki hafi verið tekið tillit til. Herdís segir einnig að það hafi verið skilningur stjórnarinnar að skýrslan væri fyrst og fremst vinnuplagg og ekki ætluð til birtinnar. „Það er af þeirri ástæðu sem stjórnin bregst ekki harkalega við fyrir en skýrslan er komin í þessa umræðu,“ segir Herdís og bætir við að afar slæmt sé fyrir stofnunina að umræða um hana sé á villigötum.

- sgi

SKIPTING EFTIR MENNTUNARSTIGI 20 - 40 ÁRA



Þingmaður Samfylkingarinnar:

Menntakerfið hefur brugðist

STJÓRN MÁL Hlutfallslega helmingi færri íbúar á landsbyggðinni eru með háskólamenntun en á höfuðborgarsvæðinu. Í svari forsætisráðherra á Alþingi við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur, þingmanns Samfylkingar, kemur fram að á höfuðborgarsvæðinu eru tæplega 23 prósent á aldrinum 16 til 74 ára með háskólamenntun en einungis um 12 prósent í sama aldurshópi á landsbyggðinni. Anna Kristín segir menntakerfið hafa brugðist.

Súlur í súluriti sem virtist með frétt um málið í gær víxluðust og leiðrættist það hér með. ■

ENGINN DAGUR EINS ENGIR TVEIR ÍSLENDINGAR EINS BÓK EFTIR 366 ÍSLENDINGA



Skálholtsútgefningun

Spennandi tilboð

Kjöt & fisktorgið

Saltfiskur í tómát
með fersku grænmeti
að hætti Rúnars

TILBOÐ

989 kr/kg

Verð áður 1.679,-

Rúnar Gíslason

Matreiðslumeistari og sjónvarps-
kokkur, kokkarnir.is

Ný kynslóð salatbara

Sjáðu þetta

40 spennandi tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella kúlur
- Romain salat
- Mini penne í ferskum hvítlauk
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Skinka
- Spínat
- Pepperoni
- Epli í kókóssósu
- Kartöflu strá
- Sólpurkaðir tómatar
- Ætíþistill

...og margt fleira



Með hverju keyptu salatboxi fylgir
0.5 ltr. Coke Light með í kaupbæti*.

*Tilboðið gildir til föstudagsins 9.12

Gildir 5. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARIÐ

1 Af hvaða tilefni heimsóttu börn af erlendum uppruna Bessastaði á laugardag?

2 Hve há var desemberuppbotin til eldri borgara fyrir skatta?

3 Í hvaða tveimur íslenskum sjónvarpsþáttum er eins sófasett?

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Barnaníðingur dæmdur í ellefu ára fangelsi í Finnlandi:

Hélt nákvæmar dagbækur

FINNLAND Hen, 43 ára, hefur verið dæmdur í ellefu ára fangelsi fyrir 160 kynferðisbrot gegn börnum. Þetta er þyngsti dómur sem kveðinn hefur verið upp í þessum málaflokki í Finnlandi.

Á norrænum vefmiðlum á laugardag kom fram að maðurinn hafði haldið dagbók með nákvæmum lýsingum á afbrotum sínum gegn yfir 400 drengjum í Taílandi á tímabilinu 1995-2005. Maðurinn á að hafa misnotað drengi kerfisbundið í 26 ferðum til Taílands. Sumir drengjanna voru aðeins tíu ára gamlir og nokkrir voru misnotaðir daglega í nokkrar vikur í senn.

Heima hjá manningnum var lagt hald á tölvu, sjónvarp, myndbands-upptökuvél, vefmyndavél, 130 myndbönd, 280 geisladiska og þrettán DVD-myndir sem allar tengjast afbrotum hans.

Maðurinn var handtekinn í janúar á þessu ári eftir að lögreglan hafði fylgst með honum í Taílandi ásamt belgískum manni sem nú er ákærður fyrir að niðast á börnum.

- ghs

FINNLAND Barnaníðingur hefur verið dæmdur í 11 ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum. Maðurinn hélt dagbækur yfir brot sín.



LÖGREGLUFRETTIR

Ferðamenn veltu á Þingvöllum
Erlendir ferðamenn slösuðust þegar bíll valt á Vallavegi á Þingvöllum rétt eftir hádegi á laugardag. Háka var á veginum en tveir menn af fjórum slösuðust nokkuð og voru fluttir með sjúkrahúsi til Reykjavíkur til nánari athugunar. Sá er slasaðist meira sat í aftursæti og var ekki í bílbelti.

VERÐLAUN

Vefir verðlaunaðir
Íslensku vefverðlaunin voru afhent í fimmta sinn á þriðjudag. Besti íslenski vefurinn var valinn mbl.is, besti fyrirtækjavefurinn í ár er glitnir.is og verðlaunin fyrir besta einstaklingsvefinn hlaut arni.hamstur.is. Þá hlaut skjarinn.is verðlaun fyrir besta afþreyingarvefinn og verðlaun fyrir bestu útlits- og viðmótshönnun féllu í skaut isb.is.

Fundur Hafrannsóknastofnunar:

Uggrandi vegna fæðuskorts

SIÁVARÚTVEGUR Hafrannsóknastofnun hefur nú lokið tólf fundu hringferð sinni um landið en síðasti fundurinn var haldinn á Höfn í Hornafirði í vikunni.

Að sögn Þorsteins Sigurðssonar fiskifræðings sem hélt erindi á Höfn voru umræður einna mestar um nýtingu loðnustofnsins en eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu eru útgerðarmenn víða uggrandi yfir fæðuskorti á miðum og kenna margir loðnuveidum með flotvörpum um það ástand.

Hafrannsóknastofnun fær mikið lof fyrir fundarröðina frá þeim fjölmörgu útgerðar- og sjómönnum víða um land sem Fréttablaðið hefur talað við.



FJÖLMENN MÓTMÆLI Lögregla segir 63.000 manns hafa tekið þátt í göngunni en skipuleggjendur hennar segja að 250.000 manns hafa mætt.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tugþúsundir Hong Kong-búa mótmæltu:

Skorað á yfirvöld að koma á fullu lýðræði

HONG KONG, AP Fjöldmenn mótmæli fóru fram í Hong Kong í gær þar sem knúid var á um lýðræðisumbætur í héraðinu. Ólíklegt er talið að yfirvöld í Peking bregðist við óskum fjöldans.

Skipuleggjendur göngunnar segja að 250.000 manns hafi tekið þátt í henni en búist hafði verið við mun minni fjölda. Lögregla í Hong Kong segir hins vegar að 63.000 manns hafi mætt. Fólkið vildi með samkomunni krefjast fulls lýðræðis fyrir héraðið og um leið láta í ljós óánægju sína með nýjar tillögur stjórnvalda í Peking í þessum efnum. Samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að 800 manna samkunda velji héraðsstjóra og að

eingöngu helmingur þingmanna Hong Kong verði kjörinn af íbúum héraðsins.

Forsvarsmenn göngunnar og frjálsslyndir þingmenn kröfðust viðbragða Donald Tsang héraðsstjóra við gagnrýninni sem fram kom í mótmælunum. Tsang svaraði því til að hann hefði meðtekið kröfurnar en ekki væri mögulegt að gera neinrar tímaáætlanir um framvindu lýðræðisumbótanna.

Hong Kong hefur verið undir stjórn Kína síðan 1997 en borgrikið nýtur mun meiri réttinda og sjálfstæðis en önnur sjálfstjórnarhéruð landsins.

- shg

Líkur á kólnandi veðri í Evrópu

Nýjar mælingar renna stöðum undir hamfarakenningar tengdar Golfstraumnum. Trausti Jónsson veðurfræðingur segir allt of snemmt að draga ályktanir af niðurstöðunni.

UMHVERFISMÁL Breytingar á Færibandinu svonefnda, hafstraumi sem ber hlýjan sjó á norðurslóðir og kaldan aftur að miðbaug, eru mun hraðari en talið var og kunna að valda stórfelldri kólnun í Evrópu, samkvæmt vísendingum í rannsókn sem Harry Bryden, breskur haffræðingur hefur staðið fyrir.

Ralf Döscher á sænsku veður- og haffræðistofnuninni segir Bryden og kollega hans hafa mælt hafstrauma á mismunandi dýpi þvert yfir Atlantshafið allt frá árinu 1957. Litlar breytingar hafi komið fram allt til ársins 1998, en eftir þann tíma séu þær stórfelldar. Erlendir fréttamiðlar hafa svo eftir Bryden að þetta sé í fyrsta sinn sem merkja megi svo hraðar breytingar í þessa veru að þeirra verði vart á mannsævi. The Guardian hefur eftir honum að haldi þessi þróun áfram megi búast við kólnun veurfars í norðanverðri Evrópu um eina gráðu á áratug. Um leið bendir hann á að þetta víxlstreymi hlýrri og kaldari sjávar hafi á ísöld stöðvast alveg.

Vísendingarnar sem nú eru komnar fram renna stöðum undir kenningar um að bráðnun íshellunnar á norðurskautinu og jökla á norðurslóðum dragi úr seltu sjávar, sem verði til þess að kaldur sjór sökkvi síður og berist því ekki aftur suður undir miðbaug. Bryden bendir þó sjálfur á að niðurstöður hans sanni ekki að breyting sé að eiga sér stað heldur þurfi að stunda mælingar í mörg ár í viðbót. Fjallað er um




TRAUSTI JÓNSSON Veðurfræðingur segir mælingar á Golfstraumnum hafa staðið nokkuð stutt yfir.

rannsóknina í nýjasta hefti tímaritsins Nature.

Trausti Jónsson veðurfræðingur tekur undir að mælingarnar á hafstraumum sem vísar sé til hafi staðið nokkuð stutt yfir. „Menn hafa mælt þarna botnstrauma með meiri nákvæmni en áður hefur verið gert, en eldri gögn eru gísín og menn vita ekki í raun hver náttúrulegur breytileiki þeirra gagna sem verið er að mæla er.“ Hann segir niðurstöður Brydens vera viðbót í „hrígu misvísandi rannsókna“ og allt of snemmt sé að draga af þeim ályktanir. „En þeir eru hrifnir af veurfarskrísun þarna hjá Nature og sjálf-sagt vekur þetta athygli,“ segir Trausti.

olikr@frettabladid.is



HITAMYND AF HEIMSHÖFUNUM Hér sjást uppsafnaðar hitamælingar heimshafanna í maímánuði árið 2001. Golfstraumurinn liggur norður með austurströnd Mið-Ameríku og Bandaríkjanna, en streymir svo eftir Atlantshafinu upp að ströndum Evrópu og norður fyrir Ísland.

MYND/NASA-KSC



FRÁ FUNDINUM Á HÖFN Þorsteinn Þylur hér þá Lilju sem sumir kveðið vildu hafa en aðrir ekki.

Meindl Colorado GTX Jólátilboð

kr. 14.990.-
verð áður kr. 17.990.-



ÚTILÍF



SVÍNUM SLÁTRAD Á árlegri hátíð slátrara í Voganj norðvestur af Belgrad í Serbíu eða Svartfjallalandi var keppt í slátrun svína með kjötöxi á laugardag. Svínaslátrun dregur oft ferðamenn í dreifbýli landsins.

MYND/AP

Erindreki SP rannsakaði umfang pyntinga í kínverskum fangelsum:

Pyntingar ennþá algengar

PEKING, AP Pyntingar eru ennþá algengar í kínverskum fangelsum enda þótt ríkisstjórn landsins segist vinna að því hörðum höndum að uppræta slíkt ofbeldi. Þetta er niðurstaða erindreka Sameinuðu þjóðanna sem kannaði ástandið og ræddi við fanga.

Manfred Nowak, erindreki SP, ferðaðist um Kína í síðasta mánuði og fékk þá einstakt tækifæri til að ræða við fanga og embættismenn um þessi mál. Hann sagði við kynningu á niðurstöðum sínum í gær að þótt kínversk stjórnvöld hefðu gert ýmislegt jákvætt á síðustu árum til að koma í veg fyrir misþyrmingar í fangelsum sínum væru pyntingar



MANFRED NOWAK Barsmiðar með hnefum eða kylfum, jafnvel rafmagnskylfum, eru algengustu pyntingaraðferðirnar í Kína.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

enn algengar. Ofbeldi virðist einkum beitt

á kerfisbundinn hátt gegn tíbet-skum föngum en einnig fá meðlimir í samtökunum Falun Gong sinn skerf. Pyntingum er beitt til að ná fram játningum en einnig í refsingar- og „endurhæfingarskyni“.

He Depu lýðræðisumbótasinni var til dæmis neyddur til að liggja kyrr á rúmi í köldu herbergi í fangelsi sínu í 85 daga. Barsmiðar með rafmagnskylfum og langvarandi vökur eru meðal þess sem fangarnir eru látnir sæta.

Kínversk stjórnvöld segja að sú staðreynd að þau hafi heimilað heimsóknina sýni að þeim sé alvara með að uppræta þennan ófögnuð.

-shg

Breytingar í Bandaríkjunum:

Skæri leyfð í flugvélum

BANDARÍKIN Yfirvöld samgönguöryggismála í Bandaríkjunum hafa tilkynnt að frá og með 22. desember megi flugfarþegar hafa með sér um borð smáskæri og lítill málmáhöld. Þau hafa verið bönnuð í flugvélum síðan 11. september 2001, þegar hryðjuverkaárásin var gerð á Tvíburaturunna í New York.

Í staðinn hyggjast yfirvöld fjölga skyndileit á fólki og skoða það nánar en áður. Ekki verður þó leitað sérstaklega á sumum höpum umfram öðrum, til dæmis Mið-Austurlandabúum, að því er fram kemur á vefsíðu CNN. ■



ARCHAEOPTERYX Útfjólublá mynd af steingervingnum.

Ný kenning um risaeðlur:

Fuglar komnir af risaeðlum

STEINGERVINGAR Nýfundinn steingervingur af elsta þekktu fuglinum, Archaeopteryx, þykir gefa áreiðanlegar vísbendingar um að fuglar séu komnir af risaeðlum.

Þetta kemur fram á heimasíðu National Geographic. Lag höfuðkúpu og fóta Archaeopteryx-steingervingsins þykir renna enn frekari stöðum undir þessa kenningu. Ef kenningin reynist sönn er í vissum skilningi rangt að segja að risaeðlur séu útdauðar. ■

Atvinna með stuðningi verðlaunuð:

Þrír hlutu Múrbrjóta

VIÐURKENNING Atvinna með stuðningi hlaut Múrbrjótinn á alþjóðadegi fatlaðra á laugardag.

Landssamtökin Þroskahjálþ standa fyrir verðlaununum en þau eru veitt aðilum eða verkefnum sem talin eru hafa rutt fólki með fötlun braut í átt að jafnrétti við aðra samfélagsþegna.

Atvinna með stuðningi gerir fötlun fólki kleift að stunda atvinnu á almennum vinnumarkaði með aðlögun og stuðningi.

Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra í Reykjavík og á Reykjanesi ásamt félagsþjónustunni á Akureyri fengu verðlaunin. ■



MÚRBRJÓTARNIR AFHENTIR Þrír hlutu viðurkenningu á alþjóðadegi fatlaðra.



SKILTID FJARLÆGT Bæjarstjórsmenn taka niður skilti aðgerðarhópsins aðeins fáum klukkustundum eftir að það var sett upp. Þá var annað sett upp sem gefur til kynna að tjáningarfrelsi líst ekki á Álftanesi en það hefur fengið að standa.

Óánægja með nýjan miðbæ

Aðgerðahópur beitir ýmsum ráðum til að fá skipulagstillögum um nýjan miðbæ á Álftanesi hnekkkt. Bæjarstjórninn segir hópinn ekki þekkja tillögurnar.

SKIPULAGSMÁL „Við létum setja upp skilti við aðkomuna að sveitarfélaginu en bæjarstjórnin lét fjarlægja það eftir nokkrar klukkustundir svo þetta er greinilega mikið átakamál,“ segir Berglind Libungan. Hún fer fyrir aðgerðahópi sem beinir kröftum sínum gegn skipulagstillögu bæjarstjórnar um nýjan miðbæ á Álftanesi.

„Það sem við sjáum að þessari tillögu er að það á að byggja mjög þétt og hátt þannig að útsýni verður mjög takmarkað og það er annað en Álftnesingar eru vanir. Svo er aðeins ein innkeyrsla eða gata inn í þennan miðbæ þar sem á svo að vera skóli og íbúðir fyrir aldrada og það teljum við ekki skynsamlegt. Í þriðja lagi á þetta að heita miðbær en svo er aðeins gert ráð fyrir skóla og íbúðum þarna en ekki einasta kaffihúsi eða þjónustu sem miðbær ætti nú að skarta,“ segir Berglind.

Nú hefur hópinn sett upp annað skilti þar sem á stendur „tjáningarfrelsi“ en svo hefur verið krossað yfir orðið. Hópurinn stóð fyrir opnu húsi á föstudag í Haukshúsum þar sem skipulagsmálin voru rædd og undirskriftum safnað til að mótmæla tillög-

unni en frestur fyrir kvartanir rennur út á Þorláksmessu.

Guðmundur Gunnarsson bæjarstjóri segir þessa gagnrýni hópsins byggða á vanþekkingu á skipulagstillögunum. „Ákveðið var að hafa byggðina þetta þarna miðsvæðis en dreifðari á jaðarsvæðum svo við göngum ekki á náttúruna og fuglalífnið og byrgjum þetta fallega útsýni á Álftanesi,“ segir Guðmundur. „En húsin í miðbænum verða engu hærri en hæstu húsin eru nú á Álftanesi og þau eru engu hærri en gert var ráð fyrir í tillögum sem þessi mótmælendahópur stóð sjálfur fyrir. Það er rétt að ein innkeyrsla er að miðbænum enda á hann að vera frekar íbúavænn en ekki bílvænn. Þarna verður skipulagið með þeim hætti að ökumenn finna að bíllinn er ekki hafður í hávegum og hraðakstur ekki liðinn enda erfiður eins og aðstæður verða.“

Svo er það alls ekki rétt að engin kaffihús eða þjónustufyrirtæki eigi að vera í miðbænum. Það er einmitt gert ráð fyrir slíku þó að bæjarstjórnin ætli ekki að fara að standa í slíkum rekstri, hún hefur annað að gera en að selja mönnum kaffi og bjór,“ segir bæjarstjórnin. jse@frettabladid.is

Nýr leikskóli í Grafarholti í Reykjavík:

Áhersla lögð á hugarró

DAGVISTUN Ekki var annað að sjá en að börnin kynnu mæta vel við sig í Reynisholti, nýja leikskólanum við Gvendargeisla sem tekinn var formlega í notkun á miðvikudag. Eflaust búa þau nú þegar yfir meiri hugarró en flestir aðrir þar sem rík áhersla er lögð á slíkt í leikskólanum og stunda þau meðal annars jóga í þeim tilgangi.

Um tuttugu börn eru nú í leikskólanum en þeim mun fjölga hægt og bitandi á næsta ári.


Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri tók þátt í gleðinni með börnunum og starfsfólki þegar leikskólinn var tekinn



LEIKSKÓLABÖRN Í REYNISHOLTI Kátt var á hjalla þegar leikskólinn Reynisholt var formlega tekinn í notkun.

formlega í notkun. Þökkuðu börnin fyrir heimsóknina með söng og annarri skemmtan. -jse

Líkamsrækt í Markinu



Gott úrval gæðataekja og góð þjónusta

- ÞREKHJÓL • FJÖLÞJÁLFA • HLAUPABÖND
- RÓÐRAVELAR • TRAMPÓLÍN • MAGAÞJÁLFA
- ÆFINGASETT • BEKKIR • LÓÐ • DÝNUR

25 ÁRA
1980 - 2005



- taktu mark á sérfræðingum

MARKIÐ

www.markid.is • Sími: 553 5320 • Ármúla 40

Hive Lite

NÚNA FÆRÐU HÁHRADA ÞRÁÐLAUST INTERNET
Á AÐEINS

3.990

Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.

*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4 GB niðurhal, 8 Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds fyrir aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is



Léttu þér Lífið

Kenwood hrærivélin er frábær gjöf sem endist



KENWOOD
chef

Kenwood Chef hrærivélin er öflug og sérlega glæsileg í alla staði. Úrval aukahluta fylgja með sem hræra, hnoða og hakka allt eftir óskum hvers og eins.

MX270 TILBOÐ kr. 16.900 stgr.
Fullt verð kr. 24.300

KM300 TILBOÐ kr. 19.900 stgr.
Fullt verð kr. 28.900

GJAFABRÉF

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

Formaður Verkalýðsfélags Akraness um frumvarp um starfsmannaleigur:

Tryggt að samningum sé fylgt

VINNUMARKAÐUR Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, var á fundi félagsmálanefndar alþingis í síðustu viku og gaf þar álit sitt á frumvarpi um starfsmannaleigur. Hann skilaði í kjölfarið inn tillögum um breytingar á frumvarpinu fyrir hönd verkalýðsfélagsins.

Sá og sú sem kropið hefur við læk í íslenski sveit og bergt af honum hefur fundið bragðið af sjálfri jörðinni eins og hún er óspillt og okkur gefin til varðveislu og nytja.

birtingarmyndum mannkynsins heldur líka um tilætlanarsemi hans um trú og fylgispekt. Gef mér að drekka, segir hann við konuna: ég ætla líka að gefa þér að drekka; og þegar þú hefur fengið að drekka hjá mér mun þig ekki aftur þyrsta, vegna þess að ég mun gefa þér lifandi vatnið: hann segir: „hvern þann sem drekkur af vatninu, sem eg mun gefa honum mun aldrei að eilífu þyrsta, heldur mun vatnið, sem eg mun gefa honum, verða í honum að lind, er sprettur upp til eilífs lífs.“

Í þessari frásögn birtast meðal annars tvö lykilhugtök: annars vegar bodhátur sagnarinnar „að gefa“ og hins vegar „lifandi vatnið“. Því verður ekki með orðum lýst hvílik gæfa það er að eiga þess kost að ganga að næsta vaski og skrúfa frá honum svo að það tekur að búa hreint og tært og ómengað vatn úr lind sem virðist óþrjóandi. Sá og sú sem kropið hefur við læk í íslenski sveit og bergt af honum hefur

funduð bragðið af sjálfri jörðinni eins og hún er óspillt og okkur gefin til varðveislu og nytja. Í því er meiri auðlegð fölginn en nokkru sinni verður mæld og helsta verkefni okkar hlýtur að vera að standa vörð um vatnsbúskap íslenskrar náttúru og hætta að rugla með hann. Hugtakið um „lifandi vatnið“ nær ekki einungis að fanga tilfinningu okkar um tærleika og hreinleika og hina svölu lind sem slökkvirk þorsta okkar heldur minnir það okkur líka á þá staðreynd að sjálft lífið kviknaði í vatni og vatnið er forsenda alls lífs og þar sem ekki er vatn þar er ekkert líf.

Gef. Hjálparstarf kirkjunnar hefur að þessu sinni einbeitt sér að því að nota afl sitt og þá fjármuni sem safnast til að grafa vatnsból víða þar sem vatn hefur gengið til þurrðar af völdum þurrka eða annarra hamfara og óáranar. Það er skemmtileg tilhugsun að ímynda sér að hver króna sem maður lætur af hendi rakna jafngildi einum vatnsdropa handa þjáðu fólki sem býr við slæm skilyrði. Okkur ber að gefa með okkur. Þó ekki væri nema jafngildi eins vatnsglass; um leið og maður lyftir simtólinu og hringir í 9072002 þá getur maður teiknað upp í huganum mynd af dálitlu vatnsglassi. Okkur er eiginlegt að gefa og deila með okkur því að við erum gædd hæfileikanum til að finna til hvert með öðru. Og okkur ber að gefa af því hugarfari sem sprettur af lindinni innan í okkur sem aldrei má þorna. Við eigum ekki að gefa af yfirlæti og mæð og sjálfumgleði með augun á speglinum full aðdáunar, heldur eigum við að gefa af auðmýkt og þakklæti fyrir það að eiga þess kost að fá að skrúfa frá krananum. ■

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Callup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Jólaboðið

Fjölbreytt úrval af gjafavörum

Clarins fyrir herrann

Flott taska með Clarins herravörum, tilvalin til að taka með í ræktina.

3.889 kr.



Beurer hitapúði fyrir háls og bak

3 hitastillingar. Slekkur á sér eftir 90 mínútur.

3.760 kr.



BeYu
[bi:ju:]

BeYu

Jungle Fever - spennandi nýjung, jólagjöf ungu stúlkunnar.

frá 679 kr.



Nuddpúði

Láttu þér líða vel. Frábær, einfaldur nuddpúði. Rafhlöður fylgja ekki með.

5.490 kr.



Grjónapúði

Jurtapúðinn-100% náttúruleg ilmjurtameðferð. Púði til að hita og/eða kæla. Inniheldur hörfræ og 12 ilmjurtir.

frá 2.942 kr.



I Coloniali

Hágæða bað-og líkamsvörur frá Ítalíu. Hreinn unaður fyrir líkama og sál. Inniheldur náttúruleg efni.

2.263 kr.



Estee Lauder maskarasett

Augnblýantur, hreinsir og maskari.

2.390 kr.

Úrval geisladiska

Núna eru komin tónlistarhorn í allar verslanir Lyfju. Þar færðu alla nýjustu og vinsælustu geisladiskana. Gefðu tónlistargjöf um jólin eða finndu þér eitthvað skemmtilegt að hlusta á.

frá 1.699 kr.

12 Tónar

Plan 25

Komdu í Jólaboðið og skoðaðu frábært úrval af gjafasettum handa henni eða honum.



GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRU

GJAFAPOKI FYLGIR

Líkfylgd sósíalismsans

UMRÆÐAN
ALPJÓÐA-
STJÓRN MÁL



GEIR ÁGÚSTSSON
VERKFRÆÐINGUR

Á meðan Íslendingar velja sér upp úr fullkomlega innihaldslausri umræðu kynjakvóta, tónlistarhúsa, byggðastyrkja, kjördæmapots og mataræðis þykir undirrituðum ljóst að önnur og veigameiri umræðuefni þurfi að taka upp þegar til lengri tíma er lítið.

Á meðan ríkir Vesturlandabúar telja sjálfum sér trú um að eigin

gróði þýði annars tap og brennsla jarðefnaeldsneytis eigi að einskorðast við þá sem nú þegar hafa efnast þá banka fátæk lönd upp á og krefjast viðskiptafrelsis og tækifæris til að keppa óhindrað við franska bændur og íslenska gúrkuframleiðendur. Áherslupunktur hinnar alþjóðlegu stjórnmálaumræðu eru ekki á því sem skiptir máli. Þeir eru á tilbúnum vandamálum verkefnalessa stjórnmálanna, til dæmis loftslagsbreytingum og nauð evrópskra og bandarískra bænda á ríkisstyrkjum.

Líkfylgd velferðarkerfisins

Eitt af málefnum sem, að mati undirritaðs, með réttu eiga heima í kjarna umræðunnar er líkfyldg velferðarkerfisins. Hið evrópska

velferðarkerfi er nú að hrúna komið eftir áratugi af gríðarlegum fjárförsta samhlíða hrörnandi þjónustugetu og versnandi gæðum. Velferðarkerfið hefur sýnt að það ræður ekki við sífellt hækkanði meðalaldur og auknar kröfur skattgreiðenda sem koma í kjölfar örrar tæknipróunar og vaxandi framboðs á hinum frjálsa markaði. Í mörgum löndum á meginlandi Evrópu og í Skandinavíu eru einstakir þættir velferðarkerfisins byrjaðir að skila sér aftur á markaðinn og sú þróun mun halda áfram. Mikilvægt er að tryggja að velferðarkerfinu sé fylgt alla leið í gröfina og það tækist að flýta þessari líkfyldg hratt og örugglega á áfangastað.

Alþjóðavæðing hafta og reglugerða

Annað málefni sem er sífellt að vaxa að mikilvægi er vörnin gegn alþjóðavæðingu reglugerða og hafta á frjáls millilandasamskipti og viðskipti.

Kyoto-samkomulagið er áþreifanlegasta dæmið um þessa skelfilegu þróun. Hagvexti og lífsgæðum á að fórna á bál vafasamra heimsendaspádóma og óraunsærra markmiða. Áætlaður kostnaður Kyoto-samkomulagsins til ársins 2012 liggur á bilinu 500 til 1000 milljarðar evra, og bjartsýnustu áætlanir gera ráð fyrir að afleiðingarnar, ef einhverjar, verði heildarkólnun upp á um 0,02° C árið 2050, eða eitthvað sem mælist ekki einu sinni með nákvæmstu mælitækjum. Í leiðinni hverfa hundruð þúsundir starfa, eldsneytisverð rýkur upp þrátt fyrir nægt framboð þess og hagvöxtur á heimsvísu leitar niður á við. Allt þetta á víst að vera þess virði því annars gæti eitthvað gerst sem ekki hefur tekist að sýna fram á að muni gerast.

Útbreiðsla kapitalismans

Þriðja mikilvæga málefnið sem

fær alltof lítið vægi í umræðunni er útbreiðsla kapitalisma til fátækustu svæða heims. Evrópa og Norður-Ameríka urðu rík með því að tileinka sér kapitalisma. Hundruð milljóna manna í Asíu hafa brotist út úr frumstaðum bændabýlum og stuttu lífshlaupi með því að taka upp kapitalisma og frjálsa verslun. Chile stendur sem kapitalísk vin í annars sósíalískri eyðimörk Suður-Ameríku. Vestur-Þýskaland blómstraði á meðan Austur-Evrópa hrörnaði. Suður-Kórea er velmegandi samfélag kapitalisma á meðan Norður-Kórea er kúgað land fátækta og hjarðhyggju. Tollamúrar og styrkir til iðngreina á Vesturlöndum þurfa að hverfa og franskir bændur þurfa að fara á hausinn og skipta um störf ef ætlunin er að útrýma fátækt og sultaröndu þeirra fátækustu í heiminum.

Dagur sjálfboðaliðans



HRAFNKELL TUMI
KOLBEINSSON



ELFA DÖGG S.
LEIFSDÓTTIR

nánustu ættingja“. Samkvæmt þeirri skilgreiningu flokkast t.a.m. blóðgjöf, starf með íþróttafélögum, foreldrafélögum og starf með stjórnmálasamtökum undir sjálfboðin störf.

Rauði krossinn er stærsta sjálfboðahreyfing í heimi. Rauði krossinn starfar í 183 löndum og starfa um það bil 100 milljón sjálfboðaliðar í hans nafni, enda er sjálfboðastarf eitt af grundvallarmarkmiðum Rauða kross hreyfingarinnar. Án sjálfboðaliða væri enginn Rauði kross.

Rauði kross Íslands var stofnaður árið 1924 og hefur á þeim tíma sem liðinn er sífellt vaxið fiskur um hrygg og starfa nú margar deildir Rauða krossins vítt og breitt um landið. Af þeim er Reykjavíkurseild eðlilega langsamlega stærst og starfa um þessar mundir um 600 sjálfboðaliðar

fyrir deildina. Hver þeirra vinnur að jafnaði 4 til 12 klukkustundir á mánuði.

Ef við gefum okkur að hver og einn vinni 4 klukkustundir - sem er lægsti samnefnarinn - þá skila sjálfboðaliðar deildarinnar um 30 þúsund vinnustundum á ári. Meðal ársverk er talið vera um 1800 vinnustundir og því má segja að sjálfboðaliðar Reykjavíkurseildar skili á bilinu 17 til 50 ársverkum í sjálfboðnu starfi.

Skipulagning svo viðamikils starfs kallar á töluvert skrifstofu- og námskeiðahald og slíkt kostar eðlilega nokkra fjármuni. Í niðurstöðum vandaðrar rannsóknar sem Steinunn Hrafnadóttir, lektor í HÍ, vann árið 2002 fyrir Rauða kross Íslands, um mikilvægi sjálfboðins starfs fyrir íslenskt samfélag, kom meðal annars fram, að hver króna sem Rauði krossinn

Sjálfboðahreyfingar geta einnig verið þrýstihópar á stjórnvöld. Það voru t.d. sjálfboðafélög sem stóðu að uppbyggingu fyrstu barnaheimila og elliheimila hér á landi. Verkefni sem opinberir aðilar tóku seinna við.

ver í sjálfboðið starf þrefaldar gildi sitt, - og eru þá einungis efnahagsleg áhrif tekin með í reikninginn.

Hjá Reykjavíkurseild Rauða Krossins eru fjölmörg verkefni sem sjálfboðaliðar sinna. Má þar nefna: Símsvörin í Hjálparsíma

Rauða Krossins 1717, heimsóknabjónustu, starf með geðfötluðum, heimilislásum og í sölubúðum Rauða krossins. Sjálfboðaliðar deildarinnar starfa einnig að neyðarvörnum, sinna félagsstarfi með ungum hreyfihömluðum, fara í heimsóknir til fanga, starfa með flóttafólki og þannig mætti lengi telja.

Stundum heyrast þær raddir að uppgangur sjálfboðahreyfinga geti á vissan hátt verið ógn við velferðarkerfið. Sjálfboðin störf séu ekki eins markviss og skipuleg og opinber þjónusta og uppgangur sjálfboðahreyfinga geti orðið til þess að hið opinbera ætli sjálfboðasamtökum um of að sjá um faglega þjónustu og dragi sjálfst úr þjónustunni.

Því er til að svara að sjálfboðin störf eru liðsauki en koma ekki í staðinn fyrir opinbera þjónustu. Reykjavíkurseild aðstoðar t.d. útlensk börn við heimanám. Þessi börn hafa ekki sömu forsendur til þess að fá þessa aðstoð heima hjá sér og íslensk börn. Þarna er því er verið að veita þjónustu sem er utan við skyldur skólanna

Sjálfboðahreyfingar geta einnig verið þrýstihópar á stjórnvöld. Það voru t.d. sjálfboðafélög sem stóðu að uppbyggingu fyrstu barnaheimila og elliheimila hér á landi. Verkefni sem opinberir aðilar tóku seinna við. Sjálfboðahreyfingar eru kvikari og bregðast oft hraðar við en hið opinbera.

Eitt af hlutverkum Rauða krossins er að sýna fram á þjónustubörf og draga sig svo til baka og eftirláta hinu opinbera verkefni. Konukot, sem er athvarf fyrir heimilislásum konur, er nýjasta dæmið um það. Reykjavíkurseild Rauða krossins kom því verkefni á laggirnar. Engin áform voru á þeim tíma innan Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um að koma á fót slíku verkefni enda ekki talin þörf fyrir það. Þörfin reyndist þó svo sannarlega vera til staðar eins og gestakomur í húsið hafa sýnt fram á. Það hefur orðið til þess að Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur nú nýverið tekið þá ákvörðun að koma til móts við Reykjavíkurseild um að auka þjónustu við þennan hóp.

Undanfarin ár hefur Reykjavíkurseild Rauða Krossins staðið fyrir upptökum þann 5. desember til að minna á alþjóðlegan dag sjálfboðaliða. Laugarásbío býður öllum börnum í bío sem staðið hafa fyrir tombólu á árinu til styrktar Rauða krossinum. Opið hús er í húsnæði Reykjavíkurseildar kl. 17 til 19. Þar gefst sjálfboðaliðum tækifæri til hitta sjálfboðaliða úr öðrum verkefnum og eiga saman góða stund. Er það von okkar að sem flestir sjálfboðaliðar Reykjavíkurseildar sjái sér fært að koma og minnst þess að án þeirra væri ekki hægt að halda svo mörgum verkefnum gangandi og raun ber vitni.

Höfundar eru forstöðumaður Ungmennadeildar Reykjavíkurseildar Rauða kross Íslands og verkefnastjóri sjálfboðaliða



ÚTSALA ÚTSALA 40 – 60 % AFSLÁTTUR Opið í dag 10:00 – 16:00

Dæmi um verð.	Áður.	Núna.
Rúllukragapeysa	6.000.-	2.900.-
Loðin jakkapeysa	6.900.-	4.200.-
Marglit peysa	7.200.-	2.900.-
Peysa m/tölum	6.200.-	3.800.-
Jakkapeysa flís	5.300.-	2.900.-
Bolur m/pallíettum	4.300.-	2.600.-
Bolur m/nælu	4.000.-	2.400.-
Blúndutoppur m/rós	4.000.-	2.400.-
Dömuskýrta	4.900.-	2.600.-
Úpa m/hettuog skinni	5.800.-	3.500.-
Mokkajakki	10.800.-	5.900.-
Pelsjakki	7.900.-	4.800.-
Kápa m/pels	7.800.-	4.700.-
Kjól m/perlum	7.300.-	3.900.-
Sítt pils hneppt	5.000.-	2.900.-
Svartar buxur	4.400.-	2.700.-
Kvartbuxur	5.400.-	2.900.-
Gallabuxur	6.400.-	3.900.-
Leðurstígvél	15.200.-	5.900.-
Svartir dömuskór	4.500.-	2.700.-
Silfur skór	5.400.-	2.900.-

Opið laugardag 10:00 – 16:00.

friendtex®

Síðumúla 13 • Sími 568-2870

Stjórnmalamenn fá áhuga á málefnum aldraðra

UMRÆÐAN
KJÖR ALDRAÐRA



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Mikil umræða hefur átt sér stað um málefni aldraðra. Sennilega er það m.a. vegna þess að kosningar nálgast. En einnig hafa mikil blaðaskrif aldraðra og umfjöllun í sjónvarpi um þessi mál vakið mikla athygli á málefnum eldri borgara. Margir stjórnmalaflokkar hafa á yfirstandandi alþingi flutt tillögur

um aðgerðir í þágu aldraðra.

Samfylkingin flutti tillögu um afkomutryggingu aldraðra strax og þing kom saman í haust. Samkvæmt hennar tillögu á að tryggja öldruðum lífeyri fyrir eðlilegum framfærslukostnaði. Og það á að hækka lífeyri aldraðra í samræmi við hækkun kaupgjalds launþega. Í greinargerð með tillögunni er skýrt frá því, að árið 1995 hafi tengsl verið rofin milli lífeyris aldraðra og kaupgjalds lágmarkslauna á almennum vinnumarkaði. En fram að þeim tíma hafi lífeyrir aldraðra hækkað sjálfvirkt, þegar lágmarkslauna hækkuðu. Í greinargerðinni segir, að lífeyrir aldraðra frá almannatryggingum þurfi að

hækka um 12 þúsund kr. á mánuði til þess að jafna þá gliðun sem orðið hafi. Landssamband eldri borgara segir að lífeyrir aldraðra frá almannatryggingum þurfi að hækka um 17 þúsund kr. á mánuði til þess að ná þessu marki. Samtök vinstri grænna og Frjálslyndi flokkurinn hafa einnig flutt tillögur á alþingi um að bæta hag aldraðra.

Það var mikið óheillaspor sem var stigið 1995, þegar rofin voru tengslin milli lífeyris aldraðra og lágmarkslauna. Þáverandi forsætisráðgjafi lýsti því þá yfir að kjör aldraðra mundu ekki versna við þessa breytingu. Trygging aldraðra í því efni yrði tvöföld: Það yrði

bæði miðað við launabreytingar og verðlagsbreytingar. Ekki hefur verið staðið við þessa yfirlýsingu, þetta fyrirheit. Það var svikið. Þegar lítið er á þróun lífeyris aldraðra og breytingar lágmarkslauna síðastliðin 11 ár sést, að lífeyrir aldraðra hefur dregist mikið aftur úr launum láglaunafólks. Lífeyrir aldraðra hefur aðeins hækkað um brot þess sem laun láglaunafólks hafa hækkað um.

Það hafa verið hafðar af öldruðum stórar fjárhæðir á þessu tímabili. Samkvæmt útreikningum hefur ríkið haft af öldruðum á þessu tímabili um 40 milljarða króna! Það eru miklir fjármunir. Þetta þýðir að aldraðir áttu megn-

ing af Símapeningunum. Þegar ríkið var að ráðstafa peningunum sem fengust fyrir sölu Símans var í rauninni verið að rástafa að verulegu leyti peningum sem aldraðir áttu.

Hvernig ætlar ríkið að bæta öldruðum það, sem af þeim hefur verið haft? Ríkisstjórnin hefur sagt að enda þótt búið sé að rástafa megninu af Símapeningunum muni sú ráðstöfun rýmka til fyrir öðrum fjárveitingum. Það verður því væntanlega af þeim sökum auðveldara að standa við endurgreiðslur til aldraðra. Það er krafa aldraðra að staðið verði við fyrirheitin, sem þeim var gefið 1995. Þeir eiga rétt á því.



Úthringi-æði

Rétt fyrir jóla renna á menn ýmiss konar æði. Eitt af þeim er úthringi-æði góðgerðafélaga. Í vikunni hefur ég fengið fimm slík símtöl en eiginmaðurinn ekkert, reyndar var í einu símtalinu spurt eftir öðru hvoru okkar. Undirrituð hefur unnið við úthringingar sjálf og veit því hversu niðurþendi það er að fá hranaleg og jafnvel dónaleg svör fólks sem stundum skellir nánast á áður en úthringjandinn nær að kynna sig og hvaða málefni hann hringi út af. Því reynir maður að biða eftir að viðkomandi hafi klárað fyrstu setningu áður en tilkynnt er að númerið sem hringt var í sé bannmerkt í símaskrá. Fólk biður margfaldlega afsökunar og lofar að skrá nafnið manns niður þannig að ekki verði hringt aftur. Af fenginni reynslu er vitað að það eru orðin tóm.

Guðrún Pálína Ólafsdóttir á deiglan.com

Glansmyndir

Sjálfsagt eru fáir leiðangrar í rannsóknarblaðamennsku frægari en sá sem þýski blaðamaðurinn Günter Wallraff hélt í árin 1983-1985 þegar að hann dulbjó sig sem tyrkneskan verkamann og kynntist því lífi og þeim kjörum sem hið svokallaða gestaverkafólk (Gästarbeiter) bjó við í Þýskalandi. Afrakstur úttektarinnar varð frægur um allan heim í bók Wallraffs, Ganz unten (Niðurlægingin í íslensku þýðingu frá 1986) þar sem hulunni var svipt af tvöfeldni þýsks þjóðfélags. Gestaverkafólkkið þrælaði - og þrælaði er rétta orðið - við ómurlegar aðstæður til þess að halda gangandi glansmyndinni af hinu góða og yndislega Þýskalandi hinum betur settu borgurum til handa.

Sigurður Ólafsson á sellan.is

Námsmenn í vinnu

Þetta er auðvitað ekki í fyrsta skiptið sem ég geng um verslunarkjarna borgarinnar og auðvitað veit ég að flestar búðanna eru mannaðar með ungu og frísklegu fólki. Það kom mér hinsvegar á óvart að vinkona mín, sem er framhaldsskólakennari, virtist þekkja flestar stúlkurnar sem tóku á móti okkur í öðrum verslunarkjarnanum. Vinkona mín var líka hissa enda var um að ræða sama stúlknaþópinn og deilt hafði ákaft á styttingu náms til stúdentsprófs. Athyglisvert.

Vinkona mín, framhaldsskólakennarinn, ákvað að gera örlitla könnun í framhaldi þessarar upplifunar okkar þar sem hún spurði hversu hátt starfshlutfall þessara stúlkna almennt væri. Könnunin var ekki mjög vísendaleg en í ljós kom að margar stunda 50 til 60% starf með skólanum. Ástæðan? Oftast til þess að eiga pening fyrir fótum.

Kristrún Lind Birgisdóttir af tikin.is

allt
bílar

Alla laugardaga

VEGLEGI PAKKINN

300.000 KALL Í JÓLAGJÖF!

**NÝR PATHFINDER MEÐ TVÖ HUNDRUÐ ÞÚSUND KRÓNA
AFSLÆTTI OG HUNDRUÐ ÞÚSUND KRÓNA JÓLAGJÖF Í
KAUPBÆTI. AÐEINS 20 BÍLAR Á ÞESSU TILBOÐI!**



JÓLA-NISSAN PATHFINDER

**AÐEINS 20 BÍLAR
Á ÞESSU TILBOÐI!**

200.000 kr. jólaafsláttur!

Tegund	Verð með afslætti
Pathfinder XE beinskíptur	3.590.000,-
Pathfinder SE beinskíptur	3.950.000,-
Pathfinder SE sjálfskíptur	4.090.000,-
Pathfinder LE sjálfskíptur	4.590.000,-
Pathfinder LE IT	4.790.000,-



SKIPT_um landslag

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

WOLFGANG AMADEUS MOZART
(1756-1791) LÉST PENNAN DAG.

„Hvorki greind né
ímyndunarafli, né bæði
saman, geta búið til
snilling. Ást, ást, ást, það
er sál snilligáfunnar.

WOLFGANG AMADEUS MOZART ER
EITT ÁSTÆLSTA OG FRÆGASTA
TÓNSKÁLD ALLRA TÍMA.



tímamót

tímamot@frettabladid.is

JARÐARFARIR

13.00 **Gunnar Oddur Sigurðsson**,
Ástúni 10, Kópavogi,
verður jarðsungið frá
Háteigskirkju.

13.00 **Óli J. Blöndal** frá
Siglufirði, Unnarbraut
1, Seltjarnarnesi,
verður jarðsungið frá
Grafarvogskirkju.

13.30 **Sigurlaug Jónsdóttir**,
Ekuramára 15, Kópavogi,
verður jarðsungið frá
Akureyrarkirkju.

AFMÆLI



Lýður Árnason,
læknir og
kvikmynda-
gerðarmaður, er
43 ára.

**Kjartan
Magnússon**
borgarfulltrúi
er 38 ára.



FÆDDUST PENNAN DAG




**1782 Martin Van
Buren**, forseti
Bandaríkjanna.

**1839 George
Custer**
hershöfðingi.



1901 Walt Disney,
stofnandi Disney
kvikmynda-
fyrirtækisins.



Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar
aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110,
893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVÍKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Gallup lömun fyrir 365 prentiblaði maí 2005.

Fróðleikur af gardur.is



Merkt hjúkrunar- og félagsmálakona:

María Maack

María Maack var fædd á Stað í Grunnvík 21. okt. 1889, dóttir sr. Péturs Maack (drukkn. 1892) og k.h. Vigdísar Einarsdóttur. Ólst upp með móður sinni á Faxastöðum í Grunnvík, en hélt suður á 19. ári, átti þó ekki kost á langskólanámi, en réð sig sem gangastúlku á Hóldsveikraspítalanum í Laugarnesi 1909 gegn loforði um að komast að sem lærlingur. Við hjúkrunarfræðinám þar 1909–10, lauk prófi hjá Sæmundi Bjarnhéðinssyni yfirlækni. Hjúkrk. við Laugarnesspít. 1911–16, í Vestm.eyjum 1916–17 og hjá Rvíkurborg frá jan. 1918, lengst við Farsóttahúsið, yfirhjúkrk. þar 1920–64, hafði þá stundað hjúkrun í 55 ár. Stærsta verkefnið á ferli hennar var spænska veikin 1918. Lét hún sér mjög annnt um sjúklinga sína, og leituðu margir til hennar með vandamál sín. Var kona skapmikil, en átti jafnframt hlýju og nærgætni. Hún unni íslenskri náttúru og ferðaðist víða um land á hestum. Sat í framfærslunefnd Rvíkur allmörg ár. Einn stofnenda fyrsta flokkspólitiska kvenfél. á Íslandi, Sjálfstæðiskvinnafél. Hvatar 1937, form. þar; starfaði í Sálarrannsóknarfél., Slysavarnafél. Ísl. frá stofnun og Kvenréttindafélaginu. Lengi gjaldkeri og form. í Vestfirringafélaginu. Lét hún sér annnt um æskuslóðir sínar í Grunnvík, leigði prestssetrið á Stað og ferðaðist þangað á hverju sumri fram á elliár. Fekkt riddarakross FO 1959. Lézt 9. marz 1975, ógift og barnlaus.

Meira um hana á gardur.is

gardur.is

Hægt er að setja inn ævildög lítinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is

PETTA GERÐIST > 5. DESEMBER 1977

Sadat slítur sambandi við arabalönd

Á þessum degi árið 1977 sleit Anwar Sadat, forseti Egyptalands, öllu sambandi við Sýrland, Líbýu, Alsír og Suður-Yemen. Þá gaf hann diplómötum landanna einn sólarhring til að yfirgefa Egyptaland og kallaði heim sendifulltrúa sína í þessum löndum.

Sadat tók þessa ákvörðun í tengslum við Trípólí-samninginn, sem þessi fjögur lönd og frelsishreyfing Palestínu PLO, gerðu stuttu áður. Með þeim samningi vildu Arabalöndin refsa Sadat fyrir að viðurkenna Ísrael sem sjálfstætt ríki og kvað samningurinn á um að löndin skyldu „frysta“ öll tengsl við egypsk yfirvöld enda var talið að heimsókn Sadats til Ísrael fyrr á árinu jaðraði við föðurlandssvik.

Sadat lét þessar aðgerðir arabalandanna ekki á sig fá og í september á næsta ári skrifuðu egypsk og ísraelsk yfirvöld undir Camp David-fríðarsamkomulagið. Sama ár hlutu Sadat og



ANWAR SADAT

Menachem Begin, forsætisráðherra Ísraels, fríðarverðlaun Nóbels.

MERKISATBURÐIR

- 1848 Polk Bandaríkjaforseti tilkynnir að gull hafi fundist í Kaliforníu.
- 1926 Franski myndlistarmaðurinn Claude Monet andast.
- 1933 Áfengisbanni lýkur í Bandaríkjunum.
- 1968 Jarðskálfti finnst í Reykjavík. Hann mælist 6 stig og er einn sá snarpasti síðan 1929.
- 1978 Yfirvöld í Sovétríkjunum og Afganistan skrifa undir fríðarsáttmála.
- 1998 Þrjú stór verkalýðsfélög sameinast. Starfsmannafélagið Sókn, Félag starfsfólks í veitingahúsum og Dagsbrún-Framsókn. Nýja félagið hlýtur nafnið Efling.

VALDIMAR GRÍMSSON: ER FERTUGUR Í DAG

Byssutaskan besta gjöfin

„Að sjálfsögðu reynir maður að taka sér náðardag og vera aðeins latari á morgnana en vanalega,“ segir Valdimar Grímsson, fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta, sem er fertugur í dag. Hann hélt veglega veislu af þessu tilefni fyrir um 150 manns í Hlíðarenda, félagsheimili Valsmanna. „Ég hélt líka veislu þar fyrir tuttugu árum,“ segir Valdimar sem á margar góðar minningar úr þessu húsi enda Valsari af hjarta og sál.

„Ég hef alltaf verið mikið afmælisbarn og hef gaman af afmælishaldi. „Það eru allir í svo góðu skapi enda gaman að sjá svona glæsilegan mann eldast,“ segir hann og hlær. „Fyrst og fremst er þetta kærkomið tækifæri til að hitta vini sína og vandamenn,“ segir Valdimar en í dag ætlar hann að einbeita sér að fjölskyldunni.

Þó afmælisgjafir séu algert aukaatriði í augum Valdimars segist hann þó oft hafa fengið hluti sem honum þykir vænt um. „Ætli ég muni ekki mest eftir byssutöskunni sem ég fékk frá konunni minni þegar ég varð 25 ára. Ég var kominn með byssudellu og hún vildi styðja við bakið á mér og keypti flottustu byssutöskuna. Hún var fyrir samanbrotinn ríffil og ég átti bara eina haglabyssu þannig að hún passaði engan veginn,“ segir hann og hlær. „Þetta er minnisstæðasta gjöfin því ég var búin að tala um það í langan tíma að fá að fara í veiði og henni fannst þetta enn eitt áhugamálið en svo lét hún tilleiðast og studdi mig í því. Við höfum alltaf getað hlegið að henni og líklega þess vegna sem hún er svona minnisstæð,“ segir Valdimar sem er eigandi og starfandi framkvæmdastjóri Dimar, sem sér um rekstur Lystadún-Marco, Sólargluggatjalda og Vogue. Hann hefur í lengri tíma stjórnað þessum fyrirtækjum en ekki er langt síðan hann fór sjálfstætt út í reksturinn.

„Þetta er mjög skemmtilegt en ekkert auðvelt,“ segir Valdimar sem segist vinna best undir pressu og álagi og sækir hann sérstaklega í slíkt. Líklega nýtur hann þar góðs af reynslu sinni í handboltanum. Hann hefur hins vegar lagt handboltaskóna algerlega á hilluna í



Í FYRIRTEKJAREKSTRÍ Valdimar er eigandi og starfandi framkvæmdastjóri Dimar sem sér um rekstur Lystadún-Marco, Sólargluggatjalda og Vogue.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

vetur. Hann tekur þó ekki svo djúpt í árinna að vera hættur. „Það kemur alltaf dagur eftir þennan dag og aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér,“ segir Valdimar sem lætur sér nægja að horfa á leiki og styðja sitt lið, Val.

FYRSTA STARFIÐ: ÖRN ÁRNASON SKEMMTIKRAFTUR

Á sjó með karli föður sínum

„Fyrsta launaða vinnan sem ég fékk var á sjó með karli föður mínum, einhvers staðar innan við tíu ára aldurinn,“ segir Örn Árnason skemmtikraftur. „Þá var aðgreint það sem pabbi veiddi og það sem ég veiddi og aflinn lagður inn í kaupfélagið. Annað hvort leysti maður inneignina út í vörum eða fékk pening.“ Útskýrir Örn sem ávallt dvaldi í Hrísey á sumrin. „Ég hef alltaf sagt að ég hafi átt mína skólaæsku í Reykjavík og sumaruppeldisæsku í Hrísey,“ segir Örn glettinn sem fór ávallt með foreldrum sínum norður í upphafi sumars og kom aftur til Reykjavíkur að hausti. Örn var orðinn vanur sjónum mjög ungar enda tóku foreldrar hans hann ávallt með á sjóinn. „Maður var ekkert skilinn eftir í landi enda voru þá ekki til nein lykklabörn,“ segir Örn kíminn. Örn hafði mikla unun af því að fara á sjóinn með pabba sínum. Hann var þó ekki í fullri vinnu heldur fór öðru hvoru. „Þetta var formúla,“ segir Örn um launin sem hann fékk en vitnar í George Best um hvað sumarhýran fór í. „Best sagði að hann hefði eytt öllu sínu fé í brennivín og konur og restinni í einhverja vitleysu. Ég hef líklega eytt peningunum í dót og drasl og restin fór í vitleysu,“ segir Örn og skellihlær. Örn segist ótvírætt hafa lært mikið af þessari reynslu. „Þegar maður aflar eigin tekna, þó það sé ekki mikið, þá stendur maður á eigin



fötum og uppsker laun síns eigin erfðis,“ segir Örn og finnst sorglegt hve lítið er um að börn fari í sveit eins og tíðkaðist hér í eina tíð.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
Reykjavík 10.56 13.18 15.40
Akureyri 11.06 13.03 15.00
Heimild: Almanak Háskólans

hús o.fl.

Heiðar snyrtir vildi vera arftaki
Gísla á Uppsölum bls. 2

fasteignir o.fl.

Hlédís Sveinsdóttir segir frá
húsi í Garðabæ bls. 11

VEGGFÓÐUR
Í þættinum í
kvöld **BLS. 4**



FRÉTTABLAÐIÐ

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

Góðan dag

Í dag er mánudagurinn 5. desember 339. dagur ársins 2005

FASTEIGNASÖLUR

Ás	14-16
Bifröst	10
Búseti	19
Draumahús	21-24
Eignastýring	26
Fasteignastofa Suðurn.	12
Fasteignastofan	7
FMG	12
FMH	27
Foss	11
Fyrirtækjasala Ísl.	36
Hof	25
Hraunhamar	8-9
Lundur	32
Lyngvík	13
Neteign	18
Nýtt	33
Remax	28-29
Smárinn	30
Stoðir	34
TM fasteignir	17
X-hús	35



Ölduslóð 4 er þriggja hæða raðhús á rölegum stað í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Raðhús við klaustrið í Hafnarfirði

Fasteignamiðlun Hafnarfjarðar er með til sölu glæsilegt raðhús á friðsælum stað við klaustrið í Hafnarfirði. Húsið er 274,3 fermetrar á þremur hæðum en á neðstu hæð er séríbúð og bílskúr.

Inngangur aðalíbúðarinnar er á annarri hæð og komið er inn í flísalagða forstofu með skáp og gestasnyrtingu. Á hæðinni er rúmgóð parketlögð stofa og borðstofa, snyrtileg arinstofa með vönduðum arni og rúmgott eldhús með vandaðri innréttingu. Inn af eldhúsinu er búr og þvottahús og úr því er útgengt í fallegan garð. Upp á efri

hæð liggur vandaður steypur stigi. Þar eru fjögur rúmgóð herbergi og flísalagt baðherbergi með snyrtilegri innréttingu, baðkari og sturtu.

Íbúðin sem á jarðhæðinni er er tveggja herbergja. Komið er inn í rúmgott hol og í íbúðinni eru stofa og eldhús í sama rými, svefnherbergi með útgengi í garð og baðherbergi með sturtu. Inn af baðherberginu er geymsla og þvottahús.

Bílskúrinn er rúmgóður með hurðaopnara og hiti er í bílplani og tröppum. Útsýni úr húsinu er glæsilegt og stutt er í skóla og aðra þjónustu.

Ásett verð er 44,9 milljónir.

LIGGUR Í LOFTINU [FASTEIGNIR HÚS]

Ísfríðingar gætu átt von á að fá nýja sundlaug og líkamsræktarstöð. Einkaaðili hefur sóst eftir því að fá að byggja hvort tveggja og fáist heimild frá bæjaryfirvöldum Ísafjarðar verður að öllum líkindum ráðist í framkvæmdina á næsta ári.

Eykt ehf. hefur hugað á því að reisa 2.000 manna byggð á landsvæði fyrir austan Hveragerði. Forsvarsmenn Hveragerðisbæjar og fulltrúar Eyktar miða við að gengið verði frá samningum fyrir áramót. Fyrir

huguð er langtímauppbygging á 80 hektara landi fyrir austan Varmá. Í dag er það bæjarfélagið sem er eigandi að meirihluta landsins.

Tilboð óskast í fjóra verkþætti Hraunaveitu og Ufsarstíflu Kárahnjúkavirkjunar en verkefnum á að ljúka á árinu 2008. Tilboðum skal skila til Landsvirkjunar í síðasta lagi þann 24. janúar 2006 vegna þriggja verkþátta og tilboðum í fjórða þáttinn skal skila í síðasta lagi 21. febrúar árið 2006. Nánari upplýsingar eru á www.karahnjukar.is.



SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is



Við hjálpum þér að eignast draumaheimilið

Fasteignalán

Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum fasteignalánnum hjálpum við þér að eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Útjólaskraut

er margvíslegt og margir leggja mikið upp úr því að skreyta húsin sín og garðana fyrir jólin. Nú er til dæmis hægt að kaupa ýmislegt sem áður sást bara í bandarískum gördum eins og risastóra ljósajólaveina og snjókarla.



ÍBÚÐARHÚS - FRÍSTUNDAHÚS
BYGGÐ ÚR NORSKUM KJÖRVIDI - NÁTTÚRUVÆN FÚAVÖRN

Re Hús Grennasvegi 22. Sími 511 5550. Veffang, www.rchus.is

Bómullarsatín sett í miklu úrvali

VERIÐ
Glæsibú, s. 552 0978
www.damask.is

Mikið úrval af burstasettum og neistahlífa, ásamt ýmis konar aukahlutum.

Opið laugardaga kl. 10-16 og sunnudaga kl. 12-16 til jóla.

Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)
Sími 567 2133 - www.arinn.is

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

GLÓFAXI HEF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

Glæsilegt úrval Sisal og Kókos gólfteppa

Heimilisgólfdukar
Tilboðsverð frá kr. 900 á m²

Teppamottur
40% afsláttur

Teppi horn í horn

Stigateppi
Niðsterk og létt í þrifum

Gerum tilboð að kostnaðarlausu

GÓLFBÚNAÐUR
KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 510 5510 • 510 5500
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.



Heiðar myndi búa á Snæfellsnesi ef þar væru fleiri konur sem létu mála sig.

Væri til í að vera arftaki Gísla á Uppsölum

Stórfjölskylda Heiðars Jónssonar snyrtis á gamalt ættaróðal vestur á Snæfellsnesi. Langafi hans keypti húsið á sínum tíma, en eftir að bílarnir komu til sögunnar lagðist býlið í eyði.

Heiðar Jónsson snyrtir á sér ýmis uppáhaldshús en það er húsið vestur á Snæfellsnesi sem á staðinn í hjarta hans. „Húsið er að Krossum og er eyðibýli í dag. Við stórfjölskyldan eigum það saman og í dag er það sumarhúsið okkar þannig séð.“

Húsið er líklega eitt af fáum austfirskum húsum á Vesturlandi að Heiðars sögn. „Austfirsku húsin voru norsk hús flutt inn í einingum á Seyðisfjörð og þaðan á firðina í gamla daga. Afi minn sem dó ungur úr berklum var Eskfirðingur en amma mín var Snæfellingur. Afi hafði milligöngu um að tengdafaðir hans keypti þetta hús í gegnum austfirsku aðilana.“

Þetta hús á sér greinilega langa sögu og voru flutningarnir á því einir og sér merkilegir. „Húsið kom til Reykjavíkur og var flutt á prömmum í Borgarnes og þaðan á öðrum prömmum upp undir Kolbeinsstaðahrepp. Ein stærsta hestalest sem vitað var um á þessum slóðum flutti það síðan að Krossum,“ segir Heiðar. Húsið var fullgert árið 1928 og þótti mikið stórhúsi enda tvílyft timburhús á steiptum grunni. Það er staðsett á sunnanverðu Snæfellsnesinu við enda Löngufjara. „Þetta er ein af þessum jörðum sem var kostajörð meðan hestanna naut við þar sem Löngufjörur voru í þjóðleið. Því var þetta stórbýli og mikið gest-



Húsið að Krossum kemur alla leið frá Noregi en hefur staðið á Snæfellsnesi síðan 1928.

kvæmt en síðan komu bílarnir og vegur upp undir fjallið,“ segir Heiðar sem bjó sjálfur aldrei í húsinu. „Fjölskylda mín lenti í hremmingum og flosnaði upp og ég var gefinn á prestssetrið á Staðastað eins árs gamall.“

Þó Heiðar hafi búið í Reykjavík í 40 ár kveðst hann í raun aldrei hafa átt heima þar. Það er því ekki úr vegi að spyrja hvers vegna hann búi ekki á nesinu fagra. „Það er bara ekki nóg af

kerlingum sem vilja láta mála sig þar,“ segir hann skellihljæjandi og bætir því við að ennfremur sé engin sjónvarpsstöð send þaðan út en eins og flestir vita sér hann um þáttinn Allt í drasli ásamt Margréti Sigfúsdóttur. „Ég væri alveg til í að vera arftaki Gísla á Uppsölum en það yrði ekkert vinsælt hjá aðstandendum!“ segir Heiðar að lokum.

mariathora@frettabladid.is

Sígræna jólatréð
— eðaltré ári eftir ári

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum þrýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Trufflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Skátamiðstöðin Hraunbæ 123

Bandalag íslenskra skáta



RÁÐ frá Rakel

RAKEL ÁRNADÓTTIR FÓÐRAR VEGGI

Veggfóður og veggfóður

Það er hægt að fóðra hjá sér veggina á ýmsan hátt og margar veggfóðursgerðir í boði. Flestir halda eflaust að nóg sé að ákveða liti og munstur þegar velja á veggfóður. Málið er ekki svona einfalt því fjölmargar gerðir eru á markaðnum, en hér verða nefndar þær helstu.

Umhverfisvænt veggfóður er unnið úr óbleiktum pappa og ofnæmisprófuðum litum og lími, sem hentar fólki með ofnæmi eða astma. Gallarnir eru að veggfóðrið er dýrt og ekki er alltaf yfirborð til hlífðar, þannig að það drekkur í sig óhreinindi og slitnar.

Sumt veggfóður er úr trefjum. Í stað þess að vera ofið eru þræðirnir pressaðir saman undir miklum þrýstingi. Úr verður efni með tauáferð sem líkist flaueli. Auðvelt er að setja það upp og það hrindir frá sér óhreinindum.

Venjulegt pappirveggfóður er vinsælast og ræður mikið úrval lita og munstra líklega mestu. Verðið er breytilegt og er auðvelt að láta freistast af því ódýrasta, en gætið að ykkur. Gæði geta borgað sig. Pappírinn er misjafnlega slitsterkur og göt myndast á sumar tegundir við minnsta hnask.

Pappírinn þolir ekki alltaf að þurrkað sé af með rökum klúti og getur því verið erfitt að halda veggfóðrinu hreinu.

Ofið veggfóður er helst úr líni eða viskós. Það hefur fallega og sterka sjónræna áferð með flóknum og faguðum ofnum munstrum, sem geta gert kröfur til þess að húsgögn séu í stíl. Það er dýrt, safnar auðveldlega í sig ryki og þarf að ryksuga.

Ofangreint veggfóður, þ.e. trefja-, pappirs- og tauveggfóður, er stundum húðað með þunnri vínýlfilmu eða unnið með fljótandi akrýlefnem sem gerir það sterkara þannig að það hrindir frá sér raka og fitu jafnframt því að „anda“.

Ekki má gleyma vínýlveggfóðri. Það er slétt, þétt og slitsterkt. Það er því fint í ganga og eldhús, en þó einkum fyrir barnafjölskyldur. Úrval munsturs og lita er mikið. Auðvelt er að leggja það á ósléttu veggja vegna þess hve þykkt það er, sem getur líka verið galli vegna þess að þá ná veggirnir ekki að „anda“. Auðvelt er þrifa það og það hentar vel í baðherbergi þar sem raki er mikill.

allt
jólin koma
Alla þriðjudaga til fimmtudaga

Fataskápar

Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

impuls

– veldu þér jólagjöf

Simens TK60001
Expresso kaffivél
Verðmæti: kr.75.054,-
eða
Diboss -LT20HLF
20" LCD sjónvarp
Verðmæti: kr.59.990,-

þegar þú kaupir **impuls** eldhúsinnréttingu.

Jólagjöfin afhendist í desember og eldhúsinnréttingin eftir eigin ósk á næsta ári. Tilboðið gildir til 20. desember 2005

– klassískar

– vandaðar

PANORAMA
ELDHÚS • TÆKI • BÆD • FATASKÁPAR
... miðstöð innréttinga
Síðumúla 30 • 108 Reykjavík
s. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www.panorama.is

LOPIÐ
Virka daga kl. 10 - 18
Laugardaga kl. 11 - 14

pgv

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...

ENGIN MÁLNINGAVINNA

HVORKI FÚI NÉ RYÐ

FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN

FALLEGT ÚTLIT

MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR

ÖRUGG VIND OG VATNSPÉTING

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is

Heimilislán SPK

– þú færð betri kjör hjá okkur

Þú getur notað lánið til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

Sparisjóður Kópavogs
Hlíðasmára 19 • Digranesvegi 10 • Select við Smáralind
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is

spk

- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur hjá SPK

Gæða hús handa þér

**Bjálkahús ehf**

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

GÍTARINN
HEJÓDFÆRAVERSLUN

Opn:
Mán-Fös: 10-18
Lau: 11-16

Þjóðlagagítar
Póki, Ó, Gítarvegur, Stórfélag,
DVD Kennslumyndband,
Auka Stengisveitt.
Kr. 12.900,-

Rafmagnsgítar
10 W Magnar, Póki, Ó, Snara,
Gítarvegur, Heymahlíð,
DVD Kennslumyndband.
Kr. 16.900,-

PP-300 Trommusett
Trommusett með Crash og Hi-Hat dekkum,
Stóttum, Trommusól, og Trommukúðum.
Kr. 35.900,-

Klassískur Gítar
Póki, Stórfélag, Auka Stengisveitt,
DVD Kennslumyndband.
Kr. 10.900,-

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

**Gítar og bassa-
magnarar**

TONABÚÐIN

Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri s.462-1415
Skipholt 21, 105 Reykjavík s.5524515

tonabudin.is

HENRAD OFNAR
10
ÁRA
ÁBYRGÐ

30%
afsláttur

**Ekki láta þér
verða kalt**

HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

VEGGFÓÐUR



Egill sýnir Völu smekklegu vinnustofuna sína en henni er lokað með rennihúð úr hertu gleri.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Egill byggði vinnustofu inni í stofunni sinni

Þátturinn Veggfóður verður fjölbreyttur að venju í kvöld. Þar mun Vala Matt meðal annars kíkja í heimsókn til dagskrárgerðarmannsins Egils Eðvarssonar þar sem hann hefur útbúið herbergi úr gleri inni í stofu hjá sér.

„Það var ekki flóknara en það að mig vantaði vinnustofu. Ég hef alltaf átt mér vinnustofu tengda heimilinu, þar sem ég mála mikið. Í þetta skiptið var ekkert auka rými þannig að ég ákvað að taka hluta úr stofunni og byggja mér vinnustofu úr gleri,“ segir Egill og bætir við að það hafi gengið ljómandi vel að smíða hana.

Hann segir að fátt annað en gler hafi komið til greina sem veggir í herbergið. „Mig langaði ekki að loka mig af í einhverju gluggalausum rými. Þannig að hugmyndin kviknaði út frá þörfinni. Ég þurfti að hafa ljós og birtu og hefði ég lokað þessu hefði hvort tveggja minnkað, stofan og vinnuherbergið. Uppi stendur líka þessi skemmtilega lausn.

Vinnuherbergið nýtir Egill ekki bara til að mála heldur má einnig nota það sem svefnherbergi. „Vakinn og sofinn er ég inni á vinnustofunni og svo hef ég heimilið allt í kring,“ segir Egill en neitar því að það sé óþægilegt að sofa inni í svona opnu herbergi. „Það er mjög þægilegt. Úr herberginu sé ég stofuna, eldhúsið, borðstofuna og allt. Ég get líka unnið út í eitt þarna. Þegar ég er orðinn yfirþreyttur á að mála þá dett ég



Hér sést hversu lítið svæði fer undir glerveggina stela í burtu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

bara í rúmið sjálfvirkt og vakna síðan bara í rúminu, stíf fram úr

og held áfram. Þannig að þetta er mjög praktískt,“ segir Egill og hlær.

Vala er einnig mjög hrifin af þessari lausn. „Algjör snilldarlausn þegar búa á til herbergi inni í stofunni.“ Það verður einnig margt annað skemmtilegt í hönnunar- og lífstílsþættinum Veggfóðri í kvöld klukkan 21 á sjónvarpsstöðinni Sirkus.



Herbergið má bæði nýta sem vinnuástöðu og sem svefnherbergi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



Glerherbergið er mjög opið og það finnst Agli vera mikill kostur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

gangstéttir }

Hvernig er best að hreinsa snjó?

AÐFERÐIR FARA EFTIR AÐSTÆÐUM

Þegar snjóa tekur verða gangstéttir og tröppur oft á tíðum ófærar gangangi vegfarendum. Hægt er að ráða bót á þeim vanda með ýmsum hætti, en ekki er sama hvaða aðferð og verkfæri eru notuð.



Á að salta hér eða sanda? Nota skófla eða sóp? MYND/PIETUR

SKÓFLA

Kostir: Tekur mikið snjómagn í einu. Hægt að ráðast á ís með sterku skóflublaði.

Gallar: Nær ekki finu, þunnu snjólagi. Hentar best: Við mikinn, þungan snjó.

SÓPUR

Kostir: Hreinsar hvert einasta snjókorn, sé snjóinn þurr og léttur. Gallar: Gagnast lítið á blautan snjó eða ís.

Hentar best: Strax eftir léttu snjókömu í töluverðu frosti.

HEITT VATN

Kostir: Bræðir það sem fyrir verður, hvort sem það er snjó eða ís. Gallar: Frýs aftur og verður flughálka. Heitt vatn getur skemmt steypu. Hentar best: Í hláku. Til að hreinsa gamlan ís, t.d. af trépöllum.

SALT

Kostir: Skilur engar leifar eftir sig. Bræðir frá sér hægt og rólega. Gallar: Salt hefur tærandi áhrif á mörg efni. Virkar illa í frosti. Hentar best: Um og yfir frostmarki. Á þunnt snjó- og íslag.

SANDUR

Kostir: Gerir hált yfirborð stamara og öruggara yfirferðar. Virkar óháð hitastigi. Gallar: Eyðist ekki. Verður á sama stað í vor. Hefur engin áhrif á snjóinn sjálfan. Hentar best: Á þunnt hákulag, blautan ís eða þjappaðan snjó.

Flikkað upp á flísar

Lítið mál að hressa upp á gamlar flísar.



Málaðu gömlu flísarnar og gefðu þeim nýtt líf.

Til að mála gamlar flísar þarftu að hafa sterkt hreinsiefni, sveppaeyði til að hreinsa upp úr gömlum fúgum, naglabursta, grunnmálningu, vatnslakk, sandpappír, málningarlímband, rykklút, pensil með gerviefnahárum eða rúllu og plast til að hylja innbúðið.

Rýmið herbergið af húsgögnum og breiðið plast á gólfu. Athugið hvort nauðsynlegt sé að gera við eða skipta um flísar því þá þarf fúgan að þorna í um það bil viku áður en flísarnar eru málaðar. Hreinsið alla fitu af flísunum og notið sveppaeyði ef þarf. Flísarnar þurfa að vera alveg þurrar áður en málað er. Skrapið gamla málningu af flísunum og málið alltaf í sömu átt. Látið

grunninn þorna í um sólarhring. Þegar grunnurinn er orðinn þurr þá er strokið með sandpappír yfir penslaför og misfellur og strjúkið yfir með rykklút. Málið svo með lakki, alltaf í sömu átt, og reynið að hylja allan grunninn til þess að gera vatnshelt. Látið lakkið þorna. Strjúkið svo aftur með sandpappír yfir misfellur og pensilför og málið svo seinni umferð eins og áður. www.husasmidjan.is

Tilboð á völdum vörum



local

Húsgögn og gjafavara

Skeifan 3A við hlið Atlantsolíu
108 Reykjavík
Sími: 517 3600 • Fax: 517 3604
mylogo@mmedia.is
www.local1.is

Temprakon hitajöfnunarsængin



Sængin sem breytir öllu

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.



Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafurumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.



TempraKon heilsukodrar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.



TempraKon yfirdýnan. Tilvalið fyrir heitfenga jafnt sem kulvísa.



Jólagjöfin í ár

www.design.is © 2005



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16
Sunnudag frá kl. 13-17

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

GLUGGA LAUSNIR

Hafðu samband og við komum heim til þín

Vandað, einfalt og ódýrt

Budget Blinds **534 1300**
www.gluggalausnir.is

TEXTÍLGALLERY



SKIPHOLTI 21 (NÓATÚNSMEGIN)
SÍMI 561 0847

Stærri aðgerðum á heimilum að ljúka

Flestir eru búnir með stórförum framkvæmdirnar þegar jólin nálgast.

Þegar jólin nálgast fer fólk að taka til við húsframkvæmdir. Júlíus Haraldsson, söluráðgjafi Byko segir mikið um að fólk sé að fínússa íbúðirnar á þessum tíma.

„Þegar desember gengur í garð fara stóru framkvæmdirnar að minnka. Fólk sem kemur hingað er að flísa- eða parket-

leggja, klára að kaupa síðasta skápinn og svo framvegis.“

Júlíus hefur tekið eftir breytingum síðustu ár. „Það hefur færst í aukana að fólk geri upp gömlu heimilin sín fremur en að skipta um húsnæði. Það eyðir frekar peningum í að breyta og laga en flytja,“ segir Júlíus.

Fólk leggur greinilega áherslu á að hafa jólaandann í lagi og reyna að slaka á. Það má ekki gleyma því að jólin eru ekkert verri þótt íbúðin sé ekki glansandi hrein og fín!



Margir eru að leggja lokahönd á framkvæmdir í desembermánuði.



Ljóð og myndir eftir lítinn dreng á svaladyrum foreldra hans þótt hann sé uppkominn og floginn úr hreiðrinu.

Ljóð og önnur list á glugga

Sandblástursfilmur í gluggum með myndum eða texta njóta vaxandi vinsælda á heimilum.

„Það færir stöðugt í vöxt að fólk fái sér filmur í gluggana og skreyti þær með ýmsum hætti,“ segir Valgerður J. Þorbjörnsdóttir hjá fyrirtækinu Merkingu. Hún nefnir rúður í útihúðum heimila sem sýna nöfn heimilisfólks eða skreytilist af einhverju tagi og segir líka ljóð eða annan hnyttinn texta verða æftar fyrir valinu.

„Þá er misjafnt í hvora áttina fólk vill að textinn vísi,“ segir hún. „Það fer oft eftir staðsetningu. Nöfn fólks eru látin vera læsileg utan frá og yfirleitt annar texti líka ef hann er á neðstu hæð. En myndir og allt sem er á efri hæðum er látið blasa við innan frá. Ef sett er ljóð á svalahurðina þá er það haft læsilegt innanfrá.“ Valgerður segir fyrirtæki líka bjóða upp á límfilmu með myndum sem prentaðar eru á hana og sjást einungis frá annarri hlið filmunnar en hin hliðin er gegnsæ svo það er úr mörgu að velja.



Venus tekur sig vel út í baðherbergisglugganum.



Hjá okkur færðu faglega þjónustu, byggða á þekkingu og áralangri reynslu.

 **TÓNASTÖÐIN**
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími: 552 1185 • www.tonastodin.is

allt
ferðir

Alla miðvikudaga
og laugardaga

... í öruggum höndum Traust og góð þjónusta • Öruggr skjálagerð = Vel heppnuð fasteignaviðskipti

FASTEIGNASTOFAN

Reykjavíkurvegi 60 • Fax 565 5572
www.fasteignastofan.is • Allar eignir á mbl.is

565 5522
Opnir: mán-fim 9-18 og fös 9-17



Í smíðum



ESKIVELLIR - BÍLSKÝLI Í sölu nýjar og glæsilegar 3ja, 4ra og 5. herb. íbúðir í nýju og vönduðu lyftufjölbýli á Völlumum í Hafnarfirði. Íbúðirnar eru frá 80 fm. og upp í 142 fm. Glæsilegur frágangur, m.a. hornbaðkar á baðherbergi. Fyrsta flokks innréttingar frá Modulla. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna en þó með flisum á baðherbergi og þvottahúsi. Hús verður klætt að utan og því viðhaldslítið í nánustu framtíð. Lóð skilast fullfrágengin. Nánari upplýsingar veita sölu-menn Fasteignastofunnar.




KIRKJUVELLIR Í smíðum mjög gott 6 hæða lyftufjölbýli á góðum stað á Völlumum, Hafnarfirði. 4 íbúðir á hæð, 3ja - 4ra herb. íbúðir. Mjög bjartar og vel skipulagðar íbúðir. Íbúðirnar skilast fullbúnar að utan og einnig að innan fyrir utan gólfefni. Vandaðar innréttingar og tæki. Mjög traustur verktaki. Afhending sept. - okt. 2006. Allar nánari uppl. og teikningar á skrifstofu Fasteignastofunnar. Verð frá 16,7 millj.



ESKIVELLIR 7 Erum með í sölu stórglæsilegt lyftufjölbýli á Völlumum í Hafnarfirði. Alls 37 íbúðir ásamt 26 stöðum í bílajakallara. Afar vandaður frágangur, m.a. opnanlegt öryggisgler fyrir svölum. Sérningangur af svölum.

2-3ja herb. verð frá kr. 16,1 millj.
4ra herb. verð frá kr. 19,4 millj.

Traustir verktakar, ER-verktakar. Nánari upplýsingar og teikningar á skrifstofu okkar.



AKURVELLIR Nýkomið í sölu fallegt 6 íbúða fjölbýli á Völlumum með einni 3ja herb. íbúð, 1 4ra herb. íbúð og 4 5 herb. íbúðum. Allar íbúðir eru með sérningangi. Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna, vandaðar innréttingar og fullbúðir að utan. Mjög rúmgóðar íbúðir, frá 109 fm. - 152 fm. Verð frá kr. 23,8 millj.

Einbýli, rað- og parhús



Leikskólinn Sjónarhóll óskar eftir að ráða leikskólakennara - leiðbeinanda. **Upplýsingar í síma 567 8585 eða 866 0509, Bessý.**



Vaktstjórar á Subway

Óskum eftir að ráða vaktstjóra til starfa á Subway. Starfið felst meðal annars í að sjá um uppgerð, pantanir, þjálfun starfsfólks, skipulag vakta ásamt því að afgreiða og þjónusta viðskiptavinum. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á lífandi og skemmtilegum vinnstað. Um er að ræða fullt starf, dagvinnu og/eða vaktavinnu. Aðeins eldri en 18 ára.

Umsóknir á staðnum og á subway.is



Dagvinna-Subway Austurstræti

Óskum eftir fólki í dagvinnu, um er að ræða 100% starf, vinnutími 9-17. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lífandi og skemmtilegur vinnustaður.

Umsóknir á staðnum og á subway.is

Félags- og þjónustumiðstöðin. Aflagrandá 40

leitir að áhugasömu og drífandi fólki til starfa við félagslega heimaþjónustu. Miðstöðin er góður vinnustaður með jákvæðum starfsanda sem býður upp mjög sveigjanlegan vinnutíma. Ertu að leita að framtíðarstarfi eða vinnu með skóla, hafðu samband. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar.

Nánari upplýsingar gefa Helga Eyjólfsdóttir og Unnur Karlsdóttir deildarstjórar í síma 562 2571.

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 FRÉTTABLAÐIÐ

Fékkst þú Fréttablaðið heim í morgun? Ef ekki, láttu okkur vita í Fréttablaðið.

Makita veltisagir. **Þór, Ármúla.**

Glerlist.is **Gler-i-gegn**

Síðasti öruggi skiladagur á jólapökkum utan Evrópu er mánudagurinn 5. desember. Komdu tímanlega með jólapakkana. **Pósturinn.**

Jólahlaðborð fjölskyldunnar.

Bókanir í síma 575-7800. **Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn.**

Nýtt frá Alain Mikli. **Linsan Aðalstræti.**

Framkollun.is

Almenn ökuréttindi. **ekill.is**

Netverslun Tæknaivals: taeknival.is Opið allan sólahringin, netverslun Tæknaivals. taeknival.is **Tæknaival.is Frábær netverslun.**

Kalkúnapíta. **Pítan, Skipholti.**

Réttu stærðirnar. **Belladonna.**

Álfabíkarinn. **Móðurást Hamraborg.**

Jólaort með mynd. **Framkollun.is**

Buffpíta. **Pítan Skipholti.**

Vertu þú sjálf. **Vertu Belladonna.**

Allt til vingerðar. **Áman.**

Sniðugar. Húfur sem hlæja, **Laugavegi 70.**

Bókin- í dag Andlegt dagatal. **Skálholtsútgáfan.**

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar. **Gler-i-gegn.**

Leikur lánið við þig fyrir jóla? **Prófaðu jólahappaþrennuna á næsta sölustað.**

Verið velkomin í Spöngina. Þægilegur verslunarkjarni og næg bílastæði. **Spöngin-Grafarvog.**

Veldu góða skó. **Íljaskinn Háaleitisbraut.**

Nýtt kortatímabil. Opið til 22. **IKEA.**

Opið til 22 til jóla. **IKEA.**

Verið velkomin í Spöngina. Þægilegur verslunarkjarni fyrir jólin. **Spöngin, Grafarvog.**

Innskór í úrvali. **Íljaskinn Háaleitisbraut.**

Vertu Belladonna um jólin.

Kjúklingapíta. **Pítan Skipholti.**

Gerðu sjálfur þitt gæðavín. **Áman.**

Brjóstagaþabolir og brjóstagaþahalदारar, persónuleg þjónusta. **Móðurást, mjaltavéla-leiga, Hamraborg.**

100% ánægja- kynningarafsláttur í Útílísbúðunum fram að áramótum á Adidas hlaupaskóm. **Útílíf.**

Grænmetispíta. **Pítan Skipholti.**

Fjölbreytt úrval. **Gler-i-gegn.**

Eitt símtal - meiri útbreiðsla - lægra verð

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á visir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

KONUR HLUSTA

83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.

Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.



Domino's Pizza óskar eftir starfsmönnum í fullt starf og í hlutastarf. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga. Áhugasamir sæki um á www.dominos.is

Samlokugerð

Vantar fólk til starfa í samlokugerð, dagvinnna eða vaktavinnna. Upplýsingar gefur verkstjóri á staðnum.

Sómi ehf Gilsbúð 9, 210 Garðabæ.

Vífelfell

Óskar eftir að ráða starfsmann í framleiðslusal fyrirtækisins Stuðlahálsi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Umsóknareyðublöð liggja frammi í afgreiðslunni Stuðlahálsi 1. Nánari upplýsingar í síma 525 2500

Óskum eftir starfsfólki

í skynþítældhúsi í Keiluhöllinni Öskjuhlíð. Kvöld og helgarvaktir. **Upplýsingar í síma 864 6112 eða á www.keiluhollin.is**

Óskum eftir starfsfólki

í afgreiðslu í Keiluhöllina Öskjuhlíð.

Upplýsingar í síma 864 6112 eða á www.keiluhollin.is

Rizzo Pizzeria óskar eftir starfsfólki, fullt af vinnu skemmtilegur starfsandi. Nánari uppl. Hraunbæ 121

Bortækni óskar eftir starfsfólki í steypusögun og kjamborun, helst vanir þó ekki skilyrði. Mikil vinna framundan. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 892 7544.

Viltu vera sjálfstæður sendibilstjóri? Vegna mikillar vinnu getum við bætt við nokkrum sendibílum. Greiðabílar 3x67. Uppl. í s. 567 6767.

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. Þroskaheftra. Góð sölulaun. S. 661 7768.

Verkamenn óskast í byggingavinnu í Grafarholti. Góður aðbúnaður. S. 892 3207.

Góðir tekjumöguleikar

Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun ofl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

Atvinna óskast

Útvega pólskt starfsfólk. Erum ekki starfsmannaleiga. S. 894 7799 og adam1@visir.is

Maður á þrítugsaldri óskar eftir góðri vinnu. Er vanur smur og dekkjaverkstæði, akstri á vörubílum. Öll vinna kemur til greina. Uppl. í s. 849 5458.

TILKYNNINGAR

Einkamál

TANTRA

 EROTISK VERSLUN

 LANDSINS MESTIA ÚRVAL AF

 VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM

 FYRIR FULLORÐNA

 OPID MÁN - FÖS 12:00 - 20:00

 OG LAUGARD, 12:00 - 18:00

 FÁKAFENI 11

 HLÍDASMÁRA 13

 SÍMI 588 6969 / 587 6969

 WWW.TANTRA.IS

Viltu vera memm?

300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamáli. Eftir hverju ert þú að biða? Einkamál.is

Nýtt nýtt. Engin þarf að vera makalaus á Íslandi! www.makalaus.is Party og matarklúbur á síðunni.



Allt sem þú þarft
og meira til

allt

Allt um
fasteignir
og heimili
á mánudögum
í Fréttablaðinu.



SIRKUS FJÖLSKYLDAN LEITAR AÐ SÖLUMANNI FYRIR FXP

FXP er skemmtistöfun á útvarpsmiðlunum FM957 og X-lou 977 og sjónvarpsstöðinni PoppTV. FXP hefur yfirburðastöðu í miðlun á afþreyingarefni fyrir ungt fólk. Sirkus leitar að kraftmiklum sölumanni til þessa að koma til liðs við öfluga söludeild FXP. Starfið er skemmtilegt og krefjandi fyrir jákvæða og hugmyndaþríka manneskju sem jafnframt er tilbúin til þess að taka þátt í þeirri kröftugu uppbyggingu sem fram undan er.

Ef þú ert á aldrinum 22-30 ára, langar til að vinna á skemmtilegri söludeild í frábærum félagsskap, sendu okkur þá umsókn með upplýsingum um aldur, reynslu og fyrri störf á netfangið fxpsolumadur@365.is eða á Ljungháls 5, 110 Reykjavík merkt "Sirkus – sölumaður á FXP"

FXP er hluti af Sirkusfjölskyldunni!



STÖRF Leitum að sölumönnum sem búa yfir áráðni, metnaði og frumkvæð til að starfa í einni öflugustu söludeild landsins.

Umsækjendur sendið fyrirspurnir og/eða ferilskrá á Valdimar Birgisson, valdimar@365.is

Ertu góður sölumaður?
Við leitum að þeim bestu.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

allt atvinna

Alla sunnudaga

póst húsið

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrtæki á sviði blaða-, bréfa og vörudreifingar.

Hjá Pósthúsinu starfa um tvö þúsund manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Óskum eftir að ráða vana póstbera til starfa

Um er að ræða störf við útburð á blöðum og pósti á höfuðborgarsvæðinu frá klukkan 7 á morgnana. Lengd vinnutíma er samkomulagsatriði.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af útburði á pósti
- Stundvísi
- Áreiðanleiki
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Æskilegt er að viðkomandi hafi bíl til umráða.

Mjög góð laun í boði!

Nánari upplýsingar veitir Hildur Þórisdóttir í síma 585 8300. Einnig er hægt að senda inn umsókn á umsoknir@posthusid.is

Pósthúsið ehf. Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ, sími 585 8300 fax 585 8309, posthusid@posthusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



ÖSKJUHLÍÐARSKÓLI

Öskjuhlíðarskóli var stofnaður 1961 og hét þá Höfðaskóli. Hann hlaut núverandi nafn sitt 1975 er starfsemin var flutt í Suðurhlíð í fyrsta hluta nýrrar skólabyggingar. 1987 var annar hluti skólans opnaður en í bígerð er þriðji og síðasti hlutinn og á hann meðal annars að hýsa íþróttasal, aðstöðu til sjúkrahjálfunar og læknaaðstöðu. Ormar Þór Guðmundsson og Örnólfur Hall eiga heidurinn að teikningu Öskjuhlíðarskóla.



DRAUMAHÚSIÐ MITT KOLBRÚN ANNA BJÖRNSDÓTTIR


Í miðju kafi að búa það til

„Ég held að draumhúsið mitt sé bara húsið sem ég bý í,“ segir Kolbrún Anna Björnsdóttir leikkona. „Það er í Kópavogi og við erum í miðju kafi að gera það upp og smátt og smátt að gera það eins og við viljum hafa það. Mér finnst alveg frábært að stússa í því að gera upp hús og sjá svo drauminn verða að veruleika.“ Kolbrún segir að þau hjónin hafi fallið fyrir húsinu vegna þess hversu bjart var þar inni. „Við höfum verið að breyta því smátt og smátt eftir okkar höfði, gera hluti eins og að skipta út teppi fyrir parket og gera upp litla garðstofu sem var alveg að hrynja. Næst á dagskrá

er að skipta um eldhús.“ Húsið hennar Kolbrúnar á sér sína sögu. „Árið 1942 var það sumarbústaður og svo hefur verið byggt við það síðan þar til 1989 þegar síðasta viðbyggingin var gerð. Húsið hefur því farið stækkandi eftir þörfum fjölskyldanna sem hafa búið í því og nú hentar það okkur ákaflega vel.“ En þetta er ekki eina draumhúsið hennar Kolbrúnar. „Mig dreymir líka um annað hús þar sem mig langar til að stofna skóla sem væri grunnskóli með áherslu á allar listgreinar. Mig dreymir um að finna húsnæði fyrir þann skóla og drífa í að stofna hann.“



SELDAR EIGNIR Á AKUREYRI



Frá Djúpavogi.

Þorp og dreifbýli

Hólmavík, Hellissandur, Þórs höfn og Djúpavogi eru þorp með nánast sama fjölskyldu.

Milli 380 og 390 íbúar voru skráðir á Hólmavík, Hellissandi, Þórs höfn og á Djúpavogi þegar síðasta manntal var gert. Þetta bendir hinn ágæti netmiðill www.strandir.is á. Hann vekur líka athygli á því að veruleg líkindi séu með þremur þessara þorpa, það er Hólmavík, Djúpavogi og Þórs höfn. Þar hafi fólki fækkað talsvert á síðustu átta árum, sveitarfélögin samanstandi af þorpi og dreifbýli í kring og allnokkur spotti sé í næsta þéttbýlisstað. Reyndar gengur hann svo langt að stinga upp á að þessir þrjú staðir taki upp stjórnálagssamband og reyni að læra hver af öðrum, bæði því sem vel gengur og miður hefur farið.



SPURNING VIKUNNAR á fasteignavef Vísis

Ætlarðu í stórfamkvæmdir fyrir jólin?

SPURNING SÍÐUSTU VIKU: Þarf að taka til í geymslunni þinni?

Já	66,7%
Nei	33,3%

Tilvalin jólagjöf



Morgunverðarsett
Russel Hobbs, gjafasett
1820003

6.990



Er allt klárt fyrir jólin?

Baðinnréttingar



45 sm, glansandi
innrétting með speglaskáp
1001510

85 sm, hvít
innrétting m/spegli og ljósi
1001500

Blöndunartæki fylgja ekki

29.900

18.900



Blandari

Bomann Estate, m/glerkönnu
1840829

3.490



Verkfærasett

100 stk., tilvalið fyrir öll heimili
5052766

1.395

Ótrúlegt úrval útisería

2.495

5
verð frá



Nýtt Húsasmíðjulað er komið út

Stútfullt af ótrúlegum tilboðum


Jólaþjós í úrvali ótrúleg verð

Harðir pakkar um jólin!



HÚSASMIÐJAN

...ekkert mál



FORSÍÐA RITMENNTAR Alhliða menningarrit um íslenskt efni.

Óvæntur aðventukálfur og gæðingur



DÓTTIR BLAKKAR Kom í heimin tveimur mánuðum fyrir tímann til að taka þátt í jólaundirbúningnum.

Kýrin Blökk sem býr í góðu yfirlæti í Húsdýragarðinum kom starfsmönnum nokkuð á óvart að kveldi fyrsta dags aðventu þegar hún bar svarthuppótttri kvígu. Þetta var tveimur mánuðum fyrr en gert var ráð fyrir. Dýrahirðar garðsins hafa því í nógu að snúast þessa dagana við að gefa kálfnum mjólkursopa oft á dag. Kvígan litla var heldur smá, aðeins nítján kíló, en síðasti kálfur sem borinn var í garðinum var um 40 kíló að þyngd þriggja daga gamall. Húsdýragarðinum hefur borist enn meiri nýliðun en eins og undanfarin ár dvelur þekktur stóðhestur þar. Þetta árið er það skagfirski gæðingurinn Kraflar frá Miðsitju sem nýtur gestrisni Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Kraflar er margverðlaunaður og hlaut síðast heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á Landsmóti hestamanna árið 2004 sem er mesti heiður sem stóðhestur getur hlotið.



HEIÐURSHESTUR Kraflar frá Miðsitju er gæðingafaðir og verður í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í vetur.

Ritmennt í níunda sinn

Ritmennt, ársrit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, er komið út í níunda sinn. Ritmennt er alhliða menningarrit um íslenskt efni þar sem birtar eru fræðilegar ritgerðir, greinar eða skrár á þessum vettvangi, sem og óbirtar heimildir úr handritaafri þjóðarinnar.

Meðal efnis í blaðinu að þessu sinni er umfjöllun um Daniel Willard Fiske sem gaf Landsbókasafni meðal annars fágætt skákriftsáfn. Gerð er grein fyrir þýðingu séra Jóns Þorlákssonar á Bægisá á uppeldisriti eftir J.B. Basedow sem var bannað í Danmörku á sínum tíma. Áhrifum hugmyndafræði Gruntvigs á Íslendinga eru gerð skil auk margs annars fróðleiks.



SÖGUFRÆGT HÚS í Hafnarstræti 4 var rekin verslun í nær 200 ár.

Dubliner í áratug

Eina írsku kráin í Reykjavík, Dubliner, er tíu ára um þessar mundir. Er ætlunin að nokkur gleði ríki á staðnum fram í miðjan mánuðinn af því tilefni, með írskri tónlist og gleðistundum. Þá ætla barþjónar staðarins að afgreiða milljónasta lítrann af bjór á næstunni.

Hafnarstræti 4, sem hýsir Dubliner, er sögufrægt hús. Verslun var í húsinu frá 1798 allt til ársins 1995 þegar Dubliner var opnað. Þar var fyrsti íslenski fáninn dreginn að húni þann 12. júní 1809 að fyrir mælum Jörundar hundadagakonungs. ■



LJÓMANDI FAGURT Verk franska listamannsins Jean Francois Arnaud er hluti af hátíðinni „Tré og ljós“ í Genf í Sviss.

GLEÐIGJAFAR

FLÖT PIXEL PLUS SJÓNVÖRP

ALVÖRU GRÆJUR – MIKIÐ ÚRVAL



Philips 42PF7420
42" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Pixel Plus myndtækni, 700:1 skerpu, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control, AutoFormat/6 breiðtjaldsstillingum, 2x30w Nicam Stereo hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart tengjum, SVHS og CVBS tengjum, PC-inngangi (DVI-D), tengi fyrir heymatöl, textavarp, fjarstýringu og borðstandi.

TILBOÐ

349.995

FULLT VERÐ 399.995



PHILIPS
PIXEL PLUS
42 TOMMUR



PHILIPS
ÖRPUNNT LCD
26 TOMMUR

Philips 26PF5320
23" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Digital Crystal Clear, Digital Comb Filter og Anti Reflex, 600:1 skerpu, 20w Stereo hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, Smart Picture og Smart Sound, 2 Scart tengjum (með RGB), SVHS og RCA tengjum, PC-inngangi (DVI-D og VGA), tengi fyrir heymatöl, textavarp, fjarstýringu og borðstandi.

TILBOÐ

139.995

FULLT VERÐ 159.995



PHILIPS
ÖRPUNNT LCD
32 TOMMUR

Philips 32PF7320
32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Pixel Plus myndtækni, 600:1 skerpu, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control, AutoFormat/6 breiðtjaldsstillingum, 2x30w Nicam Stereo hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart tengjum (með RGB), SVHS og RCA tengjum, PC-inngangi (DVI-D), tengi fyrir heymatöl, textavarp, fjarstýringu og borðstandi.

TILBOÐ

179.995

FULLT VERÐ 214.995



PHILIPS
ÖRPUNNT LCD
32 TOMMUR

Philips 32PF9956
32" LCD Pixel Plus SJÓNVARP með 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) upplausn Pixel Plus myndtækni sem eykur línuþjölda og skerpu, HDTV Ready, innbyggðum kortalesara með rauf fyrir CompactFlash, SD, MMC og SmartMedia (stýður JPEG og MP3), Digital Crystal Clear, 800:1 skerpu og 12ms svartíma, sjónsvið (HV): 170/170° og birtustigi: 450 cd/m², ljósskynjara og Active Control til að minnka glampa, 2 x 30w Nicam Stereo hljóðkerfi með w00x Subwoofer, AutoFormat og Auto Screen Size, mynd í mynd, 3 Scart tengjum, USB og HDMI tengjum, textavarp með 1200 síðna minni, veggfestingu og borðstandi.

TILBOÐ

249.995

FULLT VERÐ 349.995



PHILIPS
ÖRPUNNT LCD
32 TOMMUR

Philips 32PF9830
32" Plasma SJÓNVARP með Pixel Plus 2 HD, 1920x1080 upplausn og 6.000:1 skerpu (VGA, SVGA, XGA), HDTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i), Digital Crystal Clear og Progressive Scan, sjónsvið: (HV): 160/160° og birtustigi: 1500 cd/m², ljósskynjari og Active Control til að minnka glampa, Ambilight bakljósi, 3x30w Nicam Stereo hljóðkerfi, AutoFormat og Auto Screen Size, 3x Scart, HDMI, DVI-i, Component, 3 coax (2 inn, 1 út) og Ethernet, SVHS, kortalesara (SD, CF, MS, SM) og 2 USB, mynd í mynd (2 móttakarar), heymatölstengi, textavarp og forritanlegri fjarstýringu. Rafdrifinn borðstandur og veggfesting fylgja.

TILBOÐ

349.995

FULLT VERÐ 399.995

PHILIPS HEIMABIÓ Með DVI-D



Philips HTS8000S
HEIMABIÓKERFI með SonoWave Surround Sound System - alvöru heimabióhljómur úr aðeins 2 hátölurum, DVD spilara með Progressive Scan, 550w RMS magnara, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, 4x Video Upsampling, útvarp með stöðvaminnum, 2 hátölurum og bassaboxi, Scart (með RGB), Component, Aux in og Digital Coaxial in og fjarstýringu.

TILBOÐ

79.995

FULLT VERÐ 89.995

PHILIPS SPILARI MEÐ UPPTÖKU



Philips DVDR3330H
Fjölkerfa DVD SPILARI með 160GB HÖRDUM DISK, allt að 250 kst. upptöku á harðan disk og 6 kst. upptöku á DVD, FlexTime (hlé á útsendingu), Dolby Digital og DTS, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394), 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út, Optical og Coaxial tengi og fjarstýringu.

TILBOÐ

49.995

FULLT VERÐ 84.995



Heimilistæki
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBODSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA! OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA! OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA!

Fjölnota verkfæri

Ótrúlega fjölhæf vél

Vet til að saga, skera, slípa, ranga, breiða fóur og fleira

Skurðarfótur fyrir klis, skera úr rúður, Slípa með sandþappi, Skúrur

Sagariði til að saga jlm.

RAFVER HF

Verkfæri fyrir íbúðarmenn

SKEIFAN 3E-F • 100 REYKJAVÍK
SÍMI 561 2333 / 561 2415
RAFVER@RAFVER.IS • WWW.RAFVER.IS

Hversu þetta er Trésgariði til að taka neðri af körmum, þakstíru o.s.frv. milli eininga.

STUÐ MILLI STRÍÐA Bráðum koma blessuðu jólasveinarnir

FREYR GÍGJA GUNNARSSON VILL EKKI VAKNA MEÐ KARTÖFLU Í SKÓNUM.



Í desember skreytum við húsnæði okkar með alls kyns ljósum og grænum greinum í tilefni jóla. Stillum jólalögum í botn og reynum eftir fremsta megni að koma okkur í hátíðarskap. Stundum sakar ekki að raula með. Blessuð börnin þola þó hvorki ryksuguhljóðið né vænisjúkt tal um hrun rjúpnastofnsins. Þau bíða í ofvæni eftir 12. desember því þá kemur Stekkjastaur til byggða og gleður smáfólkið með lítilli gjöf í skóinn. Í kjölfarið fylgja bræður hans tólf og með hjálp þeirra telja börnin dagana til jóla. Mér hefur reyndar alltaf fundist umgjörðin fyrir jólin vera hálf óhugguleg hér á landi. Hvergi annars staðar hef ég heyrt að jólasveinarnir eigi

tröllskessu fyrir móður. Mér er ekki kunnugt um að í öðrum löndum séu börnin hrædd með jólakettinum en dýrið færir Grýlu börn á silfurfati ef þau þrjúskast við að fara í finu fötin. Foreldarnir líkt og börnin hlakka líka til komu jólasveinanna. Í nákvæmlega eitt ár hafa þeir þurft að beita hefðbundnum uppeldisáferðum á krakkana og fá þau til að hlýða samkvæmt kúnstarinnar reglum. Eftir tólfta desember geta þau dustað rykið af gömlu bragði sem feður og mæður hafa getað notað óspart fram að jólum í marga áratugi ef ekki aldir. Það er nefnilega ekkert mál fyrir gemlingana að fara í sparifötin á aðfangadag og Grýla býr auk þess í Esjunni. Enginn köttur gæti haldið á krakkaskara svona langa leið án

þess að eftir yrði tekið. Kartaflan er hins vegar ógn sem hangir yfir börnunum og neyðir þau til réttar hegðunar í jólamánuðinum. Þeir sem hafa fengið hana í spariskóinn muna eftir því og gleyma þeim morgni sennilega seint. Hver vill mæta í skólafötu og horfa á hina krakkana leika sér með pezið eða playmókarlinn? Ég man ennþá eftir því þegar kartaflan blasti við mér eins og draugur einn morgun í desember á Nönnustíg 7 í Hafnafirði klukkan 7.37 að staðartíma. Þetta hefur haft þau áhrif á mig að ég passa vel upp á hegðun mína í desember... alltaf. Því þrátt fyrir að ég sé kominn af lista jólasveinanna sökum aldurs veit maður aldrei hvenær þeir líta inn. Það væri jú skelfilegt fyrir mann á mínum aldri að vakna með kartöflu í spariskónum.

JÓLADAGATALIÐ!

10. hver vinnur!

ADALVINNINGUR ER JÓLAPAKKI HANNA ALLRI FJÓLSKYLDUNNI!

Adalvinnungur að verðmæti 550.000,-

Sendu SMS skeytið **BT BTF** á númerið **1900** og þú gætir unnið! Við sendum þér spurningu tengda BT og jóluum sem þú svarar með SMS skeyti **BT A, B** eða **C** á númerið **1900**

10. hver vinnur!

10. hver vinnur eitthvað af þessu hér:

- MEDION V8 X2 tölvur • PANASONIC heimabíó • Denver DVD spilarar • PANASONIC miniDV tökuvelat • Sony Stafrænar myndavélar • GSM simar • Jólais Kjöris • PSP tölvu • Sony MP3 spilarar • Konfekt frá Nóa Sirius • PlayStation 2 tölvur
- Biómiðar fyrir tvo á The Family Stone • Fullt af geislaþötum • CocaCola kippur • Fullt af DVD • Viking Malt kippur • Fullt af tölvuleikjum • Fri ADSL áskrift hjá BTnet!

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind 19-23. desember milli kl 12-22. 99 kr/skeytið. Með þátttöku ertu kominn í SMS Klúbb.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

1	5	4	9	6	2	8	7	3
9	2	7	3	1	8	5	4	6
8	3	6	5	7	4	9	2	1
6	9	2	1	5	3	7	8	4
5	7	3	4	8	9	6	1	2
4	8	1	6	2	7	3	5	9
7	4	9	8	3	1	2	6	5
2	1	5	7	9	6	4	3	8
3	6	8	2	4	5	1	9	7

			7	5	9	1	4	
5	4							
			8					
3					5	7	2	
	4						6	
6	8	2						9
			3					
				6			5	
7	9	6	5	2				

MEDIUM # 21

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Overli

Mamma, segðu mér satt. Hvað er þetta?

Þetta er gamall réttur sem mamma kenndi mér að gera!

Réttur sem tekur fjórtán daga að gera, en þú skilur það þegar þú smakkar hann!

Frábært, en hvernig list þér á að við förum bara út að borða í kvöld?

Ó já pabbi!

Jæja, við erum þó úti. Eignum við ekki bara að grafa þetta niður?

Hún fattar það þegar grasið hættir að vaxa þar!

Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Hvernig gast þú gert mér þetta?

Fyrirgefðu, ég vildi ekki gera þér neitt illt.

Mér finnst eins og ég hafi verið skilinn einn eftir.

En mundu að ástin sigrar allt.

Hvað er eiginlega að ykkur?

Þetta er í fyrsta skipti sem við fáum ekki sömu einkunn á haustprófunum!

Ég lofa að læra aldrei án þín aftur!

Pú og pa

Eftir SÖB

Snúðu þér og horfðu beint fram!

Hvað er þetta?

Hvað er þetta?

Hvað er þetta?

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Má ég taka hann með heim?

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Mikið rosalega er heitt í dag!

Hérna, þú mátt fá þessa!

Kannski ættum við að finna aðra sem passar!

Harðir pakkar handa honum



Rauða taskan
94 stk 1/4"
og 1/2" toppasett

Vnr. 889 H02MT4294

24.900,-



Toppilyklasett 39 stk
3/8" toppasett frá 6-22m/m + aukahlutir

Vnr. 889 H02A339

6.890,-



1/4" toppilyklasett 47 stk.
"spline" toppar frá 4-14 m/m + aukahlutir

Vnr. 889 H025G247

6.900,-



1/2" toppilyklasett 26 stk.
10-32 m/m toppar, fosfat húðað

Vnr. 889 H0254260B

9.819,-



Höggskrúfjárn

Vnr. 889 5KU-4010

2.353,-



Áltaska
200 stk. 1/4" og 1/2" toppasett + mikið
af aukahlutum

Vnr. 889 H02A200


16.880,-



Segulbakki
góður fyrir skráfur, rær, toppa, o.fl.

Vnr. 889 H18106

1.594,-



Járnsög

Vnr. 889 H13H12025107

1.855,-



Herslumælir
42-210 Nm

Vnr. 889 H03640M

5.889,-



Sexkantasett
9.stk 1,5-9 m/m

Vnr. 889 H0509ALOBK1AA3K


894,-



Heftibysa
tekur 3 gerðir af heftum

Vnr. 889 H06H14008106


1.731,-



Öryggisljós
Lifhamar, sker öryggisbelti
m/segul

Vnr. 097 0K400

2.990,-



Hnoðtöng

Vnr. 889 H06H06004201

1.531,-

Bílanaust



Kl. 21.00

Bjarni Arason syngur á Nasa ásamt stórhljómsveit undir stjórn Þóris Úlfarssonar. Sérstakir gestir á tónleikumunum verða **Raggi Bjarna** og **Björn Jörundur**.

menning
menning@frettabladid.is

Syngur Brahms í hádegini

Hólmfríður Jóhannesdóttir mezzosópran syngur ljóð eftir Johannes Brahms á hádegistónleikum í Listasafni Íslands í dag. Með henni leikur Gerrit Schuil á píanó.

„Brahms er svoltið krefjandi og maður þarf að koma með djúpa túlkun til að syngja hann,“ segir Hólmfríður, sem ætlar að syngja bæði Sígaunaljóðin og fleiri ljóð eftir Brahms. „Hann er háromantískur og ofsalega gaman að syngja hann.“

Hólmfríður er einsöngvari og söngkennari að mennt, var sex ár við nám í Vínarborg, hélt síðan til Milanó þar sem hún hélt áfram námi en fluttist heim til Íslands fyrir nokkrum árum.

Fyrir tveimur árum eignaðist hún lítinn dreng og hefur því ekki komið mikið fram, en er að fara á kreik aftur um þessar mundir.

„Ég var ekkert endilega að hugsa um að koma heim, en gerði það samt og hef verið að syngja mikið við brúðkaup og jarðarfari,“ segir Hólmfríður, sem einnig hefur komið fram á tónleikum í Berlín, Finnlandi og víðar.



„Ég hef ekkert verið í óperum, einbeiti mér alveg að ljóðum og óratórium.“

Tónleikar þeirra Hólmfríðar og Gerrits Schuil í Listasafninu hefjast klukkan 12.15.

> Ekki missa af ...



... ljóðatónleikum þeirra **Kristins Sigmundssonar** og **Jónasar Ingimundarsonar** í Salnum annað kvöld. Einnig verður hægt að fylgjast með þeim leiðbeina söngvurum á ljóðasöngsnámskeiði í Salnum á miðvikudag og fimmtudag.

... jólaseríu **Tilraunaeldhússins**, fjölskrúðugum uppákomum á sýningu eldhússins í Nýlistasafninu.

... jólasýningu Lóu og Hulla, sem þau **Lóa Hjálmtýsdóttir** og **Hugleikur Dagsson** opnuðu um helgina í Gallerí Humar eða frægd! á Laugavegi 59.

Nútímasaga sem er auðveld aflestrar

„Í þessari bók koma við sögu meðal annarra læknir sem sérhæfir sig í að rannsaka og lina sársauka, ungur drengur sem finnur engan sársauka og fær fyrir þær sakir vinnu sem líkamslitamaður í hryllingsleikhúsi sem hefur aðsetur í gömlu Álafossværksmiðjunni, og lítil stúlka sem finnur til án þess það liggi ljóst fyrir hvað amar að henni.“

Lækninum í sögunni rennur auðvitað blóðið til skyldunnar að forða stúlkunni úr hremmingunum ef honum á ekki að finnast hann hafa lifað og starfað til einskis. En þó hlýtur maður að vona að sú björgun verði ekki á kostnað unga drengsins sem finnur ekki til sársauka. Það er ekkert vit í að ljóstra því upp í þessu viðtali hvernig sú glíma fer að lokum. „Þannig lýsir Guðrún Eva Mínervudóttir söguþræðinum í nýútkominni skáldsögu sinni Yosoy.“

Hún segir þetta vera nútímasögu sem hvorki sé flókin né erfið aflestrar þótt framvindan sé stundum margbrotin. „Þetta getur alveg talist saga fyrir viðkvæma, þótt hún sé kannski ekki endilega fyrir ofurviðkvæma, nokkurs konar fagaður hryllingur.“ Hvernig myndi hún að öðru leyti lýsa sögunni: „Það má segja að hún fjalli líka um hugann og vitundina. Hugurinn er enn að mestu leyti ókannað svæði. Hver veit, kannski mun næsta vísindabyltingin snúast um hugann.“ Og þegar að þeirri byltingu kemur mun Guðrún vafalaust sjást á götuvirkjunum. ■

GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR
tvinnar saman margbrotinn raunveruleikann í nýjustu skáldsögu sinni Yosoy.



Falleg depurð

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Hljómsveitin Ampop hefur hingað til verið þekkt fyrir raftónlistarpælingar sínar en á þessari þriðju plötu sveitarinnar kveður við nýjan og poppaðri tón.

Sveitin hefur vakið sífellt meiri athygli í Bretlandi að undanförunu og við hlustun á nýju plötunni heyrir algjörlega af hverju. Hún er full af vonduðu og gripandi poppi, með örlytu rafkryddi, og yfir öllu hljómar nokkuð sérstæð rödd Birgis Hilmarssonar. Þetta er heilsteipt plata og svo virðist sem Ampop sé loksins búin að skapa sér sinn eigin hljóð, með rödd Birgis í fyrirrúmi.

Áhrifum frá Bítlunum og Radiohead er blandað saman á smekklegan hátt og þannig hljómar sveitin aldrei eins og eftirhermusveit. Samt sem áður er Ampop ekki að finna hér upp hjólið en þetta er allt saman mjög fagmannlega gert.

Fyrsta smáskífulag plötunnar, *My Delusions*, situr ferskast í minninu en flest önnur lög eru mjög frambærileg. Nokkur depurð hvílir yfir lagasmíðunum og þetta er ekki beint plata sem þú setur á fóninn til að komast í gott skap eða áður en þú ferð á djammid. Þetta er meira plata fyrir þá sem vilja heyra eitthvað þægilegt og gott til að ná sér niður, jafnvel í eftirpartíinu.



AMPOP: MY DELUSIONS

NIDURSTADA:

Þriðja plata Ampop er full af vonduðu poppi. Þetta er engin stuðplata en þeir sem vilja eitthvað þægilegt og gott skulu leggja við hlustur.

ÁSKRIFT: 315 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VÖDAFÖNE

ÍSLENSKT JÓLADAGATAL
Galdrabókin – alla daga til jóla á Stöð 2 kl. 19:35

BIDIN ER Á ENDA.
FYLGSTU MED



FROSTRÓSIR Það er að verða uppselt á aukatónleika Frostrósa.


Frostrósir slá í gegn

Söngdívurnar sjö sem skipa Frostrósir falla landanum greinilega vel í geð því það eru einungis fimm hundruð miðar eftir á aukatónleika þeirra í Laugardagshöll sem fram fara 10. desember. Upphaflega var gert ráð fyrir að einungis yrði um eina tónleika að ræða en aðsóknin var slík að brugðið var á það ráð að bæta við einum tónleikum sem verða fyrir um daginn.

Frostrósir hafa haldið jólatónleika undanfarin þrjú ár en nú er þetta í síðasta skipti sem þeir verða haldnir í þessari mynd. Er því engu til sparað og á að klæða Höllina í sitt allra fínasta. Auk söngkvenanna sjö verður á sviðinu 150 manna karlakór og 25 manna hljómsveit en þeir Bjarni Arason, Leone Tinganelli og Gunnar Guðbjörnsson munu einnig heiðra gesti með nærveru sinni. ■

NYJAR BÆKUR

Kallarinn er margverðlaun-uð sakamálasaga eftir franska metsöluhöfundinn Fred Vargas, ókrýnda drottningu franska glæpasagnahöfundu. Í bókinni glímir Jean-Baptiste Adamsberg, yfirlögslupjónn í París, við furðulegt og óhugnanlegt mál. Grámann gefur út.



Stílbrot hefur gefið út Tröllafell, ævintýrasögu eftir Katherine Langrish. Þar segir frá ævintýrum Peers Úlfssonar hjá frændum sínum Grími og Baldri, sem fara með hann eins og þræl.



Þykkskinna hin síðari er safn sagnabátta úr Rangárþingi eftir Helga Hannesson sem Sunnlenska bókaútgáfan hefur sent frá sér. Í skrifum Helga fer saman sagnagleði höfundar, frábær tók á íslensku tungu og hispursleysi í frásögnum sem á fáa sína líka.



Ljóðasafn Auðuns Braga er komið út í útgáfu höfundar, Auðuns Braga Sveinssonar. Hann hefur valið í bókina úrval ljóða sinna frá ýmsum tímum.



Íslenskur stríðsáratangó

Hjálmar hafa sýnt og sannað að Íslendingar geta spilað reggi, en nú reynir hljómsveitin L'Amour fou að bæta um betur og spila tangótónlist. Fyrirliði hljómsveitarinnar, Hrafnkell Orri Egilsson, segist þó ekki dansa tangó, en sé mikill áhugamaður um tónlistina. „Ég fékk fyrst áhuga á tangó þegar ég sá franska tangóhljómsveit spila á Sólon fyrir 15 árum.“ Fræi hefur verið sáð þá sem eru núna að bera ávöxt. „Lagið Þú og ég eftir Gunnar Þórðarson er í argentínskrí sveiflu, en annað byggist á salontónlist frá því um miðja síðustu öld. Elsta lagið er Dagný frá 1944.“ Hljómsveitin heldur útgáfutónleika þann 15.

desember í Þjóðleikhúskjallaranum og verða þetta einu tónleikar hljómsveitarinnar í bili. „Aðeins tveir hljómsveitar meðlimanna búa á Íslandi, hinir búa í New York, Kaupmannahöfn og Hollandi.“ Aðdáendur Hrafnkels eiga þó möguleika á að sjá hann oft, því hann leikur einnig á selló með Sinfóníuhljómsveit Íslands. ■



L'AMOUR FOU Spilar tangótónlist í anda stríðsáranna.

LÁTTU GARMIN RATA Í JÓLAPAKKANN

Garmin nüvi

Garmin nüvi er nýtt GPS tæki með nýrri hugsun, einfalt í notkun með stórum skjá en fer vel í vasa. Inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, mál og vigt, heimsklukkur, orðabók, ferðahandbók og GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu.

Garmin GPS 18

Breyttu fartölvunni þinni í leiðsögutæki.



Garmin StreetPilot 2720

Það allra öflugasta í bílinn, með stærsta skjáinn.



Garmin iQue M5

Öflug vasatölva með GPS korti – og fundurinn byrjar á réttum tíma.



Garmin StreetPilot i3

Ódýrasta leiðsögutækið í bílinn en þrælvirkar.



Garmin Quest

Einfalt og handhægt leiðsögutæki í bílinn eða á mótorkhjól.



Garmin GPS 10

Þráðlaust GPS tæki fyrir PC og handtölvur með Bluetooth.



Garmin StreetPilot c310

Öflugt en ódýrt, vinsælasta bíltækið.

MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

www.garmin.is

GARMIN

Komdu í glæsilega verslun okkar við Fiskislóð 16 úti á Granda og kynntu þér gott úrval GPS staðsetningartækja frá Garmin. Við eigum allar stærðir og gerðir af tækjum, fyrir jólapakkana, sem henta fyrir hvers konar veiði, útivist og jafnvel skokkið, innanþegar sem utan.



R. SIGMUNDSSON

Umboðsmenn Akureyri: Haftækni · Blönduós: Krákur · Egilsstaðir: Bílaust · Grundarfjörður: Mareind · Ísafjörður: Bensinstöðin
Reyðarfjörður: Veiðiflugan · Selfoss: Hársnyrtistofa Leifs · Vestmannaeyjar: Geisli · Reykjavík: Arctic Trucks, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Bílaust, Stormur, Toyota Aukahlutir, Útílif, Vesturróst, Yamaha · Fríhöfnin

FISKISLÓÐ 16 | 101 REYKJAVÍK
SÍMI 520 0000 | www.rs.is

ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI

Frumnýning sun. 5. feb. kl. 20

2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 - 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 - 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

GJAFAKORT Í ÓPERUNA - jólagjöf sem gleður! Verð við allra hæfi.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudega - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.



Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
Leikstjórn: Gunnar Helgason

2. des. Örfá sæti laus
3. des. Uppselt

4. des. Aukásýning kl. 21
jólalíðabörð hefist kl. 18

9. des. Uppselt
10. des. Uppselt
16. des. Uppselt
17. des. Uppselt
28. jan. 4. feb. 18. feb. 25. feb.
4. mars 11. mars 18. mars

BROADWAY 5331100 Netfang: miðasala@broadway.is
Ógripdir miðar seldir hálfumánuði fyrir viðburð.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið	Nýja svið/Litla svið
Salka Valka Su 11/12 kl. 20 Mi 28/12 kl. 20	Lífsins tré Su 11/12 kl. 20 Síðasta sýning!
Woyzeck Mi 7/12 kl. 20 UPPS Fö 9/12 kl. 20 Fi 29/12 kl. 21 Fö 30/12 kl. 21	Þrjár systur e. Tsjekhov Nemendaleikhúsið Þr 6/12 kl. 20 UPPS Fi 8/12 kl. 20 Lau 10/12 kl. 20 Su 11/12 kl. 20 Fö 16/12 kl. 20 Lau 17/12 kl. 20
Kalli á þakinu Su 11/12 kl. 14 Má 26/12 kl. 14 Su 8/1 kl. 14	Manntafl Fö 9/12 kl. 20 Mi 28/12 kl. 20
Brot af því besta! Í forsal Borgarleikhússins Rithöfundar lesa úr nýjum bókum fimmtudagskvöldið 8/12 kl. 20 Guðrún Eva Mínervudóttir, Hallgrímur Helgason, Hreinn Vilhjálmsson, Ingibjörg Hjartardóttir, Ólafur Gunnarsson, Þórarinn Eldjárn Léttur jóladjass og kaffihússtemming. Allir velkomnir Aðgangur ókeypis	Alveg brilljant skilnaður Fi 29/12 kl. 20 AUKASÝNING Fö 30/12 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar!
GJAFAKORT GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST	

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Þjóðleikhúsið - leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

EDITH PIAF
Aukásýning sun. 11/12 örfá sæti laus. **Allra síðasta sýning.**

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Aukásýning lau. 10/12. **Allra síðasta sýning.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00, sun. 22/1 kl. 14:00 og kl. 17:00.

EDITH PIAF - söngdagskrá í tilefni 90 ára afmæli söngkonunnar
Mán. 19/12 kl. 21:00.

TÚSKILDINGSÓPERAN
Frumnýning mán. 26/12 **uppselt**, 2. sýn. þri. 27/12 örfá sæti laus, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Frumnýn. fim. 29/12 uppselt, fös. 30/12 örfá sæti laus.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN

LEITIN AÐ JÓLUNUM
Þri. 6/12 kl. 10:00 **uppselt**, mið. 7/12 kl. 10:00 **uppselt**, fim. 8/12 kl. 10:00 örfá sæti laus, lau. 10/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 14:15 **uppselt** og kl. 15:30 **uppselt**, sun. 11/12 kl. 14:00 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt**, þri. 13/12 kl. 10:00 **uppselt** og kl. 11:15 **uppselt**, mið. 14/12 kl. 10:00 örfá sæti laus, fim. 15/12 **uppselt**, lau. 17/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 14:15 **uppselt** og kl. 15:30 **uppselt**, sun. 18/12 kl. 14:00 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt**, fim. 22/12 kl. 13:00 nokkur sæti laus, mið. 28/12 kl. 13:00, fim. 29/12 kl. 13:00.

LEIKHÚSKJALLARINN
Þri. 6/12 kl. 20:30 Jólátónleikar Stórsveitar Reykjavíkur
Fim. 8/12 kl. 23:00 Útgáfutónleikar Úlpu
Fös. 9/12 og 10/12 Jólalíðabörð Leikhúskjallarans. Örn Árnason, Bjargræðiskvartettinn og Kjallarabandið skemmta gestum. Örfá sæti laus.

Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



TOLLI Á SÝNINGU SINNI Sýnir feykistör málverk af yfirgefnum mannvirkjum með dulúðugri stemmningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Paradís eyðibýlanna

Yfirgefin býli eru ofarlega í huga Tolla á nýrri sýningu sem opnuð var um helgina. Hann sér í þeim tákni um leitina að paradís, horfinni fegurð og sakleysi.

Við Skólavörðustíginn hefur verið opnað nýtt gallerí, Gallerí Yggdrasill, sem er staðsett inn af samnefndri verslun þar sem boðið er upp á lífrænt ræktaðar vörur. Fyrstur til þess að sýna í þessum nýja sal er listamaðurinn Tolla, sem sýnir þar nokkur stór málverk undir yfirkriftinni Leitinn að paradís.

„Þetta er geysilega flottur salur,“ segir Tolla og vonast til þess að salurinn verði mikið notaður. „Þetta er sennilega glæsilegasti salurinn af þeim sem litlu galleríin bjóða upp á.“

Eyðibýli og leitinn að paradís er þemað, sem Tolla er að fást við í þessari sýningu. Hann segist tengja leitina að paradís við goðsögnina um Shangri La. Þessi goðsögn er honum greinilega ofarlega í huga.

„Shangri La er hinn týndi dalur, hin týnda paradís,“ segir Tolla. Það er einhver byggð úr fortíðinni, eitthvert sakleysi og fegurð sem hefur varðveist í afdöllum og þegar ferðalangurinn brýst í gegnum fjallaskarðið og kemur inn í dalinn þá blasa við þessi eyðibýli. Maður tengir þetta ósjálfrátt við einhverja tíð þar sem maður og náttúra voru miklu meira samofin, því leitinn að paradís dregur okkur alltaf bæði að náttúrunni og að fortíðinni, því þó svo að við leitum að lausninni í framtíðinni þá getum við það aldrei öðru vísi en að huga að fortíðinni.“

Tolla hefur rekist á mörg eyðibýli á ferðum sínum um landið.

„Ég hef verið dálítið mikið fyrir vestan þar sem ég hef ferðast um á kajak, og þar í þessum afdöllum eru oft strandbýli sem eru byggð alveg niðri í fjöru þar sem var útgerð líka, og það er ofsalega falleg umgjörð í kringum slík hús.“

Hann segir það einstaka reynslu að koma til yfirgefna húsa. Menn fari ósjálfrátt að velta fyrir sér sögu þessara mannvirkja, hverjir hafi búið þar og hver örlög þeirra urðu. Sömuleið-

is vakni með aðkomumanninum minningar úr eigin æsku, hann fari að spyrja sjálfan sig að því hvaðan hann sé og hvert hann stefni.

„Það er einhvers konar existensialismi, einhver tilvistarhyggja í þessum húsum því þarna séró þú sjálfan þig líka.“

Tolla segist gjarnan setja verk sín í eitthvert heimspekilegt eða sögulegt samhengi, en tekur fram að slíkt sé í sjálfu sér aukatriði.

„Það sem er aðalatriðið er að ég hef upplifað þetta og mér finnst þetta fallegt, þetta hefur snortið mig og haft áhrif á mig og það gerir mér gott að mála þetta. Ég vil deila þessari reynslu, þessari hugsun með mínu samferðafólki og þess vegna er ég að mála þetta.“

Hann viðurkennir fúslega að í þessum stóru málverkum ráði bæði nostalgían og rómantíkin ríkjum, „en þetta hvort tveggja, nostalgían og rómantíkin, er afl. Á proskaferð okkar þurfum við á afla að halda, einhverju jákvæðu afli. Rómantíkin, náttúran og leitinn að paradís er jákvætt afl.“ ■

Aftur á svið

Ævintýrið um Augastein eftir Felix Bergsson verður sýnt bæði á Akureyri og í Reykjavík núna fyrir jólin

Það er leikhópurinn Á senunni sem sýnir þessa margrómuðu jólaeikisýningu í Samkomuhúsinu á Akureyri og í Tjarnarbíói í Reykjavík nú fyrir jólin. Sýningar verða á Akureyri dagana 10. til 12. desember og í Reykjavík 14. til 18. desember.

Sýningar á Akureyri eru í samstarfi við Leikfélag Akureyrar. Barnabókin Ævintýrið um Augastein fékk glimrandi viðtökur fyrir jólin 2003 og seldist í þúsundum eintaka. Útgefandi var Mál og menning.

Ævintýrið um Augastein var frumsýnt í London árið 2002 og í Reykjavík 2003. Verkið er leikið af höfundu og það byggir á hinni sígildu sögu um Grýlu og jólasveinana en ævintýrið er tekið lengra og sagan um litla drenginn, sem nefndur er Augasteinn, verður miðpunktur leikritsins. Augasteinn lendir fyrir tilviljun í höndum hinna hrekkjóttu jólasveina. Sveinarnir skrítnu eru skíthræddir við lítill börn en þeir læra smám saman að elska litla



ÆVINTÝRIÐ UM AUGASTEIN eftir Felix Bergsson.

drenginn og annast hann. Skyndilega kemst Grýla á snodir um tilveru barnsins og við tekur æsispennandi flétta. Ná jólasveinarnir að bjarga Augasteini úr klóm Grýlu og Jólakattarins áður en jólin ganga í garð? ■

The Shneedles

MIDASALA ER HAFIN!

Númeruð sæti, en sama miðaverð alls staðar. Aðeins 500 miðar í boði!
Vegleg gjafaumslög fáanleg á öllum sölustöðum.

Jólagjöfn í ár
er að gráta af hlátri
27. janúar



20% afsláttur til allra með GSM númer hjá Símanum.



HVAÐ: The Shneedles **HVAR:** Austurbæjarbíói **HVENÆR:** Föstudaginn 27. janúar kl. 20:00 **SÖLUSTADIR:** Reykjavík: Í verslunum Skifunnar, Laugavegi, Kringlunni og Smáralind. **Akureyri:** Verslun BT. **Selfossi:** Verslun BT **MIDAVERÐ:** Aðeins 2.800 + miðagjald fyrir fullorðna og aðeins 1.900 + miðagjald fyrir yngri en 16 ára. Ódýrara miðaverð aðeins fáanlegt á sölustöðum, ekki á interneti. **SÍMAAFSLÁTTUR:** Til að fá 20% afsláttinn þarftu að fara í eina af verslunum Skifunnar eða BT á Akureyri eða á Selfossi og sýna skjá GSM símans þíns. Út á hvern síma er að hámarki hægt að kaupa tvo miða með afslætti.

ATH: Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og myndupptökur óleyflegar með öllu.

MIDASALA:
midi.is

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
www.event.is



GARNER OG AFFLECK Hollywood-parið hefur eignast heilbrigða litla dóttur.

Heilbrigð dóttir

Hollywood-parið Jennifer Garner og Ben Affleck eignuðust heilbrigða dóttur síðastliðinn fimmtudag.

Þetta er fyrsta barn þeirra Garner og Affleck, sem giftu sig í júní. Þau eru bæði 33 ára. Að sögn blaðsins E! News ætla þau að skíra barnið Violet.

Þau Affleck og Garner léku saman í myndinni Daredevil árið 2003, sem var jafnframt fyrsta stóra kvikmyndahlutverk Garner. Þau byrjuðu þó ekki saman fyrir en á síðasta ári.

Garner var áður gift leikaranum Scott Foley. Þau skildu í mars í fyrra eftir þriggja og hálfis árs hjónaband. Affleck og Jennifer Lopez hættu við brúðkaup sitt í september árið 2003 og slitu síðan trúlofun sinni í janúar árið eftir.

Affleck leikur næst í sjónvarpsmyndinni Superman og í kvikmyndunum Truth Justice og The American Way. Þátturinn Alias, með Garner í aðalhlutverki, lýkur fimm ára göngu sinni í maí á næsta ári.



HERDÍS EGILSDÓTTIR Hefur hannað dásamlega skartgrip sem hún kallar Sjávarskart.

Sjávarskart Herdísar

Herdís Egilsdóttir er sennilega þekktust fyrir skrif sín um ýmsar persónur eins og litla Pappír-Péa og Skessuna í fjallinu. Hún á þó nóg annað í pokahorninu og hefur til dæmis verið að dunda sér við að hanna dásamlega flotta skartgrip sem hressa upp á hvaða flík sem er. „Alla mína ævi hef ég verið viðkvæm fyrir efni til að hanna úr. Mátti aldrei sjá spýtu eða spotta án þess að langa til að búa eitthvað til úr því,“ segir Herdís kát.

Hún hannar armbönd, hálsmeni og belti úr roði og myndu munirnir sóma sér vel í flottri hönnunarbúð en Herdís selur þó vörurnar ekki í búðum. „Mörg síðustu ár hef ég verið hrifin af leðri en nú er ég komin í roðið. Ég kalla þetta Sjávarskart og hanna hvern skartgrip fyrir sig svo það eru engir tveir eins. Ég sel þá bara sjálf og vil ekkert setja þetta í búðir, þetta er

svo persónulegt. Fólk getur bara sett sig í samband við mig ef það hefur áhuga á vörunum, ég á alltaf svolitinn lager og er líka alltaf til í að búa til nýtt.“

Herdís vinnur með roð af laxi, hlýra og nílarkarfa og segir stóra kostinn við roðið vera að það sé svo létt. „Þetta mega vel vera stórir gripir því maður finnur ekki fyrir þessu. Auk þess er það kostur við svona náttúruleg efni að maður svitnar ekki undan þeim, eins og plastinu til dæmis. Skartið sjálft er unnið úr laxi því hann er svo sterkur og svo fóðra ég með hlýranum sem er mýkri.“

Hún hefur þó ekki gefið skriftirnar upp á bátinn og gaf nýlega út barnabókina Draumar marglyttunnar. „Í stuttu máli sagt er þetta ævintýri fyrir börn á öllum aldri.



GLÆSILEGT Skartið er afar hentugt til að hressa upp á einlitar og venjulegar flíkur.



SJÁVARSKART Fallegt sett með armbandi, hálsmeni og belti í gulum lit.

Þarna fer fram barátta góðs og ills í hafinu og er bókin myndskreytt af Erlu Sigurðardóttir sem gerði fyrir mig yndislegar myndir. Ég virðist vera öll í sjónum. Það er líka gaman að segja frá því að ég er alin upp við sjóinn. Ég bjó á Húsvík á yngri árum og lék mér í fjörunni svo ég hef ekki langt að sækja þennan sjávaráhuga.“

Þeir sem hafa áhuga á að vita meira um hönnun Herdísar geta sent póst á netfangið lifsleikni@lifsleikni.is.



ARMBÖND Herdís notar laxaroð, hlýra- og nílarkarfaróð í skartgripina sem eru sérlega glæsilegir.

Nýi diskurinn með SPARK er kominn í verslanir!

Frábærir söngvarar



SPARK mun árita geisladiskinn í Kringlunni og Smáralind um helgina. – Dreifing: Sími 897 7922 aria@islandia.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið

Gestasöngvari:
Jónsi í Svörtum fötum

Diskurinn inniheldur meðal annars lögin:

Sweet Child of Mine - Guns N'Roses

We Are The Champions - Queen

It's My Life - Bon Jovi

More Than Words - Extreme

Allt er á tjá og tundri - Sálin hans Jóns míns

Fjöllin hafa vakað - Bubbi Morthens

Allt sungið á íslensku

Hefur gaman af tískuheiminum

Matthildur Lind Matthíasdóttir 16 ára nemi við Menntaskólann í Reykjavík var um helgina kosin Ford stúlka ársins 2005. Stelpurnar sem unnið hafa keppnina hafa hingað til fengið nóg af verkefnum í módelbransanum og margar komist nokkuð langt. „Mér finnst þetta ótrúlega gaman allt saman. Þetta opnar margar leiðir fyrir mann og er gott tækifæri,“ segir Matthildur. Hún er ekki ókunn fyrirsetustörfunum og hefur tvisvar farið út til að starfa við fyrirsetubrannann og eflaust fer hún aftur.

„Ég fer í Ford keppnina í New York í janúar og svo sé ég bara til hvað kemur út úr henni,“ segir hún feimnislega og viðurkennir að hún hafi gaman af tískuheiminum. „Já, hérna heima versla ég yfirleitt í Spútnik, Rokki og rósum, Gyllta kettinum og líka Sautján og MATTHILDUR LIND MATTHÍASDÓTTIR Hún er nýkjörin Ford fyrirseta ársins 2005.

þeim búðum. Ég blanda þessu öllu saman.“

Hún er á fyrsta ári á málabraut og segist hafa virkilega gaman af því að læra tungumál en hver eru önnur áhugamál hennar? „Að vera með vinum mínum, ferðalög, að dansa og fleira, þetta venjulega bara.“ segir hún.



Svava opnar svala herrafataverslun

Fyrirtæki Svövu Johansen, NTC, sem rekur meðal annars verslanirnar Gallerí Sautján, SmashogDeres, opnaði um síðustu helgi glænýja herrafataverslun sem ber nafnið Kultur menn. Nýja verslunin er staðsett á Laugavegi 89 við hliðina á Gallerí Sautján.

„Það hefur gengið alveg frábærliga vel síðan við opnuðum og við heyrum frá fólki að þetta sé búð sem hefur vantað á Íslandi. Inni í NTC erum við auðvitað með verslanir eins og Evu fyrir konur á þessum aldri en það hefur vantað aðeins klassískari og vandaðri vörur fyrir karlmenn,“ segir Svava. Kultur menn selja jakkaföt frá Paul Smith ásamt skófatnaði frá Lloyds og fleiri

merkjum.

„Þetta er eiginlega okkar svar við Kultur kvenbúðinni og er jafnframt verslun fyrir þá sem vilja fjárfesta í örlítið dýrari og vandaðri fatnað.“

Að sögn Svövu er hér um að ræða verslun sem sett er til höfuðs örlítið öðruvísi markhóp en til dæmis Gallerí Sautján. „Þrátt fyrir að þar sé einnig fatnaður fyrir yngra fólk þá er það samt þannig að við erum að miða við að markhópurinn okkar sé á aldrinum 25 til 45 ára.“ Svava segir að úrvalið í versluninni sé mikið. „Við erum með mikið af flottum jakkafötum ásamt því að hafa einnig hversdagsfatnað á boðstólum. Við leggjum mikla

áherslu á góða þjónustu og gæðavörur á sanngjörnu verði. Þetta er í rauninni bara smart búð með vonduðum fötum fyrir flotta karlmenn á öllum aldri.“

Aðspurð um verðið á helstu jakkafötunum segir Svava það vera nokkuð misjafnt. „Ef við tökum til dæmis jakkaföt frá Paul Smith þá erum við að tala um verð allt upp í 55 þúsund krónur. Síðan er hægt að fá mjög góð jakkaföt á um 25 þúsund krónur ef menn vilja það“ segir Svava að lokum.



SVAVA JOHANSEN er hæstánægð með nýju herrafataverslunina.






Opel. Þýski gæðingurinn.

JÓLIN NÁLGAST! NÁÐU FORSKOTI Á NÝJUM OPEL.

Við erum í sérstöku hátíðarskapi og því býðst þér Opel á frábæru jólatilboði út allan desember með einungis **10% útborgun!** En það er ekki allt: Hverjum Opel fylgir **100.000 kr. gjöf** frá Bræðrunum Ormsson handa þeim sem þér þykir vænt um.

Opel Meriva DVD

VERÐ FRÁ AÐEINS: 1.795.000 kr.
10% ÚTBORGUN 179.500 kr.
AÐEINS 23.999 kr. Á MÁNUÐI*



DVD spilari fylgir!



Opel Astra Hatchback

VERÐ FRÁ AÐEINS: 1.695.000 kr.
10% ÚTBORGUN 169.500 kr.
AÐEINS 22.810 kr. Á MÁNUÐI*

Opel Astra Caravan

VERÐ FRÁ AÐEINS: 1.760.000 kr.
10% ÚTBORGUN: 176.500 kr.
AÐEINS 23.680 kr. Á MÁNUÐI*





Við hvetjum alla ökumenn til að aka varlega um hátíðarnar.


Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100	Eyrarlandi 1 530 Hvammstanga 451-2230	Sæmundargötu 3 550 Sauðárkrúki 453-5141	Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-6808	Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376	Víkurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	Búðareyri 33 730 Reyðarfirði 474-1453	Sindragötu 3 400 Ísafirði 456-4540	Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960
---	---	---	--	---	---	---	--	--------------------------------------

*Miðað við bílasamning Glitnis með 10% útb. og eftirstöðvar í 84 mánuði.



INVITA * INNSÍÐ 7 SÍFA

TILKYNNING

E

EDDA

edda.is

ATVINNULEITIN HEFST HÉR!



Hvort sem þú ert einstaklingur í atvinnuleit eða stjórnandi að leita að góðum starfskrafti er **allt - atvinna** lausnin fyrir þig.

allt - atvinna er dreift með Fréttablaðinu inn á **95 þúsund heimili** alla sunnudaga.

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn



DENIS GRBIC þátttakandi í Ástarfleyinu.

Finnst Ísland frábært land

Raunveruleikabátturinn Ástarfleyið, sem sýndur er á sjónvarpsstöðinni Sirkus, hefur varla farið fram hjá neinum. Einn þátttakendanna er hinn tvítugi Denis Grbic. Denis kom til Íslands sem flóttamaður árið 1996, þá ellefu ára gamall. „Eins og fólk kannski man eftir þá var stríð í Júgóslavíu á þessum tíma. Ég bjó í Króatíu, þegar stríðið byrjaði, með móður minni sem er Króati og serbneskum föður mínum. Eftir að húsið okkar hafði verið eyðilagt vegna bardaga allt í kring, urðum við að flýja til Serbíu. Við komum þangað og vorum bókstaflega allslaus. Móðir mín og faðir þurftu að vinna mjög langan vinnudag til þess að við gætum verið í litilli 40 fermetra íbúð.

Sóttu óvart um Ísland

Að sögn Denis var þetta ástand ekki viðunandi og því ákváðu þau að sækja um réttindi flóttamanna. „Við höfðum heyrt af því að hjálparstofnanir væru að bjóða fólki að flytjast brott af átakasvæðunum til þess að eygja von um betra líf. Móðir mín fór því til Belgrad, höfuðborgar Serbíu, og í höfuðstöðvar Rauða krossins þar í borg til þess að sækja um flóttamannaréttindi fyrir okkur fjölskylduna. Við komum síðan til Íslands í júlí 1996.“

Denis man vel þegar fjölskyldan kom fyrst til landsins. „Til að byrja með fluttum við á

Ísafjörð og bjuggum þar í um fjögur ár. Pabbi, er lærður þjónn en hefur aldrei unnið við það hér á landi. Hann fékk vinnu sem netagerðarmaður á Ísafirði og mamma vann á hótelinu og sjúkrahúsinu á Ísafirði. Ég var tiltölulega fljótur að aðlagast. Það tók mig bara einhverja þrjá til fjóra mánuði að byrja að tala málið. Reyndar fékk ég smá sérkennslu í íslensku yfir sumartímann áður en skólinn byrjaði um haustið þannig að ég var kominn með smá grunn þegar skólafarið hófst. Síðan byrjaði ég í skólanum, fór að æfa fótbolta og að komast meira inn í umhverfið,“ segir Denis á algjörlega lýtlausri íslensku. „Það segja mér líka margir að þeir trúu ekki að ég komi frá Króatíu þegar ég segi þeim að ég sé ekki fæddur á Íslandi, þar sem þeir taka ekki eftir neinum hreim eða einhverju slíku.“

Spurður um hvernig hann kunnir við sig á Íslandi segir hann að honum líki vistin afskaplega

vel. „Ég kann bara mjög vel við mig, það er alveg frábært að búa hérna. Ég kom svo ungur hingað til lands og ég lít svo á að Ísland sé mitt heimaland í dag. Mér líður langbest hérna. Auðvitað sakna ég afa og ömmu úti í Króatíu og vil heimsækja þau af og til en ég sé mig ekki fyrir mér flytja þangað út, að minnsta kosti ekki í nánustu framtíð. Sú verður kannski einhvern tímann raunin þegar ég er orðinn töluvert eldri en ég er í dag.“

Langaði að freista gæfunnar

Þegar Denis er spurður hvers vegna hann hafi ákveðið að sækja um í Ástarfleyinu segir hann það vera langa sögu. „Þegar ég bjó í Keflavík kynntist ég stelpu og flutti hennar vegna til Reykjavíkur. Við leigðum saman í tvö ár og hættum síðan saman. Þegar liðnir voru um sex mánuðir frá sambandslitunum var mig farið að langa til þess að kynnst einhverri góðri stelpu. Það er eitthvað svo erfitt að kynnst góðum stelpum úti á lífinu þannig að ég ákvað að prófa þetta. Þetta var eitthvað alveg nýtt og ég greip bara tækifærið og skráði mig um leið og ég heyrdi af auglýsingunni um þættina. Það má einnig segja að ástæðan fyrir því að ég skráði mig sé hálfgerð ævintýramennska af minni hálfu“ segir Denis að lokum.

tomas@frettabladid.is



... mmmmmmmóna!

***NÝJAR UMBÚÐIR**

***NÝJAR UMBÚÐIR**



Ljósir dropar:
Dropar úr ekta rjómasúkkulaði.
Frábærir sem skraut á kökur og
eftirrétti eða með kaffinu.



Skeljar:
Skeljar úr ekta rjómasúkkulaði.
Frábærar sem skraut á kökur og
eftirrétti eða með kaffinu.

***NÝJAR UMBÚÐIR**



Dökkir dropar:
Dropar úr ekta súðusúkkulaði.
Ómissandi ofan á spesiur, frábærir
í allan bakstur.



Ljósir súkkulaðispæenir:
Kjörinn á ísrétti, í kökur
og kaffidrykki.



Dökkir súkkulaðispæenir:
Tilvalinn í kökur,
eftirrétti og kaffidrykki.



Ljós tertuhjúpur:
Fallegur ljós súkkulaðihjúpur
á kökur. Bræddu hjúpinn í
vatnsbaði eða örbylgju og helltu
honum síðan yfir kökuna.



Lúxus súðusúkkulaði:
Frábært í allan bakstur og
tilvalið í heitt súkkulaði með rjóma.



Súkkulaði bitar:
Helltu súkkulaðibitunum
beint út í deigið þegar þú
bakar ekta súkkulaðibitakökur.
Einnig tilvalið út á ísinn.



Dökkur tertuhjúpur:
Fallegur dökkur hjúpur á kökur.
Bræddu hjúpinn í vatnsbaði eða
örbylgju og helltu honum síðan yfir kökuna.

Bragðauki súðusúkkulaði:
Súðusúkkulaði með
appelsínubragði. Gefur
skemmtilega möguleika
í bakstrinum.



HUGSADU STÓRT **SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

SALLU

FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

★★★★
-SK DV
★★★★
-topp5.is
★★★★
-SV MBL

Sýnd kl. 5.50, 8 og 10.10 B.i. 16 ára
Sýnd í Lúxus kl. 5.50, 8 og 10.10

EXORCISM

Sýnd kl. 5, 8 og 10.40 B.i. 16 ára

Laðið

INTO THE BLUE

Sýnd kl. 8 og 10.20 B.i. 14 ára

FM 957

In Her SHOES

Sýnd kl. 8 B.i. 12 ára

Sýnd kl. 5.20 og 10.15 B.i. 12 ára

Sýnd kl. 5.20

DCI Dolby **SDS** **IFX** **BÍÓ.IS** – allt á einum stað

REGNBOGINN Sími 551 9000

SALLU

FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

★★★★
-SK DV
★★★★
-topp5.is
★★★★
-SV MBL

Sýnd kl. 5.50, 8 og 10.10 B.i. 16 ára

A SOUND OF THUNDER

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 B.i. 12 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

ÞAÐ SEM KOM FYRIR EMILY ROSE ER ÓHUGANLEGRA EN NOKKUD SEM ÞÚ GETUR ÍMYNÐAD ÞÉR

★★★★
-SK DV
★★★★
-topp5.is
★★★★
-SV MBL

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára

EXORCISM

Sýnd kl. 8 og 10.30

In Her SHOES

Sýnd kl. 8 og 10.30

bara lúxus **LAUGARÁS BÍÓ** Sími 553 2075

SALLU

Þetta er margþróttari, útfærslan er flókari og leikurinn skelfilegri en nokkrum sínum fyrr.

Sýnd kl. 6, 8 og 10

Waiting...

Frá framleiðanda American Pie

Sýnd kl. 6, 8 og 10

THE DEVIL'S REJECTS

Sýnd kl. 10:15 B.i. 16

FOUR BROTHERS

Sýnd kl. 8 B.i. 16

Sýnd kl. 5:45

www.laugarasbio.is



ÓLI PÍKA Myndasögubókin um Óla píku er komin út í endurbættri útgáfu með fleiri skrítlum en áður.

Óli píka endurbættur

Út er komin önnur prentun á myndasögubókinni Óli píka eftir Ómar Örn Hauksson, nema og poppara. Þetta er fyrsta myndasaga Ómars Arnar og gefur hann bókina út sjálfur.

Þessi nýja prentun er endurbætt, með fleiri skrítlum og formála eftir Höskuld Ólafsson, fyrrverandi félagi Ómars úr hljómsveitinni Quarashi.

Óli píka fjallar um ævi og ástir ungs drengs sem er svo seinheppinn að hafa fæðst með sköp í stað andlits og þau vandamál sem þessi ákveðni galli ber með sér. Bókin er gluggi inn í sálaráttur okkar, segir það sem við erum öll að hugsa og leyfir okkur að hlæja að tabúum okkar samfélags. Er hún ekki talin henta viðkvæmum.

Bókin kemur út í takmörkuðu upplagi og verður aðeins seld í versluninni Nexus Hverfisgötu 103.

Sextán ára stríði lokið

Hið óhugsandi gerðist á CBS síðastliðið fimmtudagskvöld. Spjallþáttadrottningin Oprah Winfrey mætti í kvöldþátt Davids Letterman en þau hafa ekki ræðst við í sextán ár. Áhorfendur Lettermans hafa ekki farið varhluta af því að Oprah væri á leiðinni því þættir hans hafa snúist meira eða minna um þessa sögulegu heimsókn.

Það fór mjög vel á með þeim og ræddu þau meðal annars ástæðuna fyrir þessu samskiptaleysi þeirra á milli. Letterman hefur gert óspart grín að Oprah í þáttum sínum og lét hún meðal annars hafa það eftir sér í tímaritinu Time Life að hún gæti ekki hugsað sér að mæta til Lettermans vegna allra brandaranna. Stríðsöxin var engu að síður grafin en sjónvarpsáhorfendur tóku eftir því að Oprah sjálf var greinilega mjög taugaóstyrk eins og hún byggist við öllu því versta.

Letterman sagðist á hinn bóginn vera himinlifandi yfir að hafa getað talað hana til en spjallþáttadrottningin var ekki sannfærð um heilindi hans. Letterman kom henni augljóslega á óvart með því að hrósa þættinum og Oprah sjálfri fyrir framlag hennar til þróunarmála í Afríka. „Þú hefur gefið lífi þessa fólks einhvern tilgang. Við erum bara sjónvarpsþáttur,“ sagði Letterman og sló hana út af laginu með þessum gullhörmum sínum.

Letterman lauk þættinum á að fylgja Oprah til frumsýningar á söngleiknum The Color Purple en hann er byggður á samnefndri kvikmynd Stevens Spielberg. ■



HIÐ ÓHUGSANDI HEFUR GERST Letterman fylgir Oprah Winfrey á Broadway en verið var að setja upp söngleik eftir kvikmyndinni The Color Purple.



FORGOTTEN LORES Hljómsveitin mun slá saman í mikla hiphop- og funkveislu í Stúdentakjallaranum í kvöld.

Forgotten Lores og TMC í kvöld

Hljómsveitirnar Forgiven Lores og TMC Crew ætla að slá saman í spikfeita hiphop- og funkveislu í Stúdentakjallaranum í kvöld. Forgiven Lores mun koma fram með lifandi undirleik eins og þeir meðal annars gerðu á Iceland Airwaves og þegar þeir hituðu upp fyrir Snoop Dogg í Laugardalshöll í sumar. Twisted Minds Crew kemur einnig fram með lifandi undirleik. Beatmaking Troopa og DJ B-Ruff hita upp. Húsið opnar klukkan 22.00. ■

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

DV

Póra Hallgrímsson

Þeir um meinta förgun á bókarkafli um fyrrverandi

Þeirir þegar aðrir þegja!

Fimm sveittir strákar

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN


Það er þó nokkuð pönkaður sjarmi yfir þessari sveit, Brakes. Ekki vegna þess að hér sé allt bjagað, urrandi hratt og hrátt. Heldur vegna þess að á frumraun sinni hljómar sveitin eins og hún kunni ekkert svakalega mikið á hljóðfæri sín. Enn og aftur sannast speki Einars Arnar Benediktssonar, um að það skipti ekki máli hvað þú kunnir, heldur hvað þú gerir.

Lagasmíðarnar hljóma líka oft eins og þær séu eftir 13 ára bílskúrssveit. Fæst laganna ná tveimur mínútum á lengd, og fjögur þeirra eru innan við 40 sekúndur. Hér er ekki verið að reyna að gera neinar tilraunir til þess að semja hið fullkomna popplag.

Ádal sveitarinnar fyrir mér eru textarnir. Þeir eru ruddalega æðrulausir og gera stólpagrín að uppum á kókaini og segja alls kyns sögur af hljómsveitarmeo-

limum. Besti textinn er líklegast I've Heard About Your Band sem fjallar um það þegar sjálfsskandi jakkafataherðatré reynir að heilla söngvara sveitarinnar með sögum af sjálfum sér og hversu mikið hann þénar á mánuði. Söngkona Yeah Yeah Yeahs kemur við sögu, en bara sem sögupersóna í textanum. Næstsíðasta lagið er svo Sometimes Always, tókulag eftir Jesus and Mary Chain sem skartaði þá söngkonu Mazzy Star í aukahlutverki. Hér er textanum breytt örlítið, þannig að í stað þess að aðalröddin sé að syngja til einnar stúlku, syngur hún til hóps kvenna.

Frumraun Brakes býður ekki upp á neina snilldartakta hvað neitt varðar. En samt er hún mjög skemmtileg og ég get ímyndað mér að það sé frábært að sjá þessi fíflalæti á sviði. Hljómar eins og fimm sveittir strákar í æfingahúsnæðinu að spila, drekka bjór,



BRAKES: GIVE BLOOD

NIDURSTAÐA:

Það er ekkert alvarlegt eða dramatískt við frumraun Brakes. Nokkuð illa spiluð og lagasmíðar frekar barnalegar. Samt, af einhverjum ástæðum, gengur þetta upp.

hlæja og leika sér þangað til að annaðhvort strengirnir slitna, eða meðlimir sjálfir.

Birgir Örn Steinarrson



ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 3.20-5-6.50-8-10-10 B.I. 10	HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 8	HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 5-8-10 B.I. 10
HARRY POTTER OG ELDBIKARINN VIP KL. 5-8-10	THE DESCENT KL. 10.20	NOEL KL. 5.50-8-10.20
GREEN STREET HOOLIGANS KL. 5.45-8-10.30 B.I. 16	LORD OF WAR KL. 8	SERENITY KL. 8 B.I. 16
LORD OF WAR KL. 8-10.30 B.I. 16		
ELIZABETH TOWN KL. 8	AKUREYRI	
LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 4-6	HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 6-9	
CHICKEN LITTLE enskt tal KL. 4	LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 6	
TWO FOR THE MONEY KL. 10.30 B.I. 12	KISS KISS BANG BANG KL. 10.10	
TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 6	ELIZABETH TOWN KL. 8	

HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 6-8-10	B.I. 10
GREEN STREET HOOLIGANS KL. 5.45-8-10.15	B.I. 16
THE MARCH OF THE PENGUINS KL. 5.30-8-10.20	
TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 10	
LORD OF WAR KL. 5.30-8-10.20	B.I. 16
LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 6	



ALANIS MORISSETTE Söngkonan kanadíska á lag í nýju Narníu-myndinni sem er á leið í kvikmyndahúsin.

Syngur í Narníu

Kanadíska söngkonan Alanis Morissette er meðal þeirra listamanna sem eiga lög í stórmyndinni The Chronicles of Narnia: The Lion, the Witch and the Wardrobe sem er væntanleg í bíó. Morissette, sem gaf nýverið út órafmagnaða útgáfu af metsöluþlötu sinni Jagged Little Pill, syngur lagið Wunderkind í myndinni. Talið er að myndin muni berjast hatramlega við Harry Potter-myndina nýju um áhorfendur fyrir jólin.



PHILIPPE OG WITHERSPOON Hollywood-párið þykir eitt það flottasta þar í borg. Þau eiga tvö börn saman.

Svalasti pabbinn

Lesendur tímaritsins In Touch hafa kosið leikarann Ryan Phillippe, eiginmann Reese Witherspoon, svalasta pabbann í Hollywood. Phillippe er faðir þeirra Ava, sem er 6 ára, og hins tveggja ára Deacon. Hann segist hafa þjálfast í barnaupplæðingum þegar hann hjálpaði móður sinni sem vann á leikskóla þegar hann var yngri. Hann segist jafnframt vera ákaflega stoltur af börnunum sínum tveimur.



hefur gæðin

Flottur, flottari... gæjalegri

VELDU TUCSON, GÆJALEGA SPORTJEPPANN FRÁ HYUNDAI.

WWW.HYUNDAI.IS



TUCSON

Verð frá kr. 2.320.000

Bíll á mynd: Hyundai Tucson 2.0 dísel, 18" álfelgur, samlitur, krómpakki, krómsíli og vindkljófasett.



Með bílinn handa þér

B&L - GRJÓTHÁLSI 1 - 110 REYKJAVÍK - 575 1200 - WWW.BL.IS

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 TIL 18 OG LAUGARDAGA FRÁ KL. 12 TIL 16.

BÍLASALA AKUREYRAR SÍMI 461 2533 • BÍLÁS AKRANESI SÍMI 431 2622 • SG BÍLAR REYKJANESBÆ SÍMI 421 4444 • JG BÍLAR EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2524



Ágúst rekinn út

Ágúst Björgvinsson, þjálfari kvennaliðs Hauka, var rekinn út úr húsi vegna harðra mótmeala í leik liðsins gegn Grindavík í gær. Brotthvarf Ágústs átti eftir að reynast hið besta mál fyrir Hauka því eftir að hann var farinn fór allt að ganga upp hjá Haukum og svo fór að liðið vann öruggan sigur eftir mjög jafnan leik framan af.

sport
sport@frettabladid.is

ÍSLANDSMÓTIÐ Í KNATTSPYRNU INNANHÚSS: KEFLAVÍK OG BREIÐABLIK BÁRU SIGUR ÚR BÝTUM

Líklegt að mótið muni breytast

Íslandsmótið í innanhússfótbolta fór fram um helgina og voru það Keflavík og Breiðablik sem eru meistaraþetta árið. Árlega kemur upp umræða um það hvort rétt sé að leggja þetta mót niður í núverandi mynd en flestir eru á þeirri skoðun enda má segja að fótbolti innanhúss og utanhúss séu gjörólíkar íþróttagreinar. „Það eru miklar líkur á því að við breytum yfir í öðruvísi gerð af innanhússfótbolta, Futsal, sem tíðkast víða og er haldið Evrópu- og heimsmeistarátömi í þeirri grein. Það er ekki mikið mál að koma upp þeirri aðstöðu í íþróttahúsum hér á landi en þá er spilað á handboltamörk,“ sagði Halldór B. Jónsson, varaformaður KSÍ.

Áhuginn fyrir þessu innanhússmóti fer dalandi og ljóst að breytinga er þörf. Lið leggja mismikla áherslu á þetta mót en

Keflavík vann KR í úrslitaleik í karlaflokkum 1-0 með marki frá Herði Sveinsyni. Keflavík tefldi fram sterku liði en lið KR var mestmegnis skipað strákum sem voru að koma upp úr 2. flokki félagsins. „Ég mætti bara með þann hóp sem ég hef núna, það eru ekki mikið fleiri að æfa. Fyrst við komumst í úrslitakeppnina þá var stefnan að sjálfsgöðu sett á sigur en til að byrja með mættum við til að vera með. Ég er ánægður með að hugmyndir séu uppi um að breyta fyrirkomulaginu á þessu móti,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, eftir sigur sinna manna á mótinu.

Markvörðurinn Þóra B. Helgadóttir var hetja Breiðabliks sem vann KR eftir víta-spyrnukeppni í úrslitaleik í kvennaflokkum. „Við fáum

liðið út úr þessu og við æfðum bara einu sinni innanhúss fyrir mótið. Markmiðið var að hafa bara gaman og þetta var nokkurs konar hópefli eiginlega. En það er náttúrulega alltaf gaman að vinna bikar,“ sagði Þóra.



> Karakter hjá Einar

Handboltamaðurinn Einar Hólmgeirsson spilaði stórkostlega þegar lið hans Grosswallstadt lagði Wetzlar af velli í þýsku úrvalsdeildinni á laugardag og skoraði 10 mörk, langflest með sannkölluðum slegjum utan af velli. Þjálfari Wetzlar hrósaði Einar í hástert eftir leikinn og sagði hann muninn á liðunum. Einar hafði verið frystur af þjálfara sínum í síðustu leikjum en sýndi það var röng ákvörðun hjá honum. Alexander Petterson skoraði tvö mörk fyrir Grosswallstadt í leiknum og þá skoraði Snorri Steinn Guðjónsson 9 mörk þegar Minden tapaði fyrir Wilhelmshaven. Gylfi Gylfason skoraði 5 mörk fyrir sigurliðið.



Stuðningsmenn Stoke City:

Réðust að markverði QPR

FÓTBOLTI Íslendingafélagið Stoke City gæti átt yfir höfði sér þunga refsingu eftir að tveir stuðningsmenn liðsins hlupu inn á völlinn í heimaleik liðsins gegn QPR á laugardag og réðust á markvörð gestanna, Simon Royce.

Atvikið átti sér stað undir lok leiksins en fljótlega komu leikmenn beggja liða og rifu stuðningsmennina frá Royce. Það fór þó ekki betur en svo að leikmenn liðanna fóru í kjölfarið að kljást innbyrðis og varð allt vitlaust á vellinum um tíma. Stuðningsmennirnir sem áttu í hlut voru að sjálfsgöðu handteknir en ljóst er að enska knattspyrnusambandið lítur málið mjög alvarlegum augum.

„Royce er stór og sterkur strákur og getur séð um sig sjálfur. Það er ekki skráma á honum og við munum ekki láta þetta á okkur fá. Það er ekki hægt að kenna Stoke City um þetta, það eru stuðningsmennirnir sem þarf að refsa. Stoke gat ekkert gert,“ sagði Ian Holloway, stjóri QPR, eftir leikinn.

Johan Boskamp, stjóri Stoke, gat lítið annað gert en að biðjast afsökunar. „Fyrir hönd félagsins biðst ég afsökunar á framferði stuðningsmannanna. Þetta var hryllilegt og á ekki að sjást í fótboltaleik,“ sagði Boskamp.

- vig

Það er ennþá möguleiki

Sigfús Sigurðsson segir að það sé ennþá möguleiki fyrir Magdeburg að komast áfram í meistaraeldinni í handbolta þrátt fyrir tap á heimavelli gegn Barcelona.

HANDBOLTI „Það voru vissir aðilar að bregðast í þessum leik og voru of eigingjarnir. Í staðinn fyrir að spila félagana uppi voru menn að reyna of mikið sjálfir og það varð okkur að falli í síðari hálfleik,“ sagði Sigfús Sigurðsson hjá Magdeburg í samtali við Fréttablaðið skömmu eftir leik liðsins gegn Barcelona í meistaraeldinni í gær, en Magdeburg mátti þola 26-24 tap eftir að hafa leitt í hálfleik, 15-11.

Alfred Gíslason og lærisveinar hans komu vel stemmdir til leiks í gær og höfðu frumkvæðið stærstan hluta fyrri hálfleiks, komust í 7-5 og síðan 11-9. Gregory Tkaczyk var í miklum ham á lokamínútum fyrri hálfleiks, skoraði þrjú síðustu mörk hans og kom Magdeburg í 15-11. Liðið hélt áfram í upphafi þess síðari og komst í 17-12 áður en allt hrökk allt í baklás hjá liðinu. Barcelona minnkaði muninn í 17-16 og í stöðunni 23-22 fyrir Magdeburg fór David Barrufet í marki gestanna í gang og skoruðu leikmenn Magdeburg ekki í tæpar 10 mínútur. Svo fór að Barcelona sigraði að lokum með tveimur mörkum og mega þeir helst þakka markmanninum sínum Barrufet sigurinn en hann varði 21 skot. Það er því ljóst að Magdeburg



ALFRED GÍSLASON Hefur ábyggilega liðið betur en honum leið í síðari hálfleiknum í gær þegar hann horfði upp á leikmenn Barcelona valta yfir sína menn.

bíður gríðarlega erfitt verkefni við að vinna upp tveggja marka tap á útivelli, enda Barcelona ríkjandi Evrópumeistari og með einn sterkasta heimavöll í Evrópu. En Sigfús heldur þó enn í vonina.

„Í seinni hálfleik vorum við einfaldlega lélegir en það sást í fyrri hálfleik að við eigum fullt erindi í þetta Barcelona-lið og getum vel unnið það. Ef við

spilum með höfðinu og fyrir hvorn annan í síðari hálfleik getum við alveg komist áfram. Það þurfa bara litlir hlutir að lagast til að við höfum þá,“ segir Sigfús en hann skoraði þrjú mörk eins og Arnór Atlason, en sá síðarnefndi spilaði nánast allan leikinn eftir að Stefan Kretchmar hafði orðið fyrir meiðslum strax á 5. mínútu leiksins.

vignir@frettabladid.is

Einvígi Juventus og AC Milan: Átta stiga munur

FÓTBOLTI Juventus hefur átta stiga forskot á Ítalíu eftir leiki helgarinnar en liðið var stálheppið að ná að sigra Fiorentina á útivelli í gær. Mauro Camoranesi skoraði sigurmarkið er tvær mínútur voru til leiksloka en áður höfðu heimamenn þrívægis átt skot í tréverkið.

AC Milan er í öðru sætinu en liðið tapaði á laugardag fyrir Chievo 2-1 þar sem staðan var jöfn þar til á 81. mínútu þegar Simone Tiribocchi varð hetja Chievo og skoraði sigurmarkið í óvæntum sigri liðsins.

- egm

Góður sigur Man. City í gær:

Vörn Charlton í rugli

FÓTBOLTI Hermann Hreiðarsson og félagar hans í vörn Charlton vilja örugglega gleyma viðureign liðsins gegn Manchester City í gær sem allra fyrst. Leikurinn fór fram á heimavelli Charlton en liðið sýndi fullmikla gestrisni og náði City að sigra 5-2, þetta var fimmti leikur Charlton í röð í ensku úrvalsdeildinni sem liðið tapar. Staðan í leiknum var jöfn, 2-2, þegar rétt rúmlega tuttugu mínútur voru eftir en varnarleikur heimamanna var gjörsamlega afleitur undir það síðasta og er ljóst að Alan Curbishley bíður ærið verkefni við að koma sjálfstrausti í sína leikmenn á ný.

- egm

Bolton hefur mikinn áhuga á að fá Roy Keane:

Allardyce þráir Keane

FÓTBOLTI Sam Allardyce vonast til þess að Roy Keane hafi verið að fylgjast með Bolton upp á síðkastið og tekið eftir mögnum 2-0 sigri liðsins á Arsenal um helgina.

Bolton hefur verið á hörkusiglingu og aðeins tapað einum af síðustu fimm leikjum sínum. Liðið er að gera góða hluti í úrvalsdeildinni, Evrópukeppni félagsliða og enska deildarbikarinn en Allardyce á sér þá ósk að fá Keane í búning Bolton.

„Vonandi finnst honum Bolton vera áhugavert félag. Hann veit

af okkar áhuga og við bíðum bara eftir viðbrögðum frá honum en það eru náttúrulega fjölmörg lið á eftir honum. Við gætum haft smá forskot þar sem við erum í nágrenni við heimili hans, nema hann vilji flytja burt með alla fjölskyldu sína,“ sagði Allardyce en Keane stendur meðal annars til boða að fara til Real Madrid á Spáni og Celtic í Skotlandi þar sem honum verða væntanlega boðin svimandi há laun sem Bolton getur engan veginn keppt við.

-egm

Vond uppákoma átti sér stað á æfingu hjá Tottenham á föstudag:

Davids og Keane slógust heiftarlega

FÓTBOLTI Edgar Davids og Robbie Keane, leikmenn enska úrvalsdeildarliðsins Tottenham, lenti saman á æfingu sl. föstudag og skiptust á nokkrum höggum áður en að liðsfélagar þeirra skildu þá að. Þessu heldur enska götublaðið News of the World fram í gær og segja nokkur vitni frá því sem þau sáu.

„Þetta var mjög alvarlegt. Þetta voru engar stimpingar heldur raunverulega slagsmál þar sem hnefarnir sáu um að tala. Það var ekki fyrr en liðsfélagar þeirra stukku á milli sem þeir hættu að berja hvorn annan,“ sagði eitt vitnið en ólátin byrjuðu eftir að



EDGAR DAVIDS Hefur lent upp á kant við liðsfélaga sína og stjóra í ófa skipti á ferlinum.

þeim lenti saman í tæklingu.

Keane og Davids hafa orð á sér fyrir að vera skapstyggi með eindæmum en báðir léku þeir þó með Tottenham í sigurleik gegn Sunderland á laugardaginn og svo virðist sem að Martin Jol, stjóri Tottenham, hafi verið fljótur að ná sáttum á milli þeirra félaga. Talsmaður Tottenham, Donna Cullen, staðfesti að upp hefði komið mál á æfingasvæði félagsins sem hún vildi ekki fara nánar út í. „Það kom upp mál sem nú er gleymt og grafið. Við lítum á það sem merki þess að það er mikill metnaður til staðar hjá leikmönnum félagsins,“ sagði Cullen.

- vig



SERGIO AGUERO Lykilmaður hjá Argentínu sem varð heimsmeistari unglinga síðasta sumar.

Chelsea vill alla bestu ungu leikmennina:

Chelsea er á höttunum á eftir hinum nýja Batistuta

FÓTBOLTI Chelsea er sagt ætla að bjóða í argentínska tánínginn Sergio Aguero þegar leikmannagluggin í Evrópu opnast á ný í janúar. Aguero þessi er 17 ára gamall framherji sem þegar hefur verið nefndur hinn nýji Gabriel Batistuta, eftir einum magnaðasta framherja sem Argentína hefur alið af sér.

Aguero leikur með Independiente í heimalandi sínu en hefur vakið áhuga margra stóriða í Evrópu, Inter, Juventus, Real Madrid og að sjálfsgöðu Chelsea. Hann þykir svipa mjög til Batistuta sem leikmaður vegna hraða, styrks og frábærrar

skallatækni, en hann var, ásamt Lionel Messi hjá Barcelona, lykilmaður í liði Argentínu sem varð heimsmeistari unglinga í sumar.

Spænska dagblaðið Marca greindi frá því fyrir helgi að Villareal á Spáni hefði þegar boðið Independiente rúmar 900 milljónir króna fyrir Aguero en því boði hefði verið hafnað. Talið er að forráðamenn argentínska félagsins vilji fá 1,3 milljarða fyrir stjórnualeikmanninn sinn og ætti Roman Abramovich ekki að eiga í miklum erfiðleikum með að reida fram slíkum peningum.

- vig

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin:

CHARLTON-MAN. CITY 2-5
0-1 Andy Cole (25.), 1-1 Darren Bent (36.), 1-2 Trevor Sinclair (37.), 1-3 Joey Barton (69.), 2-3 Jay Bothroyd (73.), 2-4 Darius Vassell (79.), 2-5 Andy Cole (84.).

STAÐA EFSTU LIÐA

CHelsea	15	13	1	1	34-7	40
MAN. UTD	14	9	3	2	24-13	30
LIVERPOOL	14	8	4	2	18-8	28
TOTTENHAM	15	7	6	2	19-12	27
ARSENAL	14	8	2	4	22-12	26
BOLTON	14	8	2	4	17-13	26
WIGAN	14	8	1	5	16-13	25
MAN. CITY	15	7	3	5	20-14	24
WEST HAM	13	5	4	4	17-13	19
M'BROUGH	15	5	4	6	20-21	19
CHARLTON	14	6	1	7	19-23	19

Spænska úrvalsdeildin:

ALAVES-MALLORCA 0-3
0-1 Victor Casadesus (46.), 0-2 Victor Casadesus (52.), 0-3 Mark Iuliano (64.).
CADIZ-R. ZARAGOSA 1-3
1-0 Fernando Enrique (17.), 1-1 Ruben Cani (68.), 1-2 Ewerthon (70.).
ESPANYOL-VALENCIA 1-3
0-1 Miguel Angulo (15.), 0-2 David Villa (42.), 0-3 Pablo Aimar (61.), 1-3 Ferran Corominas (64.).
RACING-REAL SOCIEDAD 2-2
0-1 Alvaro Novo (20.), 0-2 Oscar De Paula (50.), 1-2 Antonio (67.), 2-2 Mikel Alonso (85.).
MALAGA-OSASUNA 1-2
0-1 Pierre Webo (23.), 1-1 Nacho (38.), 1-2 Valdo (41.).
VILLAREAL-BARCELONA 0-2
0-1 Juan Pena, sjálfsmark (24.), 0-2 Deco (63.).

Ítalska úrvalsdeildin:

FIorentina-JUVENTUS 1-2
0-1 David Trezeguet (8.), 1-1 Giampaolo (40.), 1-2 Mauro Camoranesi (88.).
LAZIO-SIENA 3-2
1-0 Paulo Di Canio (42.), 1-1 Erjon Bogdani (52.), 2-1 Aparecido Cesar (60.), 3-1 Iglu Tare (79.), 3-2 Angelo Peruzzi, sjálfsm. (90.).
SAMPDORIA-EMPOLI 2-0
1-0 Marco Borriello (78.), 2-0 Francesco Flachi (87.).
PALERMO-CAGLIARI 2-2
1-0 Andrea Caracillo (20.), 2-0 Stephan Makinwa (22.), 2-1 Daniele Conti (64.), 2-2 Francesco Bega (89.).
TREVISO-MESSINA 0-0
UDINESE-LIVORNO 0-2
0-1 Christian Obodo, sjálfsm. (1.), 0-2 Christiano Lucarelli (73.).
REGGINA-PARMA 2-1
1-0 Francesco Gozza (9.), 1-1 Giuseppe Cardone (12.), 2-1 Gaetano De Rosa (20.).

STAÐA EFSTU LIÐA

JUVENTUS	13	13	0	1	31-8	39
AC MILAN	14	10	1	3	30-15	31
INTER	14	9	2	3	25-11	29
FIorentina	14	9	2	3	29-16	29



SIR ALEX Sannfærður um að United komist áfram í meistaradeildinni.

Alex Ferguson, stjóri Man Utd:

Við munum komast áfram

FÓTBOLTI Það ræðst á miðvikudag hvort Manchester United kemst áfram í meistaradeildinni en þá fer liðið til Portúgal og mun kljást við Benfica. United þarf líklegast á sigri að halda til að komast áfram en jafntefli gæti þú dugað ef úrslitin úr leik Lille og Villareal reynast hagstæð. Það verður líklega mikil spennna og taugaveiklun í Lissabon en Sir Alex Ferguson, stjóri United, er sannfærður um að liðið komist áfram.

„Ég hugsa ekki einu sinni út í það ef við komumst ekki áfram. Við komumst upp úr riðlinum, engar áhyggjur. Ég veit að fólk sem tengist félaginu ekki hatar ekki þessa stöðu en við þurfum bara að vinna okkar vinnu. Það skiptir ekki máli hvort við vinnum riðilinn eða ekki, það sem skiptir máli er að komast áfram,“ sagði Ferguson. -egm

Agavandamál Davids Beckham halda áfram:

Sá rautt í þriðja sinn í ár

FÓTBOLTI Efasemdir um getu David Beckham til að vera fyrirlíði enska landsliðsins vöknudu enn og aftur um helgina þegar hann fékk að líta rauða spjaldið í þriðja sinn á tímabilinu. Beckham fékk beint rautt spjald fyrir að tækla Riki, leikmann Getafe, á 56. mínútu á laugardag, en Real Madrid vann leikinn 1-0 með marki frá Ronaldo. Þetta var í fjórða sinn sem Beckham er rekinn af velli hjá Real en á ferlinum hefur Beckham, fengið að líta rauða spjaldið alls sjö sinnum.

Englendingar eru ekki ánægðir með að sjá Beckham missa stjórn á sér inni á vellinum sífellt oftar og vilja margir meina að hann

sé ekki hæfur til að leiða enska landsliðið á HM í Þýskalandi á næsta ári. Beckham lét sér ekki nægja að vera rekinn út af því er hann var að ganga til búningsklefa lenti hann í hörðu orðaskaki við Bernd Schuster, þjálfara Getafe, og þurfti á endanum að draga Beckham inn í göngin.

„Hann er undir mikilli pressu í augnablikinu eins og allir leikmenn liðsins og hann einfaldlega varð of bráður í eitt andartak. Svona getur komið fyrir alla,“ sagði Valeri Luxemburgo, þjálfari Real, eftir leikinn þegar hann reyndi að afsaka hegðan Beckham. Schuster greindi frá því fjölmiðla eftir leikinn hvað



hann hefði sagt við Beckham sem hefði æst hann jafn mikið upp og raun bar vitni. „Ég sagði bara við hann: Til hamingju með frábæran leik.“ -vig

BRJÁLADUR David Beckham ætlaði hreinlega að vaða í þjálfara Getafe eftir að hafa verið rekinn af velli á laugardag. Þá hafði hann hrósað Beckham í kaldhæðni eftir leikinn.

FRÁ FRAMLEIÐANDA "SHREK 1 & 2"

SPENNANDI OG SPRENGHLÆGILEG ÆVINTÝRAMYND.
EIN SKEMMTILEGASTA MYND ÁRSINS
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA.



"SUMAR DÚFUR ÉTA BRAUÐMYLSNUR...
...AÐRAR SKAPA SÖGUNA"

FÁANLEG Á DVD OG VHS Í NÆSTU VERSLUN!

SAM MYNDIR

AÐSTAÐA SEM EYKUR GÆÐI AFREKSSTARFS

Kópavogsbær og Knattspyrnuakademía Íslands ætla sér að byggja upp stórglæsilega íþróttaaðstöðu við Vallarkór í Kópavogi sem mun nýtast íþróttahreyfingunni í heild sinni. Afreksstarf íþróttamanna hér á landi gæti því breyst til muna með tilkomu þessarar aðstöðu, en ónægur slagkraftur í afreksstarfi innan íþróttahreyfingarinnar hefur valdið mörgum íþróttaáhugamönnum áhyggjum.

Íþróttaaðstaðan sem Knattspyrnuakademía Íslands og Kópavogsbær ætla að byggja á upp í Kópavogi mun verða mikil lyftistöng fyrir íþróttahreyfinguna í landinu, en aðstaðan verður sú allra glæsilegasta sem byggð hefur verið upp hér á landi.

Það er von þeirra, sem að þessu verkefni koma, að með tilkomu þessarar aðstöðu færast aukinn slagkraftur í þjálfun afreksíþróttafólks hjá íþróttahreyfingunni á Íslandi en vonast er til þess að aðstaðan verði eins konar heilsu-, íþrótta- og fræðasetur, þar sem hugað verður betur að einstaklingsmiðaðri þjálfun í hinum ýmsu íþróttagreinum.

Vonast er til þess að framhaldsskóli verði reistur í nágrenni við íþróttaaðstöðuna en frá því hefur ekki verið gengið ennþá.

Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, bindur miklar vonir við þetta verkefni og vonast til þess að hún mun auka faglega þjálfun íþrótta hér á landi. „Þetta mál horfir afar vel við okkur. Við teljum að þessi þróun sé mikil lyftistöng fyrir íþróttastarf í landinu. Ég tel þetta styrkja alla faglega vinnu sérstaklega. Afreksstigið fær mikið vægi hjá þeim sem að þessu verkefni koma og það er jákvætt því að það hefur vant- að aukinn slagkraft í þann hluta íþróttastarfsins. Tilkoma þessarar glæsilegu aðstöðu á eftir að hjálpa íslensku íþróttafólki mikið. Knattspyrnuakademía Íslands hefur skilað einstaklega góðu starfi til þessa, og þetta metnaðarfulla framhald er einungis til góðs fyrir

íslenskt íþróttalíf.“

Nýttist öllu íþróttafólki

Arnór Guðjohnsen, forsvarsmáður Knattspyrnuakademíu Íslands, vonast til þess að aðstaðan muni nýtast öllu íþróttafólki. „Við förum af stað með námskeið fyrir um tveimur árum. Við ákváðum að hafa námskeiðin á morgnana til þess að trufla ekki starf íþróttafélaganna og grunnskóla. Þetta gekk vel og í kjölfarið fáum við hugmynd um að stækka þetta verkefni enn meira. Við teljum að það sé mikilvægt að samræma nám og iðkun íþrótta betur á framhaldsskólastiginu, og okkar hugmynd byggir að stórum hluta á því að það risi framhaldsskóli í grennd við aðstöðuna sem við ætlum að byggja upp með Kópavogsbæ. Ég held að þessi aðstaða sem byggð verður upp í Kópavoginum muni hjálpa efnilegu íþróttafólki að ná enn lengra og það er okkar verkefni að leggja fram kunnáttu okkar og reynslu til þess að leiðbeina fólkinu sem tekur þátt í þessu verkefni.“

Nauðsynlegt að hlúa betur að hæfileikafólki

Eiður Smári Guðjohnsen, knattspyrnumaður hjá Chelsea og fyrirlíði íslenska landsliðsins í knattspyrnu, er einn þeirra sem kemur að fjármögnun hluta aðstöðunnar sem byggð verður upp við Vallarkór í Kópavoginum. Hann segist fyrst og fremst vera að hugsa um þessa aðstöðu sem hugsanlegan starfsvettvang fyrir sig eftir að knattspyrnuferli hans lýkur.

„Fyrst um sinn er ég einungis að leggja nafn mitt við þetta framtak. Ég horfi til þess að geta tekið þátt í þessu starfi eftir að knattspyrnuferli mínum lýkur. Ég vona nú að það séu nokkur ár í það. En þetta er einn af þeim hlutum sem ég ætla að einbeita mér að þegar þar að kemur. Það er myndarlega að þessu staðið og samstarfið við Kópavogsbæ er til fyrirmyndar.“

Eiður Smári vonast til þess að aðstaðan verði til þess að íslenskt íþróttafólk eigi auðveldara með að bæta getu sína í íþróttum. „Það sem vakir fyrir mér í þessu starfi eru einkum tvennt. Í fyrsta lagi að skapa góðan og heilbrigðan stað fyrir börn til að stunda knattspyrnu, og þar er ég að horfa til allra, óháð getu. Svo í öðru lagi er að hjálpa þeim sem skara fram úr að ná enn lengra og rækta þá hæfileika sem fyrir hendi eru.“

Góð reynsla af samræmingu náms og íþrótta

Fjölbrotaskóli Suðurlands á Selfossi, í samstarfi í hugbúnaðar- fyrirtækið Sideline Sports sem sérhæfir sig í forritagerð, hóf í haust að bjóða upp á sérstaka línu innan skólans þar sem áhersla er lögð á körfubolta og bóknám, og er sérstaklega hugað að því að hvernig hægt sé að samræma námið og íþróttaiðkunina. Þannig sendir skólann lið til leiks í Íslandsmótinu í körfubolta sem keppir undir nafni skólans, líkt og þekktist í skólum í Bandaríkjunum, bæði á framhalds- og háskólastigi.

Sigurður Sigursveinsson, skóla- meistari FSU, segir reynsluna



EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN Eiður er fremsti íþróttaaðmaður Íslands í dag en hann telur nauðsynlegt að hlúa betur að efnilegu íslensku íþróttafólki.

vera afskaplega góða af þessu samstarfi. „Þetta er ekki einleg námsbraut heldur settum við okkur það markmið að skapa ungunum og efnilegum íþrótta- mönnum, reyndar bara strákum til þess að byrja með, besta mögulega æfingumhverfi. Þetta hefur gengið vonum fram í haust og það má með sanni segja að drengirnir sem taka þátt í þessu verkefni hafi staðið sig frábærlega, bæði innan vallar og utan. Hugmyndin er sú að taka jafn marga drengi inn í þessa námsleið á hverju ári, og munu útskrifast árlega, til þess að viðhalda eðlilegu jafnvægi. Með þessu verkefni erum við ekki bara að horfa til þess að búa til góða íþróttamenn, heldur kannski fyrst og fremst að bjóða metnaðarfullu ungu fólki upp á bestu mögulegu

aðstöðuna til þess að þroska hæfileika sína.“

Aðstöðubylting

Öllum ber saman um að aðstaðan sem risa mun í Kópavogi muni treysta undirstöðir þjálfunarstarfs fyrir íslenska afreksíþróttamenn. Stefnir er að því að bjóða upp á mikla sérþjálfunarmöguleika, þar sem afreksíþróttamönnum, í öllum mögulegum íþróttagreinum, verður boðið upp á að æfa við bestu mögulegu aðstæður. Einnig er stefnt að því að faglegt starf þjálfunar- og íþróttafræða muni að einhverju leyti fara fram í Kópavoginum í framtíðinni þar sem háskólanemar, á sviði íþrótta- og heilsurannsóknar, muni hafa starfsaðstöðu.

magnush@frettabladid.is

**GÓLF-
MOTTUR**
við innganginn
borga sig

Vörn gegn óhreinindum
og bleytu

CORAL

Úrval gólfmotta til sýnis
í verslun okkar

GÓLFBÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á

VÍSIR
VEF TV

Afreksstigið þarf meira fjármagn

Sláandi munur er á ríkisstyrkjum Íslands og nágrannaríkja okkar í Skandinavíu, þegar kemur að framlagi til íþróttahreyfingarinnar. Fólk sem starfar innan íþróttahreyfingarinnar vill sjá þessi mál í öðrum farvegi.

Afreksstarf Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands er ekki burðugt samanborið við nágrannaríki okkar í Skandinavíu, en Noregur, Svíþjóð og Danmörk, hafa haldið úti metnaðarfullu afreksstarfi í íþróttum og er staðan nú orðin sú að allar þjóðirnar eiga íþróttamenn í fremstu röð í flestum íþróttagreinum.

Innra starf sérsambandanna í þessum ríkjum er borið uppi af myndarlegu fjárframlagi frá ríkinu.

Íslenskt unglíngalandsliðsfólk, í öllum íþróttagreinum fyrir utan fótbolta, þarf sjálft að borga fyrir að keppa fyrir Íslands hönd á erlendum vettvangi en því er ófugt farið í nágrannaríkjum okkar, þar sem ungt afreksfólk er ekki látið bera kostnað af þátttöku í keppni, þegar það keppir fyrir þjóð sína.

Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, segir sérsamböndin vera fjárfurfi. „Það þarf mun meiri peninga inn í innra starf sambandanna svo hægt sé að halda úti metnaðarfullu afreksstarfi þar sem landsliðsfólk þarf ekki að borga fyrir að keppa fyrir Íslands hönd. Innra starf sérsambandanna íþróttahreyfingarinnar í þessum löndum í kringum okkur, er rekið af ríkinu. Og það er alveg ljóst að til þess að bæta afreksstarf sérsambandanna þarf að ríkið að koma að þessum málum með myndarlegri hætti. Við höfum átt gott samstarf við bæði menntamála- og heilbrigðisráðherra um afreksstarf og lýðheilsu almennt,



JÓN ARNAR MAGNÚSSON Þegar Jón var upp á sitt besta, varði hann löngum stundum í fjórungi á Saudarkróki við æfingar. Hann hefur þurft að greiða hundruðir þúsunda í ferðakostnað úr eigin vasa vegna keppnisferða fyrir Íslands hönd.

og þessi mál eru í réttum farvegi. Hins vegar verðum við að reyna að ná enn meiri árangri og það gerist aðeins með myndarlegu fjárframlagi frá ríkinu til sérsambanda.“

Jón Arnar Magnússon, sem um tíma var einn af tíu bestu tugbrautarköppum í heiminum, hefur þurft að greiða mörg hundruð þúsund krónur úr eigin vasa í fargjöld vegna keppnisferða. „Mér finnst alls ekki eðlilegt að landsliðsfólk í íþróttum þurfi að borga fyrir að keppa fyrir þjóð sína á erlendum vettvangi. Það er mikill heiður að fá að keppa fyrir landslið í íþróttum en það liggur við að það sé verið að neyða fólk til þess að keppa fyrir Ísland vegna þess að

keppendur þurfa að borga tugi þúsunda fyrir að keppa í hvert skipti. Það þarf að fá meira fjármagn inn í íþróttahreyfinguna hér á landi og koma afreksstiginu í annan farveg en það er nú. Aðeins þannig munum við eignast fleiri afreksmenn í íþróttum.“

Íþróttaakademían í Reykjanessbæ, sem hóf göngu sína í haust, býður upp á afreksbraut í samstarfi við Fjölbrotaskóla Suðurnesja. Námsbrautin miðar að því að útskrifa með reglulegu millibili afreksmenn í íþróttum. „Notast hefur verið þessu uppbyggingu á námsbrautum skóla í Noregi í meira en tuttugu ár. Þar er boðið upp á fjölda greina þar sem fólk þarf að uppfylla ákveðnar kröfur í bóknámi og íþróttum. Nemendum er tryggt aðgengi að færum þjálfurum og öll aðstaða er fyrsta

flokks. Við bjóðum upp á fjórar námsbrautir sem miða að þessu marki, en það eru fótbolta, körfubolta, golf og sund. Þetta teljum við vera hentugar greinar til þess að koma þessu verkefni af stað. Það hefur gengið afar vel með þetta verkefni það sem af er og við sjáum miklar framfarir hjá þeim nemendum sem eru á þessari námsbraut,“ sagði Geir Sveinsson, forstöðumaður Íþróttaakademíunnar.

Geir segir jafnframt að íþróttahreyfingin í landinu treysti um of á sjálfboðaliðastarf og segir nauðsynlegt að hreyfingin fá meira fjármagn til umráða heldur en hún fær nú. „Það er alveg ljóst að sjálfboðastarf heldur íþróttahreyfingunni gangandi en það er auðvitað nauðsynlegt að styrkja starfið enn frekar með ríkara fjárframlagi.“

FJÁRFRAMLAG RÍKJA TIL ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDA

ÍSLAND
74,7 MILLJÓNIR + 30 MILLJÓNIR AÐ AUKI TIL SÉRSAMBANDA OG 30 MILLJÓNIR Í AFREKSSJÓÐ

SVÍÞJÓÐ
1,4 MILLJARÐAR + AUKAFRAMLAG SEM METIÐ ER ÁRLEGA. GETUR ALLT AÐ ÞVI TVÖFALDAÐ FASTA FRAMLAGIÐ.

NOREGUR
1,8 MILLJARÐAR + AUKAFRAMLAG SEM METIÐ ER ÁRLEGA. NÆR HÆST MILLJARÐI KRÓNA.

DANMÖRK
1,3 MILLJARÐAR + AUKAFRAMLAG SEM METIÐ ER ÁRLEGA. GETUR ALLT AÐ ÞVI TVÖFALDAÐ FASTA FRAMLAGIÐ.

HELSTI MUNUR
-LANDSLIÐSFÓLK Í ÍÞRÓTTUM ÞARF EKKI AÐ BERA KOSTNAÐ AF ÞÁTTTÖKU SINNI Í KEPPNUM FYRIR HÖND NOREGS, SVÍÞJÓÐAR OG DANMERKUR.
-HÉR Á LANDI ÞARF LANDSLIÐSFÓLK Í FLESTUM TILFELNUM AÐ BORGNA FYRIR SIG.

Risajól

MEDION®

42" Plasmasjónvarp MD35798

- Mynd í Mynd (PIP)
- Tveir sjónvarpsmóttakarar
- Mikil skerpa, 5000:1
- Birta 1000cd/m2
- Textavarp með 2100 síðna minni
- HDTV stuðningur, 720p, 1080i
- HDCP stuðningur
- Innbyggðir víðóma hátalarar
- Vönduð ál yfirbygging
- Styður PAL/NTSC/SECAM
- DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
- 2 EURO SCART tengi
- Composite video tengi (RCA)
- S-Video tengi (MINI DIN)
- Þyngd án stands: 38kg
- Þyngd með standi: 42kg

WIDE SCREEN

HDTV READY

Þúsk gæði!

Líftími 30.000 klst áður en dregur úr gæðum myndarinnar. Miðað við 4 klst áhorf á dag þá er endingin 21 ár.



Lækkað verð

16.666

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

199.992

STADGREITT

Bættu við kr. aðeins

1.999

á mánuði og fáðu Sony heimabíó og 14 DVD myndir*



*gildir með Medion MD35798, JDV42" og JDV32"

330 RMS wött

SONY

DAV-SB100 - heimabíókerfi með DVD spilara

Gildir fyrir öll sjónvörpin á síðunni

42" Plasmasjónvarp



13.999

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

167.988

JDV

JDV42 Plasmasjónvarp

- 42" SAMSUNG V4 SKJÁR • BIRTA 1000 CD / M2 • UPPLAUSN 852(H) x 480(V) WXGA • SKERPA 3000 : 1
- LITIR 16.77 MILLJÓN • VIDBRAGDSTÍMI 8ms • HLJÓÐ (8W x 8W) RMS • HD TILBÚINN 1080i * 1920
- 160° SJÓNHORNI • GRÁTT / SILFUR HÖNNUN • FJARSTÝRING FYLGIR • Hægt að tengja beint við tölvu með DVI tengi
- VEGGFESTINGAR FÁANLEGAR

32" LCD sjónvarp



Vinsælasta 32" LCD sjónvarp Íslands

10.999

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

131.988

JDV

JDV 32" LCD flatsjónvarp

- Upplausn 1366 X 768 • Mynd í Mynd (PIP) • Contrast 800:1 • Birta 550cd/m2
- HD samhæft - styður 1080i/720p/576p/480p • Textavarp - 120 síðna minni • Magnari og hátalarar 2x 7W RMS SRS
- Tengir: 2 Scart / RGB / S-VHS / Component • DVI / PC-inngangur / Tengi fyrir heyrmatól • Fjarstýring

BT

JÓLADAGATALIÐ!

Sendu SMS skeytið **BT RVK** á númerið **1900** og þú gætir unnið!

10. hver vinnur eitthvað af þessu hér:

- MEDION V8 X2 tölvur • PANASONIC heimabíó • DENVER DVD spilarar • PANASONIC minidú tölvuvélar • Sony Stafrannar myndavélar • GSM símar • Jólaflokkur • PSP tölvur • Sony MP3 spilarar • Konfekt frá Mía Sírus • PlayStation 2 tölvur • Búnaðar fyrir tvo á The Family Stone • Fullt af geislaþlötum • CocaCola Kippur • Fullt af DVD • Viking Malt kippur • Fullt af tölvuleikjum • Fri ADSL áskrift hjá BTnet!



TEDDY SHERINGHAM Spilar hann eitt ár í viðbót með West Ham?

Pardew vill ekki missa Teddy:

Sheringham ekki hættur?

FÓTBOLTI Alan Pardew, knattspyrnustjóri enska úrvalsdeildarliðsins West Ham, hefur staðfest að hann sé að reyna að fá Teddy Sheringham til að framlengja samning sinn við félagið. Sheringham mun halda upp á fertugsafmæli sitt í apríl og var fastlega reiknað með því að hann myndi leggja skóna á hilluna að loknu tímabili. Hins vegar hefur hann spilað mjög vel á þessu tímabili og ef hann heldur því áfram sér Pardew ekki hvers vegna hann ætti að hætta.

„Við ætlum að tala við Teddy strax eftir tímabilið um framtíðina. Ég veit að honum sjálfum finnst sem hann geti spilað áfram án nokkurra vandræða og myndi skrifa undir tíu ára samning strax í dag ef hann fengi færi á. Þrátt fyrir aldurinn tel ég að hann sé alls ekki búinn,“ sagði Pardew. -egm

Upprísar sem er engri lík

Fyrir sjö árum féll Doncaster Rovers úr enskri deildakeppni. Í dag hefur liðið sett markmiðið á sæti í 1. deildinni og framundan er draumaleikur gegn Arsenal.

FÓTBOLTI Frammistaða 2. deildarliðsins Doncaster Rovers í ensku deildarbikarkeppninni í ár hefur verið lygin líkust. Liðið er nú komið í átta liða úrslit keppinnar eftir að hafa gjörsigrað Aston Villa í vikunni 3-0 en þar áður hafði liðið borið sigurorð af Manchester City í sömu keppni. Liðið er í áttunda sæti 2. deildarinnar í Englandi og á hraðri uppleið en það sem færri vita er að fyrir minna en áratug var allt útlit fyrir að félagið yrði lagt niður.

Árið 1998 féll Doncaster úr 3. deildinni niður í utandeildina á Englandi, eftir að hafa fengið lánaðar keppnistreyjur frá Sheffield United í síðustu leikjum tímabilsins þar sem félagið hafði ekki efni á sínum eigin. Félagið var rústir einar og enginn hafði áhuga á að koma með fjármagn inn í það. Þá ákvað John nokkur Ryan, stuðningsmaður Doncaster til fjölda ára, að taka áhættu og veita félaginu stuðning til að komast á ról á nýjan leik. Á örskömmum tíma varð Ryan að hetju innan félagsins, enda dreif hann alla með sér með sínum mikla metnaði, bjartsýni og ósérhlífni. Doncaster náði strax að vinna sér aftur sæti í deildarkeppninni en sat fast í 3. deildinni allt til ársins 2001. Þá kom til skjalanna knattspyrnustjórinn Dave Penney, sem ásamt Ryan á langstærstan þátt í upprisu Doncaster en í heildina hefur Ryan lagt 500 milljónir króna í starfsemi félagsins.

Penney fékk til félagsins vel valda leikmenn sem voru án samnings og árið 2003 vann liðið sig upp í 2. deildina. Þar kom liðið gríðarlega á óvart og varð



